



SKOÐUN Sigurður Oddsson vill nýjan Landspítala í Fossvog. **13**



MENNING Nýtt úr norrænum kvikmyndaheimi í Norræna húsinu. **18**



LÍFIÐ Fékk áfall við innngöngu í Den Danske Filmskole. **26**



SPORT Stjarnan fékk dýrmætan liðsstyrk í körfuboltanum fyrir næsta vetur. **22**

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

15. apríl 2015
87. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Uppsöfnuð þörf fyrir fjárfestingu

Það er uppsöfnuð þörf á uppbyggingu á afþreyingu í ferðapjónustu, að mati Helga Júlíussonar, sjóðs stjóra hjá Landsbréfum. Sjóðurinn ITF 1 tekur þátt í uppbyggingu á Óbyggðasetri í Fljótsdal og skoðar fjárfestingu í Eldfjallasetri á Hvolsvelli. **4**

FRÉTTIR



Ná betur til kvenna


Frú Ragnheiður hefur sinnt um 450 einstaklingum frá árinu 2009. Þjónustan hefur skilað sér í töliverðri fækkun á HIV-smitum meðal fólks sem sprautar vímuefnum í æð. **2**

Kynferðisbrot í svefni

Kona sem ákærð er fyrir kynferðisbrot vill fá geðlækni til að meta hvort hún þjáist af kynferðislegri svefnröskun eða sexsomnia. **2**

Neyslan breyttist ekki

Neysluáhrif sykurskatts voru lítil. Almennigur hélt áfram að kaupa sykraðar vörur og hagnaður ríkissjóðs fór því fram úr áætlun. **8**



2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



VIÐ REYKJADALSSTÍFLU Þeir sem komu að björguninni í gær höfðu á orði hversu erfiðar aðstæður voru á slysstað. Drengirnir báðir voru í læknum þegar að var komið. Vegfarandi reyndi að bjarga þeim án árangurs. Lögregluþjónn lenti jafnframt í hættu við björgunarstörf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Alvarlegt slys í bæjarlæknum í Hafnarfirði

Tveir drengir lentu ofan í fossi við stífluna í bæjarlæknum í Hafnarfirði. Endurlífgunartilraunir tókust á öðrum en hinum var haldið sofandi í öndunarvél þegar Fréttablaðið fór í prentun. Tveir fullorðnir í bráðri hættu við björgunarstörf.

SLYS Alvarlegt slys varð við Reykdalsstíflu í Hafnarfirði um miðjan dag í gær þegar tveir drengir féllu í foss sem fellur af stíflunni. Stíflan er við Lækjarkinn í Hafnarfirði, steinsnar frá Lækjarskóla.

Lögreglunni barst tilkynning um slysið klukkan 14.33. Erfiðlega gekk að koma drengjunum til bjargar vegna þess hversu mikill straumur var í rennunni neðan við fossinn.

Annar drengjanna komst til meðvitundar fljótlega eftir að endurlífgunartilraunir hófust. Hinum drengnum var samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum haldið sofandi í öndunarvél þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Karlmaður á þrítugsaldri reyndi að koma drengjunum

tveimur til bjargar. Þegar lögreglu bar að garði var maðurinn aðframkominn. Lögregluþjónn var einnig hætt kominn við björgunarstörf þegar hann reyndi að bjarga drengjunum. Að mati lögreglunnar voru þeir báðir í bráðri hættu enda aðstæður á vettvangi afar erfiðar. Fór svo að þeir náðu drengjunum upp á bakkann og hófust þá endurlífgunartilraunir. Fljótlega eftir slysið voru starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar komnir á vettvang til að kanna aðstæður á slysstað. Tæknideild lögreglu var einnig við störf á vettvangi í gær. Markmið þeirrar vinnu er að fyrirbyggja að slys sem þessi gerist aftur við lækinn. Stíflan og slysstaðurinn eru ekki girt af.

Maðurinn sem kom að björg-

→ Fjórir hætt komnir

- Lögreglu barst tilkynning um slys í Hafnarfirði klukkan 14.33.
- Tveir drengir voru hætt komnir við Reykdalsstíflu.
- Báðir drengirnir fluttir á Landspítala, annar meðvitundarlaus. Tveir fullorðnir einnig hætt komnir.

un drengjanna var einnig fluttur á sjúkrahús til aðhlyningar. Honum, auk allra viðbragðsaðila sem komu að málinu, mun verða veitt áfallahjálpar vegna slyssins.

Ákveðið var að ráðast í endurbýggingu Reykdalsstíflu árið 2006 til að minnast 100 ára afmælis Rafveitu Hafnarfjarðar.

- SA

Hæri taxtar hækka mest: Kröfur frá 17 til 70 prósentu

KJARAMÁL Að baki lausum kjarsamningum sem unnið er að eru á bilinu 120 til 130 þúsund manns.

Heimildir Fréttablaðsins herma að kröfur ólíkra stéttarféлага hlaupi frá því að vera um 17 til 25 prósent í samningum til 12 mánaða yfir í 50 til 70 prósentu kröfur í samningum sem ná yfir þrjú ár.

Kröfurnar eru sagðar úr takti við launaþróun ólíkra hópa og ýta undir verðbólguþál sem kalli á ríflegar vaxtahækkunar Seðlabankans. - ÓKÁ / SJÁ SÍÐU 4

Skattur í stað náttúrupassa: Gistináttaskattur skilar miklu

FERÐAÞJÓNUSTA Innheimta gistináttaskatts hefur skilað 670 milljónum króna

síðan gjaldtaka hófst árið 2012. Þetta kom fram í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller, þingmanns Samfylkingarinnar, um innheimtu skattsins.

Um 1,5 milljörðum króna hefur verið úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða frá 2012. - SHÁ / SJÁ SÍÐU 6

Fá 33 prósentu hækkingu:

Laun stjórnarmanna hækka

KJARAMÁL Laun stjórnarmanna HB Granda hækka um 33 prósent á næsta ári eða úr 150 þúsund krónum í 200 þúsund krónum. Þetta var samþykkt á aðalfundi HB Granda sem haldinn var 10. apríl síðastliðinn.


Landverkafólk hjá HB Granda kys um þessar mundir um hvort þeir fari í verkfall en þeim hefur verið

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, vekur athygli á þessu á vefsíðu verkalýðsfélagsins og bendir á að það sé kaldhæðnislegt að stjórnin skuli hljóta svo ríflega launahækkun á sama tíma og landverkafólk hjá fyrirtækinu kjósi um verkfall um þessar mundir.

Ástæða verkfallskosninganna er að starfsmönnum hefur einungis verið boðin launahækkun upp á 3,3 prósent. - SFS

Bíll ársins 2015 í Evrópu frumsýndur 18/04/15.

VEÐUR



Hæg suðvestlæg átt, víða bjart og sólríkt. Hiti 2 til 8 stig.

SIÐA SÍÐU 16

Vill fá geðlækni til að meta hvort ákærða þjáist af kynferðislegri svefnröskun eða sexsomnia:

Telur sig hafa framið kynferðisbrot í svefni

DÓMSMÁL Í vikunni verður farið fram á mat frá geðlækni í kynferðisbrotamáli þar sem kona er ákærð fyrir kynferðisbrot gegn annarri konu.

Atvikið átti sér stað í heimahúsi á Selfossi í ágúst á síðasta ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ber hin ákærða fyrir sig að hafa verið sofandi þegar atvikið átti sér stað og muni þess vegna ekki eftir því.

Lögmaður hinnar ákærðu, Krístrún Elsa Harðardóttir, stað-

festir að í vikunni verði lögð fram matsbeiðni í Héraðsdómi, þar sem farið verður fram á að geðlæknir geri mat á því hvort konan þjáist af kynferðislegri svefnröskun eða sexsomnia.

Um er að ræða víðurkennda svefnröskun sem lýsir sér þannig að manneskja tekur þátt í eða viðhefur kynferðislegar athafnir í svefni og man ekki eftir því. Oft bitnar það á þeim sem deilir rúmi með viðkomandi þar sem sá er ekki endilega samþykktur gjörð-

unum. Röskunin er sjaldgæf og algengari meðal karla heldur en kvenna.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur ekki verið farið fram á slíkt mat áður hérlandis. Hins vegar eru fordæmi fyrir því erlendis, meðal annars í Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi og Kanada. Dæmi eru um að sýknað hafi verið í kynferðisbrotamálum þar sem viðkomandi hefur verið haldinn þessari röskun.

-vh



SVEFNROSKUN Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins segist konan ekki muna eftir atvikinu þar sem hún hafi verið sofandi. NORDICPHOTOS/GETTY



KOMNIR Í FEITT Mikið hefur sést af mávum á golfvelli í Kópavogi eftir að kjötmjöl var borið á hluta vallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kjötmjöl var borið á hluta golfvallar Golfklúbbs Kópavogs:

Matarveisla fyrir mávahópa

SAMFÉLAG Starfsmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar báru kjötmjöl á Kópavogshluta golfvallar félagsins í síðustu viku. Heyrst hefur um nágretta sem hafa kvartað undan ólykt og flokkum af mávum en Guðmundur Árni Gunnarsson vallaarstjóri segist ekki kannast við það.

-gar

Aðstöðu þingsins ábótavant:

Spyr um aukið fé til þingsins

STJÓRNMÁL Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, lagði í gær fram fyrirspurn til forseta Alþingis um kostnaðaráætlun með nefndarálitum. Jón spyr hvort forseti hafi kallað eftir auknu fjármagni til að þingið geti sinnt sínu lögbundna hlutverki við að útbúa kostnaðaráætlunir háð álitum framkvæmdavaldsins. Alþingi hefur í dag ekki aðstöðu til að búa til sjálfstætt mat eftir meðferð mála í nefndum.

-sfs

Nagladekkin fara af í dag:

Engar sektir vegna veðurs

SAMGÖNGUR Í dag lýkur notkunartíma nagladekkja yfir vetrinum en notkun nagladekkja er óheimil á milli 15. apríl og 1. nóvember. Þetta kemur fram á heimasíðu lögreglunnar.

Þá mun lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ekki byrja að sekta fyrir notkun nagladekkja fyrr en vetraraðstæðum lýkur.

Sekt fyrir að aka á nagladekkjum yfir sumartímann er 5.000 krónur.

-sfs

Ná betur til kvenna í vímuefnaneyslu

Frú Ragnheiður hefur sinnt um 450 einstaklingum frá árinu 2009. Sífelld fleiri sækja sér þjónustuna á ári hverju. Þjónustan hefur meðal annars skilað sér í töluverðri fækkun á HIV-smitum á meðal fólks sem sprautar vímuefnum í æð.

VELFERÐARMÁL „Við mætum þeim þar sem þau eru stödd. Að þau upplifi að rýmið í Frú Ragnheiði sé fyrir þau, að þar eru þau ekki dæmd, þurfa ekki að upplifa skömm og geta talað um þessa hluti á mjög eðlilegan hátt. Þannig geta þau treyst okkur fyrir spurningum sem liggja á þeim og spjallað við okkur um vímuefnaneyslu og bara lífið,“ segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastýra Frú Ragnheiðar, skaðaminnkandi verkefnis á vegum Rauða krossins í Reykjavík.

Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2009 og hefur þann tilgang að ná til jafnarhópa samfélagsins sem erfitt reynist að nálgast, eins og heimilislausra og einstaklinga í miklum fíknivanda, og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu og almenna heilsuvernd í þeirra nærumhverfi. Um 450 einstaklingar hafa nýtt sér þjónustuna.

Svala segir fjölgun vera á meðal þeirra sem nýta sér þjónustuna en þau viti þó ekki hvort hópurinn sé að stækka eða þau séu að ná til fleiri. Þjónustan er starfrækt fimm sinnum í viku frá klukkan 18 til 21 og fer á ákveðna staði til þess að hitta fólk þar sem það getur fengið heilbrigðisaðstoð og sótt sér hreinan sprautubúnað.

Í janúar var tekin upp ný þjónusta, notendasími, þar sem hægt er að hringja og biðja um að láta hitta sig á ákveðnum stöðum. Að sögn Svölu hefur það skilað miklu árangri. „Þessi þjónusta hefur mest verið notuð af ungum konum og nær eingöngu af konum. Það er mikið fagnaðarefni að vera komin með tæki sem nær til kvenna,



FRÚ RAGNHEIÐUR Svala er verkefnastýra Frú Ragnheiðar. Bíllinn keyrir um fimm daga í viku frá 18-21. Nýlega var tekinn í notkun notendasími sem hægt er að hringja í og biðja um að láta hitta sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hingað til hafa um 60 prósent þeirra sem leita í Frú Ragnheiði verið karlmenn þannig að við erum mjög ánægð að vera komin með tæki sem nær til kvenna.“

Svala segir Frú Ragnheiði hafa skilað árangri, meðal annars í fækkun á HIV-smitum á meðal fólks sem sprautar vímuefnum í æð. „Það hefur orðið gríðarleg lækkun. Á árunum 2009 til 2012 voru 34 einstaklingar sem smituðust af HIV úr þessum hópi, en 2013 og 2014 var aðeins einn á ári sem smitaðist af HIV. Það bendir allt til þess að Frú Ragnheiður hafi haft gríðarlega mikil áhrif á viðhorf og gildi fólks sem sprautar vímuefnum í æð, en fræðslugildið er eitt af aðalmarkmiðum okkar. Að fræða

„Það hefur til dæmis orðið mikil aukning í að fólk komi til okkar og skili nálaboxum sem við förum svo með í förgun.“

Svala Jóhannesdóttir, verkefnastýra Frú Ragnheiðar.

fólk um skaðaminnkandi leiðir í sprautunotkun og gefa þeim tækifæri á að taka ábyrgð á eigin vímuefnaneyslu. Það hefur til dæmis orðið mikil aukning í að fólk komi til okkar og skili nálaboxum sem við förum svo með í förgun.“

viktoria@frettabladid.is

Aðgerðaleysi sagt að óbreyttu valda skorti á matvælum og skerða lífsgæði:

Ráðherra eigi að gefa út kvóta

STJÓRNSÝSLA Í erindi Félags atvinnurekenda (FA) til atvinnuvegaráðuneytisins er farið fram á að ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða verði kölluð saman vegna yfirvofandi verkfalls dýralækna frá og með næstkomandi mánudegi.

Í bréfinu er vísað til fréttar Fréttablaðsins í gær um að slátrun muni stöðvast í verkfallinu og að þá sé stutt í skort á svína-, kjúklinga- og nautakjöti í verslunum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, bendir í bréfinu á að landbúnaðarráðherra beri, samkvæmt 65. grein búvörulaga, skylda til að gefa út opinn innflutningskvóta á lægri tollum, þegar framboð búvöru er ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði.

„Félag atvinnurekenda fer þess á leit við ráðuneytið að það kalli saman ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða og nefndin undirbúi að gefa þegar í stað út opinn tollkvóta fyrir fjölbreytilegt úrval nauta-, alifugla- og svínakjöts, komi til verkfalls,“ segir í bréfinu. Með skjótum við-



KJÖT Í KÆLI BÓNUS Birgðir lambakjöts eru sagðar duga til hausts dragist verkföll á langinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

brögðum nefndarinnar og ráðherra megi afstýra kjötskorti og tryggja fæðuöryggi landsmanna. „Aðgerðaleysi stjórnsýslu mun á hinn bóginn, að óbreyttu, valda skorti á nauðsynlegum matvælum, skerða lífsgæði og skaða allan almenning í landinu.“

-af, óka




Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16



Tilboð: 2.890.000 kr.

Volkswagen Passat Comfort UGB66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.



Tilboð: 2.690.000 kr.

Volkswagen Tiguan Sport AWD NXG83
Skráður maí 2008, 2,0TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.



Verð: 890.000 kr.

Citroën C3 SX UI48
Skráður júlí 2007, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 95.000 km.



Tilboð: 2.090.000 kr.

Toyota Yaris Terra KBM99
Skráður ágúst 2013, 1,0i bensín, beinskíptur
Ekinn 15.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr. í ábyrgð

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Tilboð: 2.490.000 kr.

Chevrolet Cruze LT2 LGM75
Skráður október 2012, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 2.650.000 kr.



Tilboð: 1.190.000 kr.

Ford Escape XLS AWD LI474
Skráður janúar 2007, 2,3i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 167.500 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.



Tilboð: 1.490.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN

Skoðu fleiri
dæmi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð: 1.190.000 kr.

Ford Mondeo Ghia KJ785
Skráður apríl 2007, 2,0i, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 149.000 km.
Ásett verð: 1.390.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



Tilboð: 3.990.000 kr.

Volvo V40 Momentum MGM10
Skráður desember 2013, 1,6TDCI dísil, beinskíptur.
Ekinn 11.600 km.
Ásett verð: 4.290.000 kr.



Verð: 6.990.000 kr.

Ford Explorer Limited 4x4 EMH08
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfsskiptur
Ekinn 102.000 km.



Tilboð: 1.990.000 kr.

Toyota Yaris Terra PMX12
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskíptur
Ekinn 22.500 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr. í ábyrgð



Verð: 3.890.000 kr.

Ford Grand C-MAX Titanium BYB71
Skráður júní 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 55.000 km.



Verð: 690.000 kr.

Skoda Octavia EG970
Skráður maí 2006, 1,8i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 206.000 km.



Verð: 7.990.000 kr.

Volvo XC90 Summum D5 AWD TIL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarinn fara
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

SPURNING DAGSINS



1. Hvaða íslenska hljómsveit keppir á Wacken Open Air í Þýskalandi í júlí?
2. Hvað sigraði Bryndís Rún Hansen í mörgum einstaklingsgreinum á ÍM í 50 m laug?
3. Hvenær á að opna útilaug við Sundhöllina?

SVÖR:
2017.

1. In the Company of Men, 2. Fimm, 3. Vorð

Rannsa framleiðslu sjávarafurða og samkeppnishæfni sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðamarkaði: Matís leiðir 750 milljóna Evrópuverkefni

RANNSÓKNIR Matís hóf í gær stórt verkefni í krafti 750 milljóna króna styrks úr ranni áttundu rammaáætlunar Evrópu á sviði rannsókna og þróunar (Horizon 2020). Verkefnið snýst um framleiðslu sjávarafurða og hvernig bæta má samkeppnishæfni sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðamarkaði.

Verkefninu er stjórnað af dr. Guðmundi Stefánssyni, fagstjóra hjá Matís, en verkefnið er það þriðja á fáum árum sem Matís

stjórnar á sviði virðisbætur sjávarfangs innan Evrópu (EcoFishMan og MareFrame), segir á heimasíðu Matís.

Tilfni rannsóknarinnar er að samkeppnishæfni margra evrópskra sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtækja hefur átt á brattann að sækja undanfarin ár og vöxtur í sjávarútvegi í álfunni hefur verið takmarkaður. Markmið PrimeFish er að greina helstu ástæður og koma með tillögur að úrbótum sem stuðla að aukinni nýsköpun og

samkeppnishæfni og hvetja vöxt innan greinarinnar.

PrimeFish er fjögurra ára verkefni og taka þátt í því fyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskólar. Þeirra á meðal eru Kontali, Syntesa, INRA, Nofima, Háskóli Íslands, háskólarnir í Álaborg, Parma, Stirling, Pavia, Nha Trang-háskólinn í Vietnam og Memorial-háskólinn í Kanada. Talsverður fjöldi hagaðila, svo sem sjávarútvegsfyrirtæki, tekur jafnframt þátt í verkefninu.



Í FISKBORÐINU Fiskur er ekki bara fiskur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PORLÁKSHÖFN Fólksfækkun hefur valdið ráðamönnum í Ölfusi hugarangri síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Botninum var náð í febrúar:

Íbúum í Ölfusi fjölga nú aftur

SVEITARSTJÓRNARMÁL Íbúum hefur fjölgað ört í Ölfusi síðustu tvo mánuði eftir að botni var náð í íbúafjölda í febrúar.

Fram kemur á vef sveitarfélagsins að í febrúar hafi verið 1.882 íbúar skráðir, en nú séu þeir orðnir jafnmargir og þeir hafi verið í júlí á síðasta ári, eða 1.903.

Fram kemur að fólksfækkunin hafi verið rædd á vettvangi sveitarfélagsins og að fagnefndir og bæjarstjórn hafi rætt leiðir til að „snúa vörn í sókn og kynna þá mörgu kosti sem sveitarfélagið býr yfir“.

- óká

Myglusvepp má finna víða:

Greindu 422 sveppasýni 2014

RANNSÓKNIR Náttúrufræðistofnun Íslands rannsaði 422 sveppasýni frá 143 stöðum á landinu árið 2014. Að auki var 75 fyrirspurnum um myglusveppi innanhúss svarað.

Greind voru 210 sýni frá 80 stöðum fyrir einstaklinga og niðurstöðum skilað með tölvuskeyti. Þá voru 145 sýni frá 36 stöðum greind fyrir ýmsa þá sem ýmist byggja hús, eiga hús, sjá um hús fyrir eigendur þeirra, eru ráðnir til að gera við skemmd hús eða til þess að meta það tjón sem orðið hefur á húsi, eins og segir í ársskýrslu NÍ.

- shá

Kröfur við samningaborðið hlaupa á 17 til 70 prósentum

Kröfur stéttarfélaganna eru ekki sagðar bera með sér að verið sé að semja sérstaklega um hækkun lægstu launa. Um sé að ræða „blindar“ kröfur upp á tugi prósentu á launapróun ólíkra hópa.

KJARAMÁL Kröfur ólíkra hópa í yfirstandandi kjarasamningum fela í sér hækkun launa á bilinu 17 til um 70 prósent samkvæmt heimildum blaðsins. Samningar sem nú er unnið að ná til um 120 til 130 þúsund manns á vinnumarkaði.

Sömu heimildir herma að innan ræða viðsemda félaganna séu kröfurnar taldar óbíljgarnar og fela í sér kröfur sem taki ekki á nokkurn hátt tillit til stöðu og launapróunar einstakra hópa. Um sé að ræða „blindar“ kröfur um launahækkunir upp á tugi prósentu. Þá beri þær með sér að ekki sé um að ræða afmarkaða aðgerð til að hækka lægstu laun sérstaklega.

Bent hefur verið á að tölur um launapróun ólíkra hópa beri ekki í sér tölur sem leiða áttu til ófriðar á vinnumarkaði. Þannig sé þróun launa ólíkra hópa nokkuð jöfn frá árinu 2006 þegar hún er borin saman línulega, líkt og sjá má hér til hliðar.

Í grein sem Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, ritaði í efnahagsritið Vísbandingu í byrjun mars benti hann á að Seðlabankanum væri nauðugur einn kostur að hækka stýrivexti, yrðu hækkunir launa umfram það sem samrýmdist verðbólgu markmiði bankans. Í febrúar kynntu Samtök atvinnulífsins (SA) líka sviðsmynda-greiningu ólíkra kjarasamninga. Þar nefndist ein „eltum lækna“ og miðaðist við 30 prósentu uppsafnaða launahækkun á þremur árum. Í greiningu á þeim aðstæðum var gert ráð fyrir að verðbólga yrði um 27 prósent og að árshraði verðbólgu færi mest í 14 prósent og stýrivextir í 12 prósent.

ollik@frettabladid.is



Í KARPÚSINU Magnús Pétursson ríkissáttasemjari sækir hér stólinn á samningafund í Borgartúninu um daginn. Mikið virðist enn bera á milli í samningum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

LAUNAPRÓUN Sjá má launapróun lækna neðst en efst skarast línur KÍ og ríkisstarfsmanna hjá ASÍ. Gert er ráð fyrir 5 prósentu hækkun launa hjá þeim sem ekki hafa lokið samningi.

Helstu kröfur stéttarfélaganna við samningaborðið

- Starfsgreinasambandið:** Farið er fram á 50 til 70 prósentu hækkun launa, þar sem hlutfallsleg hækkun er mest á hæstu taxa, vegna þess að munur er aukinn milli launaflokka og aldursþrepa. Lægsti taxti verði 300 þúsund krónur á mánuði innan þriggja ára. Meðallaun hópsins eru nú sögð um 430 þúsund krónur á mánuði.
- Flóabandalagið:** Farið er fram á 35 þúsund króna hækkun lægstu byrjunarlauna. Aukið bil á milli launaflokka og aldursþrepa er sagt fela í sér 17,5 til 22 prósentu hækkun launataxta. Þá er krafist 33 þúsund króna almennrar hækkunar sem samsvarar um 10 prósentu hækkun að meðaltali á launum þeirra sem taka hærri laun en samkvæmt lágmarkstöxtum. Samið verði til 12 mánaða.
- VR:** Krafist er 50 þúsund króna launapróunartryggingar sem myndi svara um 20 prósentu hækkun tekjulægstu hópanna, en að meðaltali 10 prósentu hækkun á launum sem eru yfir umsömdum lágmarkstöxtum. Félagið segir kröfuna auka launakostnað um 5,65 prósent. Samið verði til 12 mánaða.
- Iðnaðarmenn:** Almenn launahækkun verði 20 prósent. Hækkun lægsta taxa nemi 100 þúsund krónum, en taxtahækkunir verði á bilinu 37 til 44 prósent, mest á hæsta taxa. Þá sé krafist enn meiri hækkana hjá Matvís sem séu með lægri taxa en hinir hóparnir. Samið verði til 12 mánaða.
- BHM:** Lægsti taxti hækki um 50,9 prósent, úr 265 þúsundum í 400 þúsund krónur. Í tilfalli einstakra hópa stéttarféлага innan BHM er svo sagt krafist enn meiri hækkana. Samningstími verði allt að þrjú ár.
- BSRB:** Farið fram á 17 til 25 prósentu hækkun launa. Vinnuvika verði stytta og laun leiðrétt miðað við almennan vinnumarkað, auk fleiri þátta. Samningstími verði 12 mánuðir.

Ú
ÚRVAL ÚTSÝN

Perlur Evrópu
– ÍTALSKA RÍVIERAN OG SLÓVENÍA

OPIÐ HÚS Í HLÍÐASMÁRA
KYNNING Á GLÆSILEGUM SÉRFERÐUM Í SUMAR.
Fararstjórnarnir Ása María og Ágústa Sigrún kynna ferðirnar og svara fyrirspurnum.
FIMMTUDAGINN 16. APRÍL KL. 17:30 Í HLÍÐASMÁRA 19.
HEITT Á KÖNNUNNI.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

Segja ákvörðun stjórnvalda alfarið stýra boðuðum aðgerðum sjóðsins: Gildi skerðir lífeyrisréttindin

KJARAMÁL Til stendur að skerða lífeyrisréttindi sjóðsfélaga hjá Gildi lífeyrissjóði vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að lækka örorkuframlag til sjóðsins.

Tillaga stjórnar Gildis þar að lútandi verður tekin fyrir á aðalfundi í dag.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, segir í samtali við Fréttablaðið að örorkuframlagið hafi verið nýtt til að hækka lífeyrisgreiðslur og að það hafi undanfarin ár aukið réttindi fólks um 4,5 prósent. Lækkun framlagsins nú verði til þess að í stað 4,5 prósentu hækkunar lífeyris hjá sjóðnum verði hún bara 4,2 prósent.

„Svo höfum við líka áhyggjur af því að stjórnvöld haldi sig við áform um að fella þetta gjald

algjörlega niður á fimm árum,“ segir Árni.

Lækkunin fari algjörlega gegn áformum stjórnvalda um að jafna lífeyrisréttindi landsmanna. Þá auki hún á mismunum sjóða, því hún bitni ekki á opinberum lífeyrissjóðum þar sem ríkið tryggir greiðslur.

„Okkur finnst skjóta mjög skökku við að þetta skuli lagt á sjóði verkafólks og sjómanna sem kannski þurfa fremur en aðrir að bera þessa örorkubyrði,“ segir Árni.

Um leið segir Árni alvarlegt að horfið sé frá samkomulagi sem verið hafi hluti af kjarasamningum 2005 og bundið í lög 2006.

„Það er verið að svíkja núna,“ bætir hann við.



ÁRNI GUÐMUNDSSON Framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs segir lækkun á lífeyrisréttindum alfarið til komna vegna ákvörðunar stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

- óká

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.hyundai.is



Hyundai i10 / Sjálfskiptur
Verð: 2.470.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*

*Míðað við uppgæfnar tölu í framleiðenda um eidsneyðisnókun í blönduðum akstri.

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil, sjálfskiptur
Verð: 5.990.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*

Hyundai Santa Fe



Fjór hjóladrif / Dísil, sjálfskiptur
Verð frá: 6.990.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*

Hyundai i30



Verð frá: 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

Umboðsaðilar:

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

SVONA ERUM VIÐ



71.475 gistinætur voru skráðar í skálum í óbyggðum hér á landi á síðasta ári. Þar af voru **17.239 gistinætur skráðar á Íslendinga í bókum hagstofunnar, en 54.236 á útlendinga.** Þetta er töluverð aukning frá árinu 2010 þegar gistinæturnar í skálum í óbyggðum voru 50.517, þar af 22.270 Íslendingar en 28.247 útlendingar.

Víða um heim var þess minnst í gær að ár er liðið frá því að meira en 200 stúlkum var rænt í Nígeríu: Milljón börn á flóttu undan Boko Haram

NÍGERÍA Hundruð manna komu saman í höfuðborginni Abuja í Nígeríu í gær til að minna á meira en 200 stúlkur sem liðsmenn Boko Haram rændu úr skóla í Chibok fyrir réttu ári, þann 14. apríl 2014. Ættingjar stúlkanna krefjast þess að stjórnvöld geri meira til þess að frelsa stúlkurnar.

Víða um heim var einnig efnt til athafna til að minna á stúlkurnar, sem nú hafa flestar verið í heilt ár í haldi þessa pólitíska sértrúarsafnaðar sem hefur lagt undir sig

stór svæði í norðaustanverðri Nígeríu.

Bæði Amnesty International og UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, sendu frá sér ítarlegar skýrslur í gær um ástandið í Nígeríu.

Skýrsla Amnesty nefnist „Verk efni okkar er að skjóta, slátra og drepa“ og fjallar um ógnarstjórn Boko Haram. Undanfarin fimm ár hafa liðsmenn Boko Haram drepið þúsundir manna, þar af 4.000 á síðasta ári og að minnsta

kosti 1.500 manns það sem af er þessu ári. Samtökin hafa rænt að minnsta kosti tvö þúsund mönnum og hrakið milljón manna frá heimilum sínum. Voðaverk samtakanna hafa haft gríðarleg áhrif á líf milljóna manna.

Skýrslan frá UNICEF nefnist „Horfin barnæska“ og þar er sjónum beint sérstaklega að áhrifum þessa ógnarástands á börn. Þar kemur fram að meira en 800 þúsund börn hafa hrakist að heiman á þessum svæðum.



MÓTMÆLI Í ABUJA Fjöldi fólks safnaðist saman í gær og skoraði á Muhammadu Buhari, nýkjörinn forseta, að grípa til aðgerða. NORDICPHOTOS/AFP

Frá kr. **220.900** m/allt innifalið

Vorferð eldri borgara
26. apríl í 22 nætur

Tenerife

Netverð á mann frá kr. 220.900 á Villa Adeje Beach m.v. 2 fullorðna í íbúð. Fleiri gististaðir í boði.
Fararstjórar: Trausti Hafsteinsson og Rún Kormáksdóttir

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIKKA

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn **þriðjudaginn 21. apríl kl. 18** að Stórhöfða 27 1.hæð, í sal Rafiðnaðarskólans. Gengið inn Grafarvogsmegin.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning fulltrúa á ársfund Stafa, lífeyrissjóðs
3. Lagabreytingar
4. Önnur mál

Kveðja
Stjórnin

Skattur á gistinætur skilað 670 milljónum

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur úthlutað 1,5 milljörðum í styrki á þremur árum. Tæpur helmingur fjárens er kominn frá 100 króna gistináttaskatti.

FERÐAÞJÓNUSTA Innheimta gistináttaskatts hefur skilað 670 milljónum króna síðan gjaldtakan hófst í byrjun árs 2012. Úthlutaðir styrkir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða frá 2012 til 2015 eru rétt innan við 1,5 milljarða króna.

Í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Kristjáni L. Möller, þingmanni Samfylkingarinnar, um innheimtan gistináttaskatt kemur fram að fyrsta heila árið sem gistináttagjaldið var lagt á gaf það 195 milljónir. Árið 2013 voru milljónirnar 222 og 262 í fyrra.

Tekjur af gjaldinu útdeilast á fjárlögum að þremur fimmtuhlutum til Framkvæmdasjóðsins og tveimur fimmtuhlutum til ráðstöfunar fyrir þjódgarða og friðlýst svæði.

Kristján vekur athygli á því í fréttatilkynningu að skatturinn er aðeins 100 krónur og segir upplýsingarnar vera mikilvægar í samhengi við frumvarp iðnaðarráðherra um náttúrupassa sem er til umfjöllunar í atvinnuveganefnd Alþingis.

„Það þyrfti ekki að hækka gistináttagjaldið mikið til að ná inn tekjum sem náttúrupassinn á að skila á ári. Kannski 300 til 400 krónur sem væri einfaldasta leiðin fyrir þingið til að bregðast við aðkallandi vanda strax,“ segir Kristján sem vill skoða blandaða leið; gistingjald til viðbótar við gjaldtöku á bílastæðum við helstu náttúruperlur. Hann vill jafnframt að hluti teknanna renni til viðkomandi sveitarfélags, ólíkt því sem nú er. Þannig yrði komið til móts við kostnað sveitarfélaganna, sem er allnokkur án þess að tekjur komi á móti.



Á FERÐINI 300 króna gistináttagjald myndi skila 800 milljónum – náttúrupassi á að skila milljarði á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

305 styrkjum úthlutað á þremur árum

Í svari Ferðamálastofu til Fréttablaðsins kemur fram að frá því að Framkvæmdasjóðurinn var settur á stöfn hefur 305 styrkjum að upphæð 1,5 milljarðar króna verið úthlutað. Úthlutanir fjármagnaðar með gistináttagjaldinu nema 644 milljónum.

Í mars og apríl árið 2013 var þess utan sérstök úthlutun til þjódgarða annars vegar og úthlutun tilkomin vegna fjárfestingaráætlunar þáverandi ríkisstjórnar hins vegar. Í maí 2014 var svo aukaúthlutun í bryn verkefni vegna öryggismála og uppbyggingar göngustíga. Þessir liðir skýra 805 milljónir af því fé sem hefur verið varið til verkefna úr sjóðnum.

Kristján telur útilokað að náttúrupassinn verði afgreiddur fyrir þinglok, og aldrei nema í mikið breyttri mynd. Heimildir Fréttablaðsins innan stjórnarflokkananna taka undir það sjónarmið. Í hans stað verði hins vegar að finna leið til að afla tekna til uppbyggingar, og er gistináttagjald títt nefnt.

Á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segir að gistináttaskatti sé helst fundið til foráttu að tekjurnar hafa ekki verið nægjanlegar og yrði hann hækkaður verulega gæti það haft áhrif á eftirspurn. Jafnframt þyki ókostur að skatturinn leggst aðeins á eina grein ferðaþjónustunnar. svavar@frettabladid.is

Umhverfisráð Vestmannaeyja segir veðurfar hafa valdið gróðurskemmdum: Eyjamenn forðist óþarfa rask

UMHVERFISMÁL Gróðureyðing á Heimaey sökum veðurfarsveldur umhverfis- og skipulagsráði Vestmannaeyja miklum áhyggjum.

„Ljóst er að ákveðin svæði eru illa farin og þarfnast sértækra aðgerða svo koma megi í veg fyrir frekari skemmdir,“ segir í bókun ráðsins. Starfsmenn Vestmannaeyjabæjar hafi undanfarin sumur unnið að úrbótum en nú sé ljóst að kalla þurfi fleiri aðila að verkinu. Nefnir ráðið þar til sögunnar Landgræðsluna, félagsamtök og aðra áhugasama, bæði hópa og einstaklinga.

„Ráðið felur starfsmönnum sviðsins að gera áætlun um



aðgerðir og útvega tilskilin leyfi yfirvalda til að grípa til þeirra aðgerða sem þurfa þykir. Þá hvetur ráðið Eyjamenn til að ganga um af virðingu við náttúruna og forð-

ast allt óþarfa rask,“ segir í bókun ráðsins eftir vettvangsferð þar sem skoðaðir voru helstu staðir sem hafa orðið fyrir náttúrulegu raski í Heimaey. -gar

Í HEIMAKLETTI

Miklar áhyggjur eru af gróðri eftir vettvangsferð umhverfisráðs.

MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



NÝR MAZDA CX-5 AWD FRUMSÝNDUR ÖGRAÐU ÞVÍ HEFÐBUNDNA



MAZDA CX-5 AWD FRÁ 5.490.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Nýr Mazda CX-5 AWD jeppinn sannar enn og aftur að hönnuðir Mazda hugsa öðruvísi og ögra því hefðbundna. Með byltingarkenndri SkyActiv spartækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórnna afli. Nýtt efnisval í innréttingu og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Ný kynslóð AWD fjórhjóladrifs og framúrskarandi aksturseiginleikar veita þér frelsi. Mazda CX-5 AWD gerir daginn ánægjulegrí.

Mazda CX-5 AWD hlaut fullt hús stiga í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju LED aðlögunarhæfu framljósin veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpara útlit. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður uppá GPS vegaleiðsögn, handfrjálstan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

Komdu. Reynsluaktu Mazda CX-5 AWD.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI
MAZDA hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Ársfundur 2015

Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Lífslíkur og áhrif á stöðu sjóðsins.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2015 kl. 17:00, að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 18. 03. 2015

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda



STÖÐVAÐUR
Maðurinn fékk ekki að koma til landsins þar sem hann er meðlimur í ólöglegum samtökum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meðlimur í mótörhjólasamtökunum Devil's Choice: Maður stöðvaður í Leifsstöð

LÖGREGLUMÁL Fimmtugur maður frá Noregi var stöðvaður af lögreglu við komuna til landsins í gærmorgun. Stundin.is greindi fyrst frá málinu en þar kom fram að maðurinn sé meðlimur í mótörhjólasamtökunum Devil's Choice. Lögreglan á Suðurnesjum staðfestir að manninn hafi verið meinaður aðgangur að landinu á grundvelli brottvísunarheimildar vegna tengsla hans við ólögleg samtök. Nokkur slík mál hafi komið upp á þessu ári.

-vh



SYKURSKATTUR Árni Sverrir Hafsteinsson segir skattinn ekki hafa skilað tilskildum árangri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



Skjót leið
til starfsmenntunar
Skapaðu þér **þitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is



NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - Símar: 588 4500 - 822 4502 www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com

Sykurskattur breytti ekki neysluvenjum

Niðurstöður rannsóknar á áhrifum sykurskatts gerðar opinberar. Neysluáhrifin voru lítil. Almennur hélt áfram að kaupa sykraðar vörur sem varð til þess að hagnaður ríkissjóðs fór fram úr áætlun.

EFNAHAGSMÁL Ekki er hægt að greina að sykurskatturinn hafi haft veruleg áhrif á neyslu þann stutta tíma sem skattheimtan stóð yfir. Áhrif sykurskattsins á verðlag skattlagðra vara voru of lítil fyrir neytendur til að taka eftir þeim í flestum tilvikum, sem kann að skýra hvers vegna neysluáhrifin urðu lítil. Þetta varð til þess að hagnaður ríkissjóðs af skattlagningunni varð meiri en upphaflega var gert ráð fyrir eða um einn milljarður í stað 800 milljóna.

Þetta kom fram í niðurstöðum rannsóknar Rannsóknarseturs verslunarinnar á áhrifum sykurskatts sem var lagður á 1. mars 2013 og afnuminn um síðustu áramót. Niðurstöðurnar voru kynntar í gær og gerðar aðgengilegar á vefsíðu Rannsóknarsetursins.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort yfirlýst markmið með skattheimtu hefðu náðst og auk þess að kanna hvaða möguleg áhrif hún hefði haft á innflytjendur. Emil Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar, sagði að markmiðin hefðu aðallega verið tvö: „Þau voru annars vegar að breyta neyslu fólks þannig að það færi úr

óhollustu og sykri yfir í meiri hollustu og hins vegar að auka tekjur ríkissjóðs.“

Verð og magn í smásölu á gosdrykkjum, kexi, morgunkorni, strásykri og mjólkurvörum var skoðað. Rannsóknin leiddi í ljós að skatturinn hafði lítil áhrif á verðlag þeirra tegunda morgunkorns, kex og gosdrykkja sem voru skoðaðar en mjólkurvara hækkaði strax í verði. Þar sem skattur var einnig lagður á sætuefni í samræmi við sætumagn þeirra dró það úr möguleikum fólks til að forðast skattinn og breyta neysluvenjum sínum.

Árni Sverrir Hafsteinsson kynnti niðurstöðurnar. Hann sagði að áhrifa sykurskattsins hefði ekki orðið vart fyrr en rúmu ári eftir að hann var lagður á. Ástæðan er sú að kaupmenn keyptu inn sykraðar vörur í gríðarlegu magni mánuði áður en skattheimta hófst. Sykur úti í búð var því seldur undir kostnaðarverði. „Það var þess vegna ekki fyrr en síðasti innflytjandinn kláraði sínar birgðir að smásöluverð fór upp fyrir kostnaðarverð, það er kostnaðinn við að flytja sykurinn frá útlöndum.“

-sgg



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Labrada fæðubótarefnin eru komin!

LABRADA
NUTRITION

Kaupauki
brúsi fylgir
öllum kaupum


9.490,-

7.592,-

Lean Body 20 x 49g súkkulaði próteinpokar



9.490,-

7.592,-

Lean Body 20 x 65g pokar próteinpokar



9.990,-

7.992,-

PROV60 er hágæða próteinblanda. 1.5 Kg



4.990,-

3.992,-

Nauðsynlegar fitusýrur sem auka fitubrenslu



4.990,-

Fáðu þér Super Charge Xtreme fyrir æfingu.

Kaupauki

2.990,-

Fjölvitamín fylgir.



5.990,-

4.792,-

BCAA 100% aminósýrur



4.990,-

3.992,-

Hica Max styður við vöðvaxt



5.790,-

4.632,-

Orkusprengja fyrir alla íþróttamenn



3.490,-

2.792,-

Eykur þol og úthald vöðva



3.990,-

3.192,-

Þrjú áhrifarík náttúruleg fitubrennsluefni



1.990,-

1.592,-

Náttúruleg andoxunarefni úr indverskum berjum



2.490,-

1.992,-

Bælir sætupörf og eykur fitubrennslu



2.490,-

1.992,-

Náttúruleg andoxun og fitubrennsla



3.490,-

Grænar kaffibaunir sem auka brennslu og hreinar BCAA aminósýrur

Kaupauki

2.990,-

Náttúrulegur andoxunargjafi fylgir



3.990,-

3.192,-

Duft í próteinmátið. 680 gr. pokar.



2.490,-

1.992,-

Losar umfram vatnsbergðir úr líkamanum



2.490,-

1.992,-

Fjölvitamín fyrir hana.



3.990,-

3.269,-

Omega 3 fitusýrur ásamt D og E vitamíni

**BOMBA!**

2.290,-

3.490,-

Lean Body fatburner hraðar efnaskiptum og bælar niður svengd.

Öll tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar og uppsældar vörur.

POLAR


**TAX
FREE**

Tax Free á öllum íþróttavörum



adidas

SKLZ



NIKE



UNDER ARMOUR

*Tax Free tilboð jafngildir 19.35% afslætti.

Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

Heimkaup.is

**Öryggi - ekkert mál
að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða
við afhendingu**

Hjá okkur býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending
samdægurs**

 Pantanir sem berast fyrir kl. 17⁰⁰ eru afhentar heim að dyrum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag á landsbyggðinni. Pantanir yfir 4.000,- sendar frítt.

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands 2015 Starfslok starfsmanna

Öldrunarráð Íslands veitir sérstaka viðurkenningu til fyrirtækja eða stofnanna sem hafa myndað sér framúrskarandi stefnu varðandi starfslok starfsmanna sinna og framfylgja henni á ábyrgan máta.

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilt að senda inn tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með 26. apríl 2015 og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs Íslands, Hrafnistu við Laugarás, 104 Reykjavík eða á netfangið oldrunarrad@oldrunarrad.is



Nýtt hótél á 10 til 15 milljarða króna

Ekkert verður til sparað við byggingu og hönnun nýs hótels við Austurhöfn í Reykjavík, segir forstjóri fasteignafélagsins Carpenter & Company. Áætlað er að framkvæmdir við bygginguna hefjist strax í haust. Áætlaður byggingartími er tvö ár.

FRAMKVÆMDIR Bygging nýs hótels við Austurhöfn í Reykjavík hefst í haust gangi áætlanir eftir. Hótel-ið rís vestan við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu, líkt og gert hefur verið ráð fyrir í skipulagi svæðisins.

Gert er ráð fyrir að bygging hótelsins taki tvö ár, að því er fram kom í máli Richards L. Friedman, forstjóra bandaríska fasteignafélagsins Carpenter & Company, sem annast byggingu hótelsins, á blaðamannafundi í Hörpu í gær, þar sem upplýst var um áformin.

Þá kom fram í máli Friedmans að fyrirtækið hefði og myndi hafa samstarf við innlenda verktaka, hönnuði og fleiri við verkið, en þegar hefur verið samið við verkfræðistofuna Mannvit og T.ark-arkitekta um hönnun og stjórnun framkvæmda.

Friedman sagði hins vegar ekki tímabært að upplýsa um hvaða hótelkeðja fengi inni í byggingunni, því enn væri verið að leggja loka-hönd á samninga. Upplýsa ætti um það eftir þrjár til fjórar vikur.

Í spjalli við blaðamann upplýsti Friedman að kostnaður við byggingu hótelsins yrði í grennd við hundrað milljónir Bandaríkjadala, eða 10 til 15 milljarðar íslenskra króna. „Í verkefni af þessari stærðargráðu og með þann árangur í huga sem á að ná dugar ekki að hafa neitt annars flokks,“ segir Friedman. Það eigi jafnt við um bygginguna sjálfa og innanstokksmuni. Allt verði fyrsta flokks. „Staðsetning sem þessi á ekkert skilið nema það besta. Við ætlum að gera hlutina rétt í fyrstu tilraun.“

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, sagði í ræðu sinni fagnaðarefni að óvissunni væri eytt um framtíðaruppbyggingu við Hörpu. „Þetta er mikið fagnaðarefni fyrir alla sem hafa komið að þessu húsi, þetta er fagnaðarefni



Í HÖRPU Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Richard L. Friedman, forstjóri Carpenter & Company, og Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, sem leiðir fjármögnun hótélbyggingarinnar, skoða líkan af hótelinu og næsta umhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



LÍKANIÐ Hótelíð nýja stendur heldur lægra en Harpa sem er fremst á myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fyrir Reykjavíkurborg og þetta er í raun ný vidd fyrir ferðabjónustuna hjá okkur að fá hingað fimm stjórn hótél.“ Það segir Dagur styrkja Reykjavík sem ráðstefnu- og fundaborg. „En síðast en ekki síst var orðið mjög tímabært að fara að fylla upp í holuna, því það var svona alveg á mörkunum að menn færu að aldursfriða hana,“ gantaðist Dagur í ræðu sinni.

Létt var yfir gestum í Hörpu í gær, enda útlit fyrir að loksins komi bygging í húsgrunninn sem staðið hefur tómur við hlið hússins. Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, kvaðst ekki hafa miklar áhyggjur af því að nýtt hótél skyggði á Hörpu. „Og þótt svo væri, þá vildi ég frekar að skyggði á húsið úr þessari áttinni en að hafa þess holu áfram hér við hliðina.“

olkr@frettabladid.is

→ Festu kaup á byggingarrétti hótelsins

Fasteignafélagið Carpenter og Company er alþjóðlegt fasteignafélag sem er sérhæft í uppbyggingu hótela. Félagið hefur fest kaup á byggingarrétti fyrir hótél á Austurbakka 2 við Reykjavíkurhöfn (Hörpureitur) af fyrri eigendum og verður leiðandi fjárfestir í verkefninu. Carpenter reisir á lóðinni 250 herbergja fimm stjórn hótél, en í framhaldinu tekur leiðandi alþjóðleg hótelkeðja við rekstri þess. Hótelíð hýsir líka veislu- og fundarsali, fjölda veitingastaða auk heilsulindar.

Nýja hótelið á Hörpureitnum er fyrsta hótelverkefni Carpenter utan Bandaríkjana, en þar hefur félagið starfað með hótelkeðjum á borð við St. Regis, Four Seasons, Marriott, Hyatt og Starwood.

Kolufell ehf., seljandi byggingarréttarins, þróar áfram íbúða- og verslunarbyggð á suðurhluta lóðarinnar.



AFSTÖÐUMYND Efst í hægra horninu stendur Harpa, en vestur af húsínu kemur svo hótelið.

MYND/T.ARK

fti.

Félag tæknifólks í rafiðnaði

AÐALFUNDUR Félags tæknifólks í rafiðnaði

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn í húsnæði RSÍ að Stórhöfða 31, Grafarvogsmeginn miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 17.

Reykjavík 10.04.2015

Stjórn

Félags Tæknifólks í rafiðnaði

ÓÐALSOSTUR TIGNARLEGUR

Óðalsostur hefur verið á borðum landsmanna frá árinu 1972 þegar Mjólkursamlag KEA hóf framleiðslu hans á Akureyri. Fyrirmynd hans er Jarlsberg, frægasti ostur Norðmanna. Óðalsostur er mildur með örlítinn möndlukeim og skarpa, sæta, grösuga tóna. Frábær á morgunverðarborðið, hádegishlaðborð eða bara einn og sér.



www.odalsostar.is


HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT



Skólajógúrt er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrik**, inniheldur **trefjar** og fæst í fjórum bragðtegundum.

Hrein Skólajógúrt er góður valkostur fyrir þá sem vilja **engan viðbættan sykur**. Hana má bragðbæta með t.d. ávöxtum eða musli.

Veldu það sem hentar fjölskyldu þinni.



Vinnuframlag kvenna minna metið:

Engin huggun að vera skást

Gærdaginn, þann 14. apríl, tileinkuðu Bandaríkjamenn launajafnrétti. Dagsetningin er engin tilviljun. Vilji þarlandar konur þéna árslauð karla verða þær að viðbættu ársverki að vinna frá janúarbyrjun til þessa dags að auki. Svo sláandi er launamunurinn. En hvar stöndum við í samanburðinum? Ísland er fremst allra þjóða í jafnréttismálum ef marka má síðustu sex úttektir Alþjóðafnahagsráðsins á jafnrétti kynjanna.



Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is

Úttektin tekur mið af 135 þjóðum og leggur mat á stöðuna meðal annars út frá launajafnrétti.

Nýlega birti VR árlega launakönnun sem sýndi glögglega að konur innan VR fá ekki sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu. Niðurstöðurnar sýndu

8,5 prósentu launamun þegar tekið er tillit til starfs, vinnutíma, menntunar, starfsaldurs og annarra þátta sem áhrif hafa. Sama var uppi á teningnum þegar launakönnun SFR var birt á haustmánuðum. Þar mældist launamunur kynjanna 10 prósent. Í sundur dró frá árinu áður – kynbundinn launamunur minnkar ekki.

Tölurnar staðfesta þá köldu staðreynd að enn er framlag kvenna á vinnumarkaði minna metið. Því er holur hljómur í því að benda á skrautfjárir sem segja Ísland meðal fremstu þjóða heims í jafnréttismálum. Þó að vissulega séu tíðindin jákvæð er enn langt í land á þessari vegferð. Svo langt, að konur fá greitt fyrir hverja 11 mánuði ársins á móti 12 mánuðum karla. Konur vinna einn mánuð ársins án endurgjalds.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti gáfu mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð Reykjavíkurborgar út bæklinginn Kynlegar tölur í fjórða sinn. Bæklingurinn varpar ljósi á ótrúlegar tölur sem glögglega sýna ólíka stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og raunar á fjölmörgum öðrum sviðum. Á sama tíma hreykjum við okkur af jafnréttissigrum og finnum huggun í því að vera skást.

Vandamálið liggur víða. Markmið íslensku fæðingarorlofslöggjafarinnar er að jafna stöðu kynjanna. Orlofsréttur feðra er ein ástæða þess að Ísland telst meðal fremstu þjóða í jafnréttismálum. Þak á greiðslur úr fæðingarorlofssjóði hefur þó leitt til þess að tekjuháir feður nýta síður rétt sinn til töku orlofs. Kynbundinn launamunur á heimilinu leiðir óhjákvæmilega til þess að margar fjölskyldur velja móðurinni það hlutverk að setja starf og framtíðaráform til hliðar fyrir fjölskylduna. Kvinnalaun eru minni fórn en karlalaun.

Árið 2012 var settur á fót aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Þótt fagna beri skipan hópsins hefur hann auðsjáanlega ekki skilað miklu. Hann virðist enn eitt dæmið um aðferðir stjórnvalda við laus vandamála – setja þau í nefnd, loka augunum og vona það besta. Vissulega er vandinn flókin og á sér rætur víða í samfélaginu. Þverpólísk samstaða er um málið og virðast aðilar vinnumarkaðarins sammála um að flækjuna þurfi að leysa. Vandinn er okkar allra og okkar allra er ábyrgðin. Hann verður til staðar hvern einasta dag þar til vinnuframlag karla og kvenna verður jafngilt. Við megum ekki sækja huggun í samanburði við skemmra komnar þjóðir. Það þarf að höggva á hnútinn.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enn af fjarveru

Aðild að Evrópusambandinu er eitt af stóru stefnumálum Samfylkingarinnar. Svo stórt er það að gárungarnir, þessir síglöðu náungar, hafa oft og tíðum sagt að um eina mál flokksins sé að ræða. Það er vissulega ekki rétt, en stórmál er það flokknum engu að síður. Þingmenn ræddu í gær tillögu formanna stjórnarandstöðuflokkanna um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB, en fyrsti flutningsmaður þess er Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar. Nokkuð hefur verið rætt og ritað um fjarveru oddvita ríkisstjórnarinnar á þingfundum á mánudag, en það má færa rök fyrir því að fjarvera Árna Páls í umræðu um þetta höfuðmál hans

flokks sé ekki síður athyglisverð. Árni Páll var nefnilega ekki á svæðinu og gat því ekki tekið þátt í umræðu um Evrópusambandið, en hann hefur nokkuð kallað eftir slíkri umræðu.

Pau eru misjöfn morgunverkin

Í fjarveru Árna Páls mælti annar flutningsmaður fyrir málinu, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Flokkurinn stóð vissulega að umsókn að ESB í síðustu ríkisstjórn, en það væri ofmælt að segja að hann hefði gert það með glöðu geði. Og Katrín er flutningsmaður að umræddri tillögu, en lýsti því þó aftur yfir í umræðunni að hún væri andsnúin aðild. Líklega hefur hún getað hugsað sér annað

en að verða helsti talsmaður áframhaldandi ESB-súnings.


Versta málþóf sögunnar?

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, kvartaði sáran undan því í gær að stjórnarandstaðan hefði eytt allt of miklum tíma í að ræða fjarveru oddvita ríkisstjórnarinnar. Hún talaði um að menn væru vísitandi farnir að tefja störf þingsins og „beita hinu gamalgróna málþófi“. Vissulega er satt og rétt að því eru takmörk sett hve marga nýja vinkla má finna á fjarveru tveggja manna. Það hlýtur hins vegar að vera versta málþóf sögunnar, að eyða þremur korterum í slíkt, eins og gerðist á mánudaginn.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

BÍLSTJÓRI ÓSKAST

Rótgróið matvælafyrirtæki óskar eftir duglegum og metnaðarfullum bílstjóra. Í starfinu felst meðal annars útkeyrsla á vörum og aðstoð við lagerstörf.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 24. APRÍL 2015

UMSÓKNIR SKAL SENDA Á NETFANGIÐ PB@VRG.IS

Mikilvægi skaðaminnkandi þjónustu og heilsuverndar



Kristín S. Hjálmtýsdóttir formaður Rauða krossins í Reykjavík

Í Reykjavík er starfrækt fjölmennasta deild Rauða krossins á Íslandi. Starfsemi hennar er hlekkur í stórra keðju deilda og landsfélaga sem starfa um allan heim. Rauði krossinn er manúðarhreyfing sem vinnur að því að skapa betra samfélag. Þannig vinnur deildin að mörgum uppbyggilegum verkefnum, sem oft og tíðum eru framkvæmd í nánu samstarfi við bæði ríki og borg.

Markmið að auka lífsgæði

Á vettvangi tveggja stórra verkefna deildarinnar, í Konukoti og hjá Frú Ragnheiði, er unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði sem beinist að því að draga úr eða lágmarka heilsufarslegan, félagslegan og fjárhagslegan skaða sem vímuefnaneysla veldur einstaklingum og samfélögum. Í skaðaminnkandi nálgun er sjónum beint að afleiðingum og áhrifum fíknihæðunar en ekki að notkuninni sem slíkri. Markmið skaðaminnkunar er fyrst og fremst að auka lífsgæði neytenda. Bæði verkefni byggjast á óeigingjörnu sjálfbodastarfi fjölbreytts hóps einstaklinga.

Heilsuvernd án fordóma og kvaða

Frú Ragnheiður hefur þann tilgang að ná til jafnarhópa samfélagsins, til dæmis útgangsfólks, heimilisláusra og fíkla, og þjóða þeim

skaðaminnkandi þjónustu og almenna heilsuvernd, án fordóma eða kvaða. Verkefnið er stutt af velferðarsviði Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytinu, en sá stuðningur gerir okkur kleift að halda úti þessu mikilvæga starfi. Konukot er næturathvarf fyrir heimilisláusar konur sem eiga hvergi höfði sínu að halla og þurfa stað til að sofa á. Flestar þeirra stríða við vandamál tengd neyslu áfengis og/eða fíkniefna. Konukot er einnig samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík og Reykjavíkurborgar.

Stuðningur almennings mikilvægur

Í verkefnum sem þessum er stuðningur almennings enn fremur afar mikilvægur og finnum við fyrir því að mikill velvilji ríkir í samfélaginu í garð þess starfs sem unnið er hjá Rauða krossinum. Ég vil nýta tækifærið og vekja athygli á því að í dag, miðvikudaginn 15. apríl, standa sjálfbodaliðar Rauða krossins í Reykjavík fyrir tónleikum á Kexi Hosteli til styrktar þessum umfangsmiklu skaðaminnkunarverkefnum. Dagskráin er ekki af verri endanum og kemur þar fjöldi frábærra listamanna fram og gefur vinnu sína fyrir málstaðinn. Ég hvet alla til að mæta, en nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu Rauða krossins.

Forgangsröðun og fjármögnun nýs spítala

Fáir lækna tjáðu sig um vinnuástöðu og tækjagæði á LSH fyrir verkfall. Fyrst í lok janúar birtist grein í Mbl. eftir Stefán A. Matthíasson lækni, sem sagði að í stað byggingar sjúkrahótelis væri fjármunum betur varið til kaupa á tækjum, sem bráðvantar. Nefndi hann af handahófi skanna til greiningar krabbameins, sem er hversdagslegt tæki í nágrannalöndum okkar. Stefán skrifar: „Krabbameinssjúklingar mega t.d. búa við þá staðreynd að ekki er til á landinu og verður ekki til á næstu árum jáeindaskanna, sem bætir greiningu krabbameina og eftirfylgni krabbameinsmeðferða til muna. Útvaldir fá þó að fara til Köben í skanna, sem greinir mun betur útbreiðslu krabbameina og stuðlar þannig að markvissari aðgerð en ella (skurðaðgerð, geislar eða lyfjameðferð), sjúklingum til ómældra hagsbóta.“



Sigurður Oddsson verkfræðingur

Þörf væri fyrir margfalt fleiri en þá 70, sem fengu að fara í skönnun til Köben 2014. Stefán bendir á að greiningin sé óháð því sem fer fram í meðferðarkjarna sjúkrahúss og erlendis séu jáeindaskannar í sérstakri byggingu. Flestir sjúklingar komi heim frá sér og fari heim eftir skönnun. Það er dýrt að senda 100 sjúklinga á ári til Köben. Hugarreikningur sýnir að skanni borgar sig fljótt upp. Krabbameinssjúklingar ættu að ganga fyrir hóteli, sem ekki vantar.

Efst í lóð Borgarspítalans neðan við Bústaðaveg er nóg pláss fyrir hús með jáeindaskanna. Á byggingartímanum yrðu ekki truflanir á næsta umhverfi. Hægt væri að byrja strax á útgreftri lóðar og í beinu framhaldi bjóða út byggingu húss og taka í notkun innan tveggja ára. Staðsetning getur verið endanleg og ekki til bráðabirgða, hvar svo sem spítali verður byggður. Krabbameinsfélagið gæti jafnvel gengið inni í sama húsi og selt sitt hús.

Nóg pláss er fyrir sjúkrahótel neðst í Fossvoginum. Það er góður staður skv. því, sem Stefán skrifar: „Jafnframt er talið að dvöl gesta á hlýlegu hóteli utan hefðbundins sjúkrahúsaumhverfis geti hraðað bata og aukið virkni sjúklinga“. Framkvæmdir þar valda ekki truflunum á næsta nágranni líkt og væntanlegar framkvæmdir á lóð Landspítalans.

unum á næsta nágranni líkt og væntanlegar framkvæmdir á lóð Landspítalans.

Fossvogur betri kostur

Ráðherra segir mikla hagræðingu felast í sameiningu starfsemi Landspítalans á einum stað, en gerir sér ekki grein fyrir eða vill ekki skoða kosti þess að sameina starfsemi í Fossvogi. Þar er hægt að byggja nýtt sjúkrahús frá grunni með öllum þeim kostum, sem því fylgja. Rétt er að benda ráðherranum á, að kostnaður vex með lengri byggingartíma, sem kemur fram í vaxtakostnaði á byggingartímanum og rekstrarkostnaði löngu eftir að bygging hefur verið tekin í notkun. Í Fossvogi er hægt að byggja betra hús að minnsta kosti helmingi hraðar fyrir minni pening en við Hringbraut. Breyting í Fossvog er því bein fjármögnun nýs spítala.

Margir lækna telja, að í háu húsi í Fossvogi sé betri vinnuástaða en í útflöttum byggingum við Hringbraut. Ég hvet þá til að koma með skoðanir sínar út úr skápnum líkt og Stefán. Það er í raun siðferðileg skylda þeirra að gera það telji þeir Fossvog betri kost fyrir háskóla-sjúkrahús. Meðalaldur lækna á sjúkrahúsum er hár og hækkar með hverju árinu sem líður. Það liggur því á að ná ungum læknum heim fljótt. Til þess að það geti orðið verður að bjóða vinnuástöðu sambærilega við þá, sem býðst í útlöndum. Það er gott sjúkrahús með bestu tækjum sem völ er á.

lega við þá, sem býðst í útlöndum. Það er gott sjúkrahús með bestu tækjum sem völ er á.

Nú vill ráðherra fjármagna spítala við Hringbraut með sölu ríkiseigna. Eflaust vilja margir eignast mjólkurkúna Landsvirkjun, sem í dag selur raforku á undirverði. Er þörf á sölu ríkiseigna til fjármögnunar spítala á sama tíma og flugvöllurinn skal eyðilagður og nýr byggður fyrir tugi milljarða? Vonandi verða þeir heppnari með staðarval flugvallar en spítalans, sem fyrir utan miklu lengri byggingartíma við Hringbraut verður tugum milljarða dýrari en í Fossvogi.

Í upphafi skyldi „hátæknisjúkrahús“ byggt fyrir símapeningana. Það var pólitískt loforð. Enginn þorði að gera athugasemd af ótta við að vera sagður á móti nýjum spítala og staðsetning við Hringbraut rann í gegn án mikillar skoðunar.

Fyrri stjórn lagði skatt á þjóðarauðlindina til fjármögnunar spítalans. Ný stjórn óttaðist að minni útgerðir stæðu ekki undir skattinum og tók hann af. Gaf svo 100.000 tonna loðnukvóta, sem hefði mátt selja til fjármögnunar spítalans. Til að bíta höfuðið af skómminni var kvótinn gefinn best stæðu útgerðunum. Þeim hinum sömu er geta keypt kvóta af Færeyingum og greiða „eigendum“ sínum milljarða í aró.

Undragóð blanda við bólgum og meiðslum

20% AFSLÁTTUR á flestum sölustöðum

natures aid
Ginger, Turmeric & Bromelain
3-in-1 Botanical Formula

Flest í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum verslana.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

Sýnið okkur miskunn

Neyðarástand ríkir nú á spítölum landsins vegna verkfalla, sjúklingar fá ekki nauðsynlega umönnun og eingöngu bráðatilfellum er sinnt. Krabbameinssjúklingar geta ekki hafið meðferð og hlé þarf að gera á meðferð sem er hafin. Sjúklingar fá ekki nauðsynlega greiningu og verða að bíða í von og óvon hvort þeir fái náð fyrir augum þeirra sem forgangsraða bráðatilfellum, sem lækna sækja um undanþágu fyrir.



Hinrik A. Hansen krabbameinssjúklingur

→ Er réttlætlegt að skiptimynt kjarabóta sé minni lífslíkur sjúklinga?

verkföll síðar og í sumum tilvikum hluta úr degi.

Beitir fyrir sig sjúklingum

Þarna er BHM að sækja launahækkunar fyrir heil 17 aðildarfélög og beitir fyrir sig sjúklingum landsins. Er þetta þróun sem okkur finnst eðlileg og megum við búast við fleiri aðgerðum á næstu misserum, þar sem stéttarfélag nota neyð sjúklinga á spítölum landsins til að sækja launahækkunar fyrir sína félagsmenn?

Munurinn á afleiðingum verkfalla BHM hjá t.d. lögfræðingum og geislafræðingum er í mínum huga það stór, að hann réttlætir þessi skrif. Í fyrra tilfellinu geta tapast tími og fjármunir. Aldrei líf. Í seinna tilvikinu getur orðið um slíkt að ræða. Hvenær sá hugsunarháttur varð sjálfsgöður hér er mér hulið.

Ég ætla engum einstaklingi það að neita öðrum um aðstoð í neyð, en þegar einstaklingar eru orðnir hluti af hópi verður samstaða hópsins yfirsterkari samvisku þeirra einstaklinga sem hópnum tilheyra. Vissulega þarf að semja og samningar verða ekki nema allir aðilar borðsins leggi sig fram. Það réttlætir samt ekki þá meðferð sem sjúklingar þessa lands þurfa að þola og þurfa áfram að þola, verði ekki breyting á þessum hugsunarhætti.

Í greininni fjalla ég um krabbameinssjúklinga, þar sem ég tek mig sem raunverulegt dæmi, til að benda á þær raunverulegu afleiðingar sem núverandi verkfallsaðgerðir hafa. Aðrir sjúklingahópar verða ekki minna fyrir barðinu. Bráðveikir sjúklingar komast ekki í aðgerð eða eftirlit til að hefja eða halda áfram meðferð. Á meðan horfa aðstandendur á í örvinglan. Er þetta það þjóðfélag sem við viljum lifa í? Er réttlætlegt að skiptimynt kjarabóta sé minni lífslíkur sjúklinga? Þessu verður að linna. Það getur enginn í hjarta sínu réttlætt þetta ástand. Það eina sem við sjúklingar getum gert er að biðjast vægðar.

Listin að deyja

Ráðstefna í Hátíðasal Háskóla Íslands fimmtudaginn 16. apríl 2015

Markmið: Að hvetja fólk til að ræða um dauðann

Húsið opnar kl. 16:30. Kaffi og kleinur í boði fyrir dagskrá

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur

Dagskrá

<p>Setning 17:00 - 17:05</p> <p>Rósa Kristjánsdóttir, djákni og ritari Hollvínasamtaka líknarþjónustu</p>	<p>Fyrirspurnir til Dr. Peter Fenwick 17:50 - 18:00</p> <p>Ævispor 18:00 - 18:15</p> <p>Sveinn Kristjánsson kynnir markmiðið með stofnun vefjarins www.aevi.is</p>
<p>„The importance of end of life experiences for living and dying“ 17:05 - 17:50</p> <p>Dr. Peter Fenwick</p> <p>Prófessor emeritus í tauga- og geðlækningum. Hann er heimspæktur fyrir rannsóknir á upplifunum fólks á dánarbedi út frá andlegu heilbrigði og meðvitund viðkomandi. Hann hefur ritað yfir 200 fræðigreinar og bækur um efnið, m.a. bókina <i>The Art of Dying</i> ásamt Elizabeth eiginkonu sinni. Erindið verður á ensku.</p> <p>Dr. Fenwick is a neuropsychiatrist with special interest in consciousness. He is world renown expert on end of life phenomena, including near-death experiences and deathbed visions, looking at the mental states of the dying. He has written over 200 academic papers and books, f.ex. <i>The Art of Dying</i> with his wife Elizabeth.</p>	<p>Pallborðsumræður 18:15 - 19:20</p> <p>Andri Snær Magnason, rithöfundur Arndís Jónsdóttir, aðstandandi Jón Ásgeir Kalmannsson, heimspekingur Sólveig Birna Júlíusdóttir, sálfræðinemi Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur Þórhildur Kristinsdóttir, lækni</p>
<p>Samantekt og ráðstefnuslit 19:20 - 19:30</p> <p>Fundarstjóri: Ævar Kjartansson</p>	

Ástsælasti forseti Íslands fagnar stórafmæli

Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforseti heims, er 85 ára í dag.

Vigdís Finnbogadóttir fagnar 85 ára afmæli sínu í dag en hún fæddist 15. apríl árið 1930. Hún var fjórði forseti Íslands og gegndi embætti í fjögur kjörtímabil frá árinu 1980 til 1996. Það vakti gríðarlega athygli um allan heim þegar kona var í fyrsta sinn kjörin leiðtogi þjóðar sinnar í lýðræðislegri kosningu.

Vigdís lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1949 og stundaði þar á eftir nám í Frakklandi í frönsku og frönskum bókmenntum. Hún lauk prófi í frönsku og ensku frá Háskóla Íslands og stundaði einnig nám í uppeldis- og kennslufræði. Vigdís starfaði sem blaðafulltrúi Þjóðleikhússins og kenndi frönsku við Menntaskólann í Reykjavík og Menntaskólann við Hamrahlíð. Hún kenndi franskar leikbókmenntir við Háskóla Íslands frá 1972 þar til hún var kjörin forseti og starfaði einnig sem leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur. Dóttir Vigdísar

VIRT UM ALLAN HEIM
Vigdís hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir starf sitt.



FORSETI Í 16 ÁR Vigdís sat fjögur kjörtímabil og var einn dádasti forseti landsins.

er myndlistarmaðurinn Ástríður Magnúsdóttir. Vigdís hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir starf sitt og hefur alla tíð látið að sér kveða þegar kemur að lýðræði, jafnrétti og mannréttindum. Vigdís stofnaði meðal annars Heimsráð kven-



NÝKJÖRIN Hér fagnar Vigdís sigri í forsetakosningum árið 1980 á svölum við heimili sitt við Aragötu. Fjöldi manns hafði safnast þar saman.

leiðtoga og gegndi formennsku í ráðinu. Hún er velgjörðarsendiherra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í tungumálum og er fyrsti og eini talsmaður tungumála á heimsvísu. Hún er einnig heildursdoktor og heildursprofessor í háskólum og stofnunum víðs vegar um heim. Vigdís var einn dádasti forseti Íslands og auk þess vinsæl um allan heim.

- ag

✠
Ástkær faðir minn,
KJARTAN TRAUSTI SIGURÐSSON
fararstjóri,
lést á Borgarspítalanum sunnudaginn
12. apríl. Útför hans verður gerð í kyrppey.
Kristín Maymann Kjartansdóttir

✠
Okkar ástkæra
HILDIGUNNUR EGGERTSDÓTTIR
lést á Hrafnistu í Reykjavík 24. mars.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskapelli
17. apríl klukkan 11.00.
Runólfur Runólfsson Gerður Hulda Hafsteinsdóttir
og fjölskylda.

✠
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
GUNNAR ÞÓRÐARSON
Hólavegi 17, Sauðárkrúki,
lést þann 1. apríl. Útför hans verður
gerð frá Sauðárkrúkskirkju laugardaginn
18. apríl kl. 11.00. Þeim sem vilja minnst
hans er bent á Minningarsjóð Sigurlaugar
Gunnarsdóttur frá Ási eða önnur líknarsamtök.
Anna Kristín Gunnarsdóttir Birna Þóra Gunnarsdóttir
Fríður Finna Sigurðardóttir Gunnar Sigurðsson
Kristín Una Sigurðardóttir Sigyn Björk Sigurðardóttir
Gunnar Karl Sölvason Þórður Sölvason
Ingibjörn Sölvason og langafadætur.
Sigurður Jónsson Sölvi Karlsson
Jón Rafnar Benjamínsson Ásdís Nordal Snævarr

✠
Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR
Vesturbraut 17, Grindavík,
lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn
6. apríl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 17. apríl kl. 15.00.
Sigurður Kristinsson
Brynjar Gylfason Guðbjörg Ása Gylfadóttir
Ágúst Þór Gylfason Kristjana Bjarklind Sigurðardóttir
Sara María Björnsdóttir Ása Þórsdóttir
Bjarni Veigar Hauksson barnabörn og barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

✠
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,
AXEL KRISTJÁNSSON
tónlistarmaður og loftskreytamaður,
Lækjarkinn 8, Hafnarfirði,
lést þriðjudaginn 7. apríl sl. Útförin fer fram
frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 17. apríl kl. 13.00.
Helga Birna Gunnarsdóttir Elis Omar Anderson
Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir Helga Björg Axelsdóttir
Kristján Axelsson Gunnar Axel Axelsson
Emil Kristjánsson tengdabörn, börn, barnabörn og aðrir aðstandendur.

✠
Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,
INGEBORG EIDE GEIRSDÓTTIR
Auðarstræti 15, Reykjavík,
lést á Landspítalanum mánudaginn
6. apríl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju
fimmtudaginn 16. apríl kl. 15.00. Blóm
og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja
minnst hennar er bent á Ás styrktarfélag.
Hlíf Geirsdóttir Ólína Geirsdóttir
Benedikt Geirsson Stefán Ásgeirsson
Sveinbjörn Björnsson
Helga Möller og systkinabörn.

✠
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
ERLA SIGÞÓRSÞÓTTIR
bókasafnsfræðingur,
Skúlagötu 20, Reykjavík,
lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn
12. apríl sl.
Kolbrún Bessadóttir Bjarni Bessason
Erla Andrea Pétursdóttir
Elisabet Pétursdóttir
Magnús Snorri Bjarnason
Sólveig Bjarnadóttir og barnabarnabörn.
Pétur Jóhannesson Guðrún Erna Baldvinsdóttir

✠
Innilegar þakki fyrir auðsýnda samúð og
hílhug við andlát og útför okkar ástkæra
sonar og bróður,
AXELS DAGS ÁGÚSTSSONAR
Norðurtúni 16, Egilsstöðum,
sem lést 7. mars. Minning hans lífir.
Eydis Bjarnadóttir Ágúst Þorbjörnsson
Ívar Hrafn Ágústsson
Geir Þór Ágústsson
Vaka Bergsdóttir Bergur Már Hallgrímsson
Ragnhildur Geirsdóttir
Kristín Steinunn Ágústsdóttir

✠
Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
RÓSA GÍSLADÓTTIR
frá Krossgerði,
lést þann 9. apríl síðastliðinn. Minningar-
athöfn verður haldin í Fossvogskapelli
föstudaginn 17. apríl kl. 13. Jarðarförin fer
fram frá Beruneskirkju í Djúpavogsprestakalli
laugardaginn 2. maí kl. 13.30.
Fjóra Margrét Björgvinsdóttir
Kristborg Björgvinsdóttir
Sigurður Óskar Björgvinsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

✠
Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
INGIBJÖRG ST. SIGURÐARDÓTTIR
(LILLA)
Dalbraut 20,
áður Kleppsvegi 16, Reykjavík,
lést sunnudaginn 12. apríl á Hrafnistu, deild H1.
Ámundi Sveinsson
Sigurður Ámundason Svanhildur Pálmadóttir
Sigurbjörg Ámundadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

✠
Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,
GERÐUR TORFADÓTTIR
Ásvallagötu 63,
lést aðfaranótt mánudagsins 13. apríl.
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni
í Reykjavík föstudaginn 17. apríl kl. 13.
Hilda Torfadóttir Hlín Torfadóttir
Magnús Torfason og börn.
Haukur Ágústsson
Sigrún Sigurðardóttir

✠
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
HAUKUR KRISTÓFERSSON
sem andaðist á Hrafnistu í Reykjavík þann
4. apríl sl., verður jarðsönginn frá Áskirkju í
Reykjavík föstudaginn 17. apríl nk. kl. 15.00.
Margrét Hauksdóttir Guðrún H. Hauksdóttir
Haukur K. Bragason Rósa H. Bragadóttir
Dóra Ósk Bragadóttir
Katrín I. Kristófersdóttir
Jóhannes H. Jóhannesson og barnabarnabörn.
Bragi Kr. Guðmundsson
Jóhannes Bj. Jóhannesson
Margrét Geirsdóttir
Ásgeir S. Ásgeirsson
Fjóra Kristín Bragadóttir
Leó Kristófersson

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST II



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. apríl 2015 | 15. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

GÖNGUM
HREINT
TIL VERKS!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



HUNDRUÐ HÓTEL- HERBERGJA VERÐA TIL

- Borgarstjóri segir miklar breytingar í vændum á Hlemmi
- Vill heilbrigðistengda starfsemi í Vatnsmyrina
- Nyr slippur gæti orðið til á Grundartanga

Fjárfestar vilja verðtryggð bréf

Deilur á vinnumarkaði hafa valdið því að fjárfestar sækja í auknum mæli í verðtryggð skuldabréf. Markaðsaðilar óttast hækkandi verðbólgu. Þróunin gæti valdið lækkun vaxta verðtryggðra lána. Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka, segir fjárfesta hafa væntingar um að verðbólga aukist frekar á næstunni enda hafi fulltrúar launþega farið fram á tugprósenta launahækkanir í kjölfar kjarasamninga sem kennarar og læknar hafa þegar gert. → **SÍÐA 2**

Byggja upp á landsbyggðinni

Það er uppsöfnuð þörf á uppbyggingu á afþreyingu í ferðaþjónustu, að mati Helga Júlíussonar, sjóðs- stjóra hjá Landsbréfum. Rétt um tvö ár eru liðin frá því að framtakssjóðurinn Icelandic Tourism Fund I (ITF 1) hóf starfsemi sína. Sjóðurinn, sem er í rekstri Landsbréfa, fjárfestir í afþreyingar- tengdri ferðaþjónustu og á meðal annars hlut í Fákaseli, Ísgöngunum í Langjökli, hvalasýningunni Whales of Iceland og Borea Adventures. Sjóðurinn hyggst fjárfesta í verkefni á Hvolsvelli og í Óbyggðasetri í Fljótsdal. Hann á nú þegar aðild að fjórum verkefnum. → **SÍÐA 4**



Á Bifröst í tvö ár

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, hafði ástæðu til að fagna eftir að bréf með fasteignafélagið Reiti var skráð í Kauphöll Íslands. Guðjón hefur verið forstjóri Reita í tæp fimm ár. Áður var hann í níu ár hjá Essó, sem síðar rann inn í N1, og þar áður hjá Eimskipi í níu ár. „Ég tók mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum og markaðssetningu frá Háskólanum í Álaborg í Danmörku. Þegar ég kom til Íslands var ég lektor í tvö ár á Bifröst eftir að honum hafði verið breytt í háskóla og kenndi þar,“ segir Guðjón. → **SÍÐA 8**



STJÓRNAR-
MAÐURINN

@stjornarmadur

Ísland er eitt allra minnsta hagkerfi heims og sennilega það allra minnsta sem heldur úti eigin gjaldmiðli. → **SÍÐA 12**

OPTICAL STUDIO – FRÍHÖFN

Þar sem úrvalið er af umgjörðum

Fagmennska fyrst og fremst

Módel: Andrea Stefánsdóttir
Umgjörð: Victoria Beckham

www.facebook.com/OpticalStudio

Verslaðu á hagstæðara verði í nýrri verslun okkar í flugstöðinni

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Vandfetað á gjaldeyrismörkuðum

Skjóðan

FYRIR tæpu ári, í byrjun maí 2014, kostaði 1 evra næstum 1,4 Bandaríkjadali. Síðan þá hefur dalurinn styrkst gríðarlega gagnvart evru og í byrjun vikunnar kostaði 1 evra ekki nema 1,05 dali. Margir spá því að strax í sumar verði evran komin niður fyrir dollarann.

ÁSTÆÐURNAR fyrir þessum sviptingum á gjaldeyrismörkuðum eru ýmsar. Mikil áhrif hefur að markaðurinn metur það svo að fram undan sé vaxtahækkunarferli í Bandaríkjunum á sama tíma og seðlaprentun í áður óþekktum mæli er hafin á evrusvæðinu og hverfandi líkur á að vextir þar lækki í bráð.

EFTIRSPURN eftir dölum hefur líka aukist mjög og samkvæmt mati BIS-bankans í

Sviss skulda ríkisstjórnir og fyrirtæki utan Bandaríkjanna 9 billjónir í dölum sem þarf að endurgreiða á komandi árum. Þessu má líkja við að aðilar utan Bandaríkjanna hafi tekið skortstöðu upp á 9 billjónir í dalnum og þurfi því að kaupa dalina til baka. Vitanlega verður hluti af þessu endurfjármagnaður en eftirspurnin er samt gríðarleg.

ÞESSI styrking dalsins og að sama skapi veiking evru hefur áhrif á afkomu bandarískra og evrópskra fyrirtækja. Bandarísk fyrirtæki gera upp í dölum og með styrkari dal rýrnar afkoma alþjóðlegrar starfsemi þeirra og útflutningur frá Bandaríkjunum verður dýrari. Að sama skapi batnar afkoma evrópskra fyrirtækja. Búast má við að hagnaður bandarískra fyrirtækja á borð við Apple,

Procter & Gamble, Costco, Wal-Mart, Hewlett-Packard, Ford og General Motors dragist saman í dölum frá því sem verið hefði að óbreyttu. Þetta mun hafa áhrif til lækkunar á verð hlutabréfa í þessum fyrirtækjum. Að sama skapi má búast við því að alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar á evrusvæðinu muni hagnast. Volkswagen, Daimler, Fiat, Siemens, BASF, Unilever og Carrefour munu njóta góðs af og hluthafar þeirra væntanlega horfa á hækkandi verð sinna hlutabréfa.

LÆKKUN evrunnar er kærkomin fyrir hrjád hagkerfi evrusvæðisins. Fá lönd munu þó hagnast eins mikið á lækkun evrunnar og Þýskaland. Þó að Þýskaland sé í öllum skilningi þróað hagkerfi með hátt þjónustustig stendur hagkerfi þess á styrkari stöðum iðn-

framleiðslu og útflutnings en almennt gildir um þróuð hagkerfi. Evran skiptir Þýskaland meira máli en Þjóðverjar sjálfir vilja viðurkenna, því án hennar væri þýski gjaldmiðillinn sá sterkasti í heimi með alvarlegum afleiðingum fyrir ýmsar grunnstoðir þýska hagkerfisins.

EN HVAD þýðir þetta fyrir okkur Íslendinga? Sveiflur á gjaldeyrismörkuðum eru ávallt háskalegar fyrir litla gjaldmiðla, að ekki sé minnst á örmyntir á borð við íslensku krónuna. Hætt er við að afnám gjaldeyrishafta sé bundið meiri áhættu en ella í því viðsjárverða ástandi sem ríkir á gjaldeyrismörkuðum.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Ásókn í verðtryggt vegna kjaradeilna

Deilur á vinnumarkaði hafa valdið því að fjárfestar sækja í auknum mæli í verðtryggð skuldabréf. Markaðsaðilar óttast hækkandi verðbólgu. Þróunin gæti valdið lækkun vaxta verðtryggðra lána.

Verðbréfa- og lífeyrissjóðir sækja nú í auknum mæli í verðtryggð skuldabréf á kostnað óverðtryggðra vegna stöðunnar sem uppi er á vinnumarkaði. Þetta segir Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka.

Hrafn segir fjárfesta hafa væntingar um að verðbólga aukist frekar á næstunni enda hafi fulltrúar launþega farið fram á tuga prósent launahækkunir í kjölfar kjarasamninga sem kennarar og læknar hafa þegar gert.

„Það hefur verið breitt bil milli samningsaðila og nú þegar harkan eykst þá eykst bölsýni markaðsaðila,“ segir hann.

Framboðið á verðtryggðum skuldabréfum er hins vegar lítið og allt útlit fyrir að umframeftirspurn verði eftir verðtryggðum skuldabréfum á árinu að sögn Hrafns.

Þetta hefur valdið því að ávöxt-

unarkrafa á verðtryggð skuldabréf hefur lækkað verulega. „Frá áramótum hefur verðbólguálagið rokið upp vegna kjarasamninga,“ segir Hrafn.

Fimm ára verðbólguálag, sem segir til um væntingar fjárfesta um meðaltalsverðbólgu næstu fimm árin, hefur frá áramótum hækkað úr 2,5 prósentum í 4,2 prósent. Fjárfestar búast því við að verðbólga verði yfir verðbólgu-markmiði Seðlabanka Íslands sem kveður á um að verðbólga skuli vera milli eins og fjögurra prósent.

Hrafn telur að til lengri tíma gæti meiri ásókn í verðtryggð skuldabréf umfram óverðtryggð valdið því að vextir á verðtryggðum lánnum lækki en vextir á óverðtryggðum lánnum hækki.

Það gæti þó breyst ef launahækkunir í kjarasamningum verða



„Það hefur verið breitt bil milli samningsaðila og nú þegar harkan eykst þá eykst bölsýni markaðsaðila.“

Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka.

Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka.

óverulegar og verðbólga haldist áfram lág. „En eins og staðan er núna eru engar vísbendingar um að það muni gerast,“ segir Hrafn.

ingvar@frettabladid.is



VERÐBRÉFAMARKAÐUR Meiri sókn í verðtryggð skuldabréf gæti valdið því að vextir verðtryggðra lána lækki.

Fjarvera frá vinnu

Vinnuvernd aðstoðar fyrirtæki að ná yfirsýn yfir fjarvistir í fyrirtækinu og býður vinnustöðum fjölbreytta þjónustu á því sviði s.s. fjarvistaskráningu, fjarverusamtöl, mótun fjarverustefnu, og þjónustu trúnaðarlækna.

Ávinningur vinnustaðar af þjónustu:

- Aukin þjónusta við stjórnendur á mannauðssviði
- Aðgengi starfsmanna að heilbrigðisstarfsfólki
- Skýr vinnubrögð í tengslum við fjarvistir
- Aukið jafnræði
- Minni kostnaður vegna fjarvista

Hafðu samband og við veitum frekari upplýsingar.

Vinnuvernd ehf.
 Brautarholt 28
 105 Reykjavík
 s: 5780800
 www.vinnuvernd.is
 vinnuvernd@vinnuvernd.is

Vinnuvernd ehf
velliðan í vinnu

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	115,50	11,1%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	224,50	-5,3%	0,2%
Fjarskipti (Vodafone)	37,60	7,4%	0,0%
Hagar	42,60	5,3%	0,6%
HB Grandi	36,85	9,0%	-3,9%
Icelandair Group	21,20	-0,9%	1,0%
Marel	155,00	12,3%	2,0%
N1	26,25	13,1%	-0,6%
Nýherji	7,50	44,8%	0,0%
Reginn	15,08	11,3%	-1,8%
Reitir*	63,50	0,6%	0,6%
Sjóvá	10,50	-12,1%	-0,9%
Tryggingamiðstöðin	22,60	-14,1%	-0,9%
Vátryggingafélag Íslands	7,80	-13,8%	-1,1%
Össur	428,00	18,6%	-1,8%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.343,25	2,5%	0,2%

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	27,70	22,6%	6,5%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

*Skráð 9.4.2015 (m.v. útboðsgengi).

Vissir þú að...
 börn eiga rétt á
 nægum svefni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Flotaleiga Þægilegt í rekstri



Lágmarkaðu kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins



Tryggingar



Eldsneyti



Viðhald og
viðgerðir



Fjármögnun



Dekkja-
þjónusta



Lánsbill



Þjónusta

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lykils** er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

Kynntu þér kosti **Flotaleigunnar** og fáðu allar nánari upplýsingar á lykill.is

Flotaleiga

1

Við finnum
saman bíla
sem henta
þínum rekstri.

2

Lykill sér um
kaup og
rekstur bílanna.

3

Þú leigir bílana og
nýtur stærðar-
hagkvæmni Lykils.

Quiz-Up er að opna í Kína fyrir vikulokin á 1.300 milljóna markaði. Notendur munu geta keypt ýmsar vörur og þjónustu í gegnum leikinn:

Quiz-Up á Kínamarkað og verður We-Quiz

Þorsteinn B. Friðriksson, stofnandi og forstjóri Plain Vanilla sem gefur út Quiz-Up, sagði í Klinkinu í Íslandi í dag á Stöð 2 í gærkvöldi að það hefði verið hálfgerð menningarsjökkt að fara til Kína að vinna að útgáfu leiksins þar. Gjörbreyta hefði þurft öllu viðmóti leiksins þannig að hann hentaði fyrir Kínamarkað. Öll grafík leiksins væri til að mynda allt öðruvísi

en í Quiz-Up á Vesturlöndum sem 35 milljónir manna hafa sótt frá því leikurinn kom fyrst út í nóvember árið 2013. Leikurinn er gefinn út í Kína í samstarfi við Tencent Holdings, einn stærsta hluthafa Plain Vanilla. Tencent á og rekur samfélagsmiðilinn WeChat, sem er sá stærsti í Kína en hvorki Facebook né Twitter eru aðgengilegir á Kínamarkaði.

Reyndar verða nýjar leiðir í tekjuöflun með útgáfu Quiz-Up, sem mun heita We-Quiz í Kína. Þannig verður notendum leiksins gert kleift að kaupa ýmsar vörur og þjónustu í gegnum leikinn sjálfan, eins og ýmsar viðbætur við leikinn. Á Vesturlöndum hefur helsta tekjumodel leiksins hins vegar grundvallast á samningum við fyrirtæki sem hafa kostað

nýja spurningaflokka fyrir leikinn. Plain Vanilla gerði til dæmis samning við HBO um spurningaflokka í tengslum við nýjar seríur af þættinum vinsæla Game of Thrones og sambærilegir samningar hafa verið gerðir við Google, Coca Cola og ESPN á Indlandi í tengslum við umfjöllun um krikket, sem nýtur gríðarlegra vinsælda þar í landi.



STÓRHUGA Þorsteinn Friðriksson segir að enn sé nokkuð í að fyrirtækið skili hagnaði.

Reisa eldfjallasetur á Hvolsvelli

Sjóðsstjóri hjá Landsbréfum segir uppsafnaða þörf vera fyrir fjárfestingu í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Sjóðurinn hyggst fjárfesta í verkefni á Hvolsvelli og í Óbyggðasetri í Fljótsdal. Á nú þegar aðild að fjórum verkefnum.

Það er uppsöfnuð þörf á uppbyggingu á afþreyingu í ferðaþjónustu, að mati Helga Júlíussonar sjóðs- stjóra hjá Landsbréfum. Fjölmargir ferðaþjónustuaðilar koma á fund Landsbréfa til að kynna fjárfestingaverkefni. Rétt um tvö ár eru liðin frá því að framtakssjóðurinn Icelandic Tourism Fund I (ITF 1) hóf starfsemi sína. Sjóðurinn, sem er í rekstri Landsbréfa, fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu og á meðal annars hlut í Fákaseli, Ísgöngunum í Langjökli, Hvalasýningunni Whales of Iceland og Borea Adventures.

ITF I er um þessar mundir að ljúka samkomulagi um fjárfestingu í verkefni austur í Fljótsdal innan við Egilsstaði sem gengur undir nafninu Óbyggðasetur Íslands. Þar verður sett upp sýning sem fjallar um óbyggðir og líf í jöðri þeirra á fyrri tímum. „Auk sýningarinnar verða í boði bæði lengri og skemmri göngu- og hestaferðir um nágrennið en þess má geta að leiðin upp úr Fljótsdalnum inn á hálandið er einstaklega falleg en fáir þekkja,“ segir Helgi.

Fleiri verkefni eru á teiknborðinu. „Við erum þessa dagana að vinna með frumkvöðlum að undirbúningi mjög metnaðarfulls verkefnis sem hugmyndin er að reisa á Hvolsvelli og gengur undir nafninu LAVA. Þetta er eldfjalla- og

jarðskjálftasetur og vonandi að það verði að veruleika. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem við erum að vinna að og erum komin hvað lengst með,“ segir Helgi.

ITF I-sjóðurinn hefur nú þegar fjárfest í fjórum verkefnum. Nýlega kom hann að hlutafjár- aukningu í ferðaþjónustufyrirtækinu Borea Adventures sem staðsett er á Ísafirði. Það er fyrirtæki sem gerir út á náttúruupplifun í ósnortnu umhverfi og býður aðallega þrenns konar ferðir. Það eru kajakferðir, fjallaskiðaferðir og gönguferðir, einkum í Jökulfjörðunum og á Hornströndum. „Við erum að byggja upp mjög fína aðstöðu í Jökulfjörðum sem mun styðja mjög vel við núverandi starfsemi en jafnframt skapa tækifæri til vöruþróunar,“ segir Helgi, en fyrirtækið er með afnotarétt af gömlu eyðibýli sem heitir Kleifar og nú er verið að byggja upp.

Hin þrjú verkefni sem ITF I hefur fjárfest í eru vel þekkt. Þar ber fyrst að nefna Fákasel, sem er hestatengd ferðaþjónusta í Ólfusi. Hryggjarstykkið í þeirri starfsemi er hestasýning daglega allt árið um kring en að auki er m.a. boðið upp á styttri sýningar og leiðsögn um hesthúsið. Starfsemi þar hófst í janúar 2014. Í öðru lagi er sjóðurinn stærsti hluthafinn í hvalasýningunni Whales of Iceland sem staðsett er á Grandanum í Reykjavík og var opnuð í febrúar. Í þriðja lagi stendur sjóðurinn að gerð Ísganga í Langjökli sem opnuð verða 1. júní.



FÁKASEL Hryggjarstykkið í Fákaseli er hestasýning sem fer fram daglega.

Helgi segist telja að það séu mikil uppbyggingartækifæri fram undan í íslenskrri ferðaþjónustu. Mikið hefur áunnist í að dreifa álaginu yfir árið. Dreifingin yfir landið er hins vegar enn mjög ójöfn en í því felast líka tækifæri. „Þess vegna höfum við haft ákveðinn metnað til þess að taka þátt í uppbyggingarstarfsemi á landsbyggðinni, samanber þessi verkefni á Ísafirði og Austurlandi,“ segir Helgi.

Sjóðurinn er núna rétt rúm

tvær milljarðar króna að stærð, en Helgi segir mögulegt að hann verði stækkaður.

„Við erum þess fullviss að enn séu mikil tækifæri til fjárfestingar í íslenskrri ferðaþjónustu sem við viljum geta nýtt okkur. Við viljum því gjarnan stækka sjóðinn og auka fjárfestingargetu hans og höfum kynnt þær hugmyndir lauslega fyrir hluthöfum í sjóðnum en munum vinna frekar að því verkefni á næstu vikum,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

„Við erum að byggja upp mjög fína aðstöðu í Jökulfjörðunum sem mun styðja mjög vel við núverandi starfsemi.“

Tröppur og stigar

Múrbúðin auglýsir með verðum!

<p>Áltrappa 3 þrep 3.950 Áltrappa 5 þrep 6.320,-</p>	<p>SM-RLG0 Áltrappa 7 þrep, tvöföld 25.290</p>	<p>RLA-05 Áltrappa 5 þrep, tvöföld 6.610 4 þrepa 5.630,- 6 þrepa 7.800,- 7 þrepa 9.580,-</p>	<p>LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m 17.990</p>	<p>Uppfyllir AN-131 staðalinn</p>
---	---	---	---	-----------------------------------

Meliri gæði
Laggra verð
MÚRBÚÐIN
Símí 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Forstjóri Advania segir fjárfesta ekki reiðubúna til að greiða sérstaklega fyrir græna orku:

Kalda loftið veitir forskot

Hvorki græn orka né lágt verð á rafmagni veitir Íslandi samkeppnisforskot á önnur ríki við uppbyggingu gagnavera hér á landi.

Hins vegar veitir kalda loftið hér á Íslandi mikið forskot. Í slíku loftslagi þarf ekki að fjárfesta í sérstökum búnaði til að kæla gagnaverin. Þetta kom fram í máli Gestis S. Gestssonar, forstjóra Advania, á Kauphallardögum Arion banka á dögunum.

„Það sem hefur reynst okkar samkeppnisforskot er það að við getum kælt með utanaðkomandi kælingu nánast 365 daga. Tölvubúnaður hefur verið að umbreytast þannig að nú má hiti vera orðinn 28-29 gráður inni í gagnaverinu. Það þýðir að utanhúshitinn má vera 24-25 gráður. Hita- metið í Reykjavík er 24,7 gráður,“ sagði Gestur.

Gestur benti á að síðustu hundrað árin hafi hitinn í Reykjavík aldrei farið yfir 25 gráður. Ef hitinn færi upp í 28 gráður þá



GESTUR G. GESTSSON, FORSTJÓRI ADVANIA.

yrði einfaldlega slökkt á gagnaverunum.

Gestur sagði að það væri

reynsla Advania að fjárfestar væru ekki reiðubúnir til að greiða fyrir græna orku.

-jhh



Dalshraun 3 Skrifstofurými tilbúið til innréttinga

Fallegt 650 m² skrifstofurými í austurhluta 2. hæðar. Húsið er nýtt og Reitir munu innrétta rýmið í samráði við nýjan leigutaka. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.



Hátún 2b Sérstætt skrifstofuhús

Vandað 648 m² skrifstofuhúsnæði til leigu á tveimur hæðum auk kjallara. Á báðum hæðum eru rúmgóð og björt opin rými með stórum gluggum auk skrifstofu- og fundaraðstöðu. Þægilegt aðgengi er að húsnæðinu og næg bílastæði.



Fiskislóð 10 Skrifstofurými á 2. hæð

Vandað u.þ.b. 625 m² skrifstofurými til leigu á annarri hæð. Gert er ráð fyrir nýjum sérinngangi með lyftu á bakhlið hússins. Rýmið skiptist í opið rými, fundarherbergi, nokkrar lokaðar skrifstofur og rúmgóða starfsmannaáðstöðu.



Höfðabakki 9 Skrifstofuhæð með útsýni

Endurnýjuð rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt eldhúsum og snyrtingum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Höfðabakki 9 er rekinn með vistvænum hætti með starfandi húsverði.

TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa



HÓTELID KYNNT Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að ef þessi mikli vöxtur í ferðapjónustu heldur áfram þurfi að passa upp á að hótelfjórðunin yti ekki annarri starfsemi út úr miðborginni. Hann sér fyrir sér mikla breytingu á svæðinu í kringum Hlemm á næstu árum.

FRETTAHLAÐI/VALLI

1.500 ný hótélherbergi í Reykjavík

Borgarstjóri segir að í ár og næsta vetur verði 700 ný hótélherbergi til í borginni. Átta hundruð herbergi bætist svo við í fyrirsjáanlegri framtíð. Til skoðunar er að opna þurrkvíar fyrir slippastarfsemi á Grundartanga.

VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



„Á þessu ári og næsta vetur verða opnuð meira en 700 ný hótélherbergi í Reykjavík og í fyrirsjáanlegri framtíð er gert ráð fyrir 800 herbergjum til viðbótar,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Hann boðar í dag til opins kynningarfundar um fjárfestingu í Reykjavík.

Dagur segir að ef sá mikli vöxtur sem hefur verið í ferðapjónustu heldur áfram þá þurfi að sjá fyrir því hvar þessi hótélherbergi eigi að vera þannig að ferðamannabransinn þrýsti ekki út leiguhúsnæði í íbúðahverfum. Það séu tvær hættur í þeirri stöðu þegar eftirspurnin eftir hótélgestingu er orðin svo mikil sem raun ber vitni. „Annars vegar að öll hótélin verði á svipuðum stað eða þá að við mætum ekki þessari eftirspurn og þá ýtir ferðamannagistingin leiguhúsnæðinu út. Og ég sagði það sem mína skoðun fyrir ári á þessum fundi að það ætti að setja stopp á frekari hótél í Kvosinni og sú tillaga er nú komin í gegnum skipulagið og bíður staðfestingar borgarráðs,“ segir Dagur. Það líti allt út fyrir að það verði að fara í gegnum sömu rýni varðandi Laugavegssvæðið þannig að hótéluppbygging yti ekki annarri starfsemi út.

Hlemmsvæðið mun breytast

„Það má hins vegar segja að fjárfestar og ferðapjónustan hafi svar-

að svolítið kallinu. Því að það er að koma ný bylgja hótelfjárfestingar við Hlemmsvæðið sem þolir það vel. Það svæði hefur kallað á fjárfestingu og endurnýjun. Það mátti vel við því að verða andlitslyfting á Hlemmi og þar eigum við á næstu árum eftir að sjá jákvæð andlit ferðapjónustutengdrar fjárfestingar. Það fylgir því heilmikið líf og þjónusta, verslanir og kaffihús. Við sjáum dæmi um hvort tveggja á Hlemmsvæðinu; Reykjavík Roasters er að koma sér fyrir þar og Bónus,“ segir Dagur. Þetta sé aukin þjónusta fyrir íbúa hverfisins.

Samið um hótél á Hörpureit

Þá segir Dagur að það séu miklar framkvæmdir fram undan í Austurhöfninni, á svæði sem er í daglegu tali kallað Holan, við hliðina á Hörpu. Nýir samningar við erlenda fjárfesta um fimm stjörnu hótél við hliðina á Hörpu voru kynntir í gær og það verkefni ætti því að geta haldið áfram. Dagur segir að einnig verði stefnt að því að fara í breytingar á Geirsgötu í sumar. „Við erum að klára hönnun á því, rétta úr götunni og gera hana að skemmtilegri borgargötu í takt við uppbygginguna,“ segir Dagur. Þar verði ný þjónusta og verslanarkjarni, íbúðir á efri hæðinni, fimm stjörnu hótél og atvinnuuppbygging. Þá verði mynduð ný gata sem heitir Reykjargata og nær frá Lækjartorgi og upp að Hörpu. „Þannig að aðgengið milli miðborgarinnar og Hörpu mun batna verulega með þessari uppbyggingu. Það verður mjög spennandi að sjá,“ segir hann.



AUSTURHÖFN Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynnti blaðamönnum líkan af Austurhöfn eins og hún mun líta út með hótélinu.

„Það má hins vegar segja að fjárfestar og ferðapjónustan hafi svarað svolítið kallinu. Því að það er að koma ný bylgja hótelfjárfestingar við Hlemmsvæðið sem þolir það vel.“

Auk hótélbyggingarinnar og uppbyggingarinnar í Austurhöfninni segir Dagur að mikil uppbygging sé fram undan á Vatnsmýrarsvæðinu, tengd háskólunum og sjúkrahúsinu. Þar séu tvær lóðir til viðbótar að fara í uppbyggingu á vísindagarðasvæðinu. Dagur segir ekki alveg tímabært að greina nákvæmlega frá því hvaða fyrirtæki þar séu á ferð, en segir að þetta séu stór mál. „En við erum líka búin að vera að bíða eftir því að Hús íslenskra fræða og stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fari af stað. Það virðist líka vera að gerast. Svo eru vonandi að fara í gang á þessu ári framkvæmdir við nýjan Landspítala,“ segir Dagur, en bætir við að

fyrst verði byggt upp sjúkrahótél.

„Við höfum verið að vinna þessa stefnumótun með Landspítalanum og háskólunum tveimur að draga fram hvernig er hægt að nýta tækifærin sem felast í uppbyggingu á þessum reitum til að markaðssetja svæðið sameiginlega gagnvart fyrirtækjum sem gætu notið góðs af því að vinna í nánú samhengi við háskólaspítala og háskóla,“ segir hann. Þetta gætu orðið heilbrigðistengd fyrirtæki. Dagur segist telja að rannsóknarstofnanir og heilbrigðistengd fyrirtæki séu of dreifð. Það gæti orðið hagur allra ef þau legðu saman krafta sína. „Þá er ég að tala um stofnanir eins og Hjarta-vernd, sem er með alveg ótrú-

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LEIKIÐ VEL

Legoland í Billund í Danmörku er sívinsæll áfangastaður ferðamanna. LEGO var stofnað þar árið 1932 af Ole Kirk Christiansen og framleiddi upphaflega gæðaleikföng úr tré. Christiansen bjó nafnið til úr orðunum LEG GODT sem þýðir leikið vel. LEGO þýðir líka að safna á latínu.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

FRÁBÆR FISKUR Á SJÁVARBARNUM

SJÁVARBARINN KYNNIR. Sjávarbarinn við Grandagarð hefur opnað aftur og fagnar vorkomunni ferskari en nokkru sinni fyrr.

Sjávarbarinn við Grandagarð er orðinn rótgróinn á Grandanum sem er orðið eitt vinsælasta og skemmtilegasta veitingahúsasvæði Reykjavíkur. Eigendur staðarins, Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari og eiginkona hans, Analisa Montecello, opnuðu dyr hans aftur um helgina eftir stutt hlé.

„Aðalsmerki staðarins hefur alla tíð verið sjávarréttahlaðborðið sem við bjóðum upp á bæði í hádeginu og á kvöldin,“ segir Magnús Ingi. „Plokkfiskurinn og fiskibollurnar hafa verið vinsælustu réttirnir og hægt að ganga að þeim vísu á hlaðborðinu. Aðrir réttir eru breytilegir eftir því hvaða fiskur er ferskastur hverju sinni. Við leggjum mikla áherslu á að fá sem ferskastan fisk og það eru hæg heimatökin því að fiskmarkaðurinn er hérna spölkorn frá.“

Sérreittaseðill Sjávarbarsins er fjölbreyttur. „Af vinsælustu réttunum má nefna Fisk og franskar, Sjávarréttapönnu með þremur tegundum af ferskasta fiski dagsins, ásamt humri, rækjum og bláskel, að ógleymdri Sjávarréttasúpunni heimsfrægu.“

Nú er vor í lofti og ferðamönnum fylgjar ört. Magnús Ingi segir þá fjölmenna á Sjávarbarinn. „Við höfum fengið lofsamlegar umsagnir



MYND/VILHELM



MYND/K.MAACK

frá þeim á TripAdvisor-vefnum. Algennt komment frá þeim er „Awesome fish“, eða fráþær fiskur. Við erum farin að nota það sem slagorð staðarins.“

Allt um Sjávarbarinn er að finna á sjavarbarinn.is og Facebook.

UNDRAGÓÐ BLANDA við BÓLGUM og MEIÐSLUM!

Notað í árpúsundir í kínverskum og indverskum náttúrulækningum

Gott við bólgum, íþróttameiðslum og slæmu blóðflæði



20% afsláttur

www.gengurvel.is

Útsölastaðir: Flest apótek, Heilsuþúðir, Fjarðarkaup og Hagkaup.

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN

2 FYRIR 1

af Sjávarréttapönnu með þremur tegundum af ferskasta fiski dagsins ásamt humri, rækjum og bláskel. Aðeins 4.900 kr. fyrir tvo. Klíptu miðann út og taktu hann með þér.

Gildir til 31. maí 2015. Texasborgarar.is s: 517-3130

Hefur bætt liðheilsu þúsunda Íslendinga ... **NUTRILENK™**

KAUPAUKATILBOÐ

Bættu góðu áhrifin með því að taka **GOLD** og **ACTIVE** samhliða!



NUTRILENK ACTIVE fylgir í kaupbæti þegar keypt er 180 töflu glas af **NUTRILENK GOLD***

*Tilboðið gildir til 30. apríl 2015 eða á meðan birgðir endast!



www.gengurvel.is

Útsölastaðir: flest apótek, heilsuþúðir og verslanir



ÍÐA

ÍÐA-bókkakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opið til 22 alla daga.



VINALEG BORG „Helsinki er frábær borg, vinaleg, frekar lítil, nátengd hafinu, norræn en samt svolítið framandleg.“

LÍTIL EN FRAMANDLEG

BORGIN MÍN Halla Helgadóttir á erfitt með að gera upp á milli heimsborga en þó hefur ein borg heillað hana meira en aðrar, höfuðborg Finnlands.

E í ég ætti að velja yrði það Helsinki. Ég hef komið þangað nokkuð oft undanfarin ár og Helsinki er frábær borg, vinaleg, frekar lítil, nátengd hafinu, norræn en samt svolítið framandleg,“ segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, þegar hún er spurð hvort hún eigi sér uppáhaldsborg.

Hún segir íbúa Helsinki vinalega þó að þeir haldi ákveðinni fjarlægð við gesti.

„Finnar eru þægilegir í viðmóti og einhvern veginn líkir okkur Íslendingum. Allavega virðumst við vera þjóðir sem eiga auðvelt með að eiga samskipti, hvernig sem stendur á því.“

GOTT AÐ BORÐA Í TEURASTAMO-HVERFINU

„Það eru margir mjög góðir veitingastaðir og mikil vakning í Helsinki eins og víða á Norðurlöndum. Teurastamo er fyrrverandi iðnaðarhverfi í mikilli uppbyggingu og þróun. Þar er mjög skemmtilegt að þvælast um, veitingastaðir, kaffihús og sérverslanir sem hægt er að mæla með. Þarna fara líka ýmsir viðburðir fram eins og til dæmis Helsinki Design Week. Uppáhaldsveitingastaðurinn minn heitir Kuurna, lítill staður í miðborg Helsinki í eigu eins helsta matreiðslumanns Finna, Antto Melasiniemi. Staðurinn er einfaldur, þjónustan mjög persónuleg og maturinn alveg frábær.“

SPENNANDI HÖNNUNARVERSLANIR

„Ég verð að viðurkenna að ég nenni ekki að eyða tímanum erlendis í að versla. Vel að gera það hér á Íslandi frekar. Ég myndi heldur aldrei treysta mér í alvöru verslunarferð og þoli illa að vera í stórum verslunarmiðstöðvum. En í borginni er skemmtilegt svæði, Helsinki Design District, þar sem



HELSENKI Í UPPÁHALDI „Ég hef mest gaman af því að eiga erindi við heimamenn þegar ég er að ferðast og kynnast menningu hvers staðar. Til dæmis horfi ég alltaf á lókal sjónvarpsstöðvar þegar ég ferðast til að reyna að komast í samband við það sem er að gerast. Líka þótt ég skilji ekkert í tungumálinu.“ Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar.

MYND/VALLI

eru margar litlar og skemmtilegar hönnunarverslanir.“

NAUÐSYNLEGT AÐ SKELLA SÉR Í SAUNA

„Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að fara í sauna þegar maður er í Helsinki og þá helst Kulttuuri sauna, sem Tuomas Toivonen arkitekt hannaði og byggði. Annars er skemmtilegt, eins og í flestum borgum, að þvælast um og upplifa borgina. Nálægðin við hafið gefur ýmsa skemmtilega möguleika á siglingum og stuttum túrum út í eyjar eins og Suomenlinna. Með krakka er gaman að fara í Linnankmäki-garðinn eða í ferð í Múmindalinn. Svo er gaman að skoða söfn eins og Kiasma, nútímalistasafnið og nýja tónlistarhúsið. Porvoo er lítill bær sem ég á enn eftir að heimsækja en skilst að sé sérlega fallegur. Fyrir þá sem hafa gaman af tungumálum má líka skemmta sér við að lesa á götuskilti og aðrar merkingar. Ég hef mest gaman af því að eiga erindi við heimamenn þegar ég er að

ferðast og kynnast menningu hvers staðar. Til dæmis horfi ég alltaf á lókal sjónvarpsstöðvar þegar ég ferðast til að reyna að komast í samband við það sem er að gerast. Líka þótt ég skilji ekkert í tungumálinu.“

LEIÐ EINS OG INNFÆDDRI

„Þegar maður er í erlendum borgum er oft erfitt að átta sig á stærðinni. Ég hafði komið nokkrum sinnum til Helsinki vegna vinnu og þekkti nokkra kollega í borginni. Þegar ég kom með manninum mínum eitt sinn hitti ég fjóra kunningja fyrir tilviljun á rölti hér og þar í miðborginni. Það fannst mér magnað og leið strax eins og innfæddri.“

ER „BARA“ FRÁ REYKJAVÍK

„Æskulóðirnar mínar eru gamli Vesturbærinn í Reykjavík. Þegar ég var lítil fannst mér mjög dauflegt að þurfa að svara að ég væri „bara“ frá Reykjavík. Þegar maður segir það hér heima á Íslandi er það enn þá svolítið eins og að eiga hvergi uppruna.“

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Indverskar grænmetisbollur
með dödlumauki og jóгурtsósu

Ljómandi LÍFSORKA



Heilsuvisir

NÆRANDI ÞÆTTIR

Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS

Fylgstu með þessum fróðlegu örþáttum á visir.is/heilsuvisir.

Vísir.is er hluti af **365**

vísir

HIMNESKT

FAKAFENI




ora
Ástríða í matargerð

NÝTT FRÁ ORA

Prófaðu síld í dillsósu og chilli síld
fæst í helstu verslunum

Tónleikur kynnrir

Horses 1975-2015




Patti Smith
ásamt hljómsveit
flytja Horses

ARISTA

Mánudagur 17. ágúst 2015

Eldborgarsal Hörpu

Miðasala hefst á morgun kl 10:00
Harpa.is - midi.is og í síma 528 50 50



Hægðalosun innan 15 mínútna

Þjáist þú af hægðatregðu?

Microlax mýkir harðar hægðir og hjálpar til við hægðalosun með einföldum hætti

- Hraðvirkt
- Fyrir bæði börn og fullorðna
- Staðbundin verkun í endaparmi og skilst út með hægðum
- Microlax hefur verið í notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi

Microlax endaparmslausn (inniheldur natriúmsítrat og natriúmálsúlfóasetat) fæst án lyfseðils og er notað við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaparmsspeglun eða röntgenmyndatöku. **Skammtar:** Fullorðin og börn: 1 tupa í endaparm u.p.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Smíðið endá túbuspótans af og smyrjið endann með dröpa af innihaldinu. Færið allan sprotann inn í endaparm, hjá börnum yngri en 3 ára skal einungis færa sprotann inn að hálfu. Tæmið túbuna alveg og haldið samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út. **Frábendingar:** Örnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum. **Varnaðarorð:** Gætið varuðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Notið ekki ef einstaklingur þjáist af blæðandi eða særandi gyllinaeð, þarmabólgu eða bráðum maga- eða þarmasjúkdömi. Má aðeins nota daglega í skamman tíma. Óeðlilega mikil notkun getur valdið niðurgangi og vökvatpi. Ef þörf er á hægðalyfjum daglega skal kanna ástæður hægðatregðunnar. Tíð eða endurtekin notkun í meira en viku getur valdið ávanabindingu. Ef blæðir frá endaparmi eða ef engin hægðalosun verður eftir notkun getur ástæðan verið alvarleg. Skal þá meðferð hætt og leitað læknis. Inniheldur sorbinsýru sem getur valdið staðbundnum útbrotum. **Meðgangi og brjóstgjöf:** Ekki er búist við óæskilegri verkun hjá fósturum/nyburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. IS/MIC/201411-2



PARÍS Pont Des Arts-brúin í París. Yfirvöld eru mikið á móti hengilásum elskenda, enda skemma þeir brýrnar.

ÁSTIN ÓVINSÆLA

LÁSAÆÐI Frá árinu 2008 hefur gengið hálfgerð ástarlásaæði yfir Evrópu. Allar helstu brýr í stórborgum eru þéttsettar hengilásum. Lásarnir eru tákni um eilífa ást og lyklinum er gjarnan hent út í ána. Það eru þó ekki allir hrifnir af þessu uppátæki sem hefur kostað sveitarfélög mikinn pening. Íslendingar eiga líka sína lásabru á Reykjanesi þar sem heimsálfurnar mætast.

Saga ástarlása nær þó lengra aftur á bak í tímann en til 2008. Fyrst er vitað um tilurð slíkra lásna í Serbíu í fyrri heimsstyrjöldinni. Þör hittust leynilega á brú og hengdu lás með nöfnum sínum á handrið til að innsigla ástina áður en kærastinn hélt í stríðið. Ástarlásar voru ekki algengir eftir stríð en árið 2007 fóru þör að setja hengilása með nöfnum sínum á hina frægu brú Ponte Milvio í Róm. Það var gert til að herma eftir sögupersónum í ítölsku kvikmyndinni *Ho voglia di te* (I Want You) sem frumsýnd var árið 2007 en myndin var gerð eftir sögu Federico Moccia. Lyklunum var síðan hent í Tíber.

Þyngd lásanna var orðin svo mikil á brúnni að borgarstarfsmenn hafa þurft að fjarlægja þá. Það sama er að gerast í öðrum borgum eftir að æðið hófst. Lásar hafa meðal annars verið fjarlægðir af brúm í París vegna þyngsla. Strax árið 2010 fóru borgaryfirvöld þar að lýsa yfir áhyggjum vegna lásanna og biðja fólk að hætta þessum ósið. Á það var ekki hlustað og á síðustu árum hafa lásarnir verið fjarlægðir og plastspjöld sett í staðinn á brúarhandriði til að vonlaust sé að henga á það.

LÁSARNIR SKEMMA

Margir virðast halda að þetta sé sérstök Parísarhefð þar sem lásar hanga á öllum brúarhandriðum og jafnvel á grindverkum almenningsgarða. Parísar-búar sverja þetta æði af sér þótt borgin sé gjarnan nefnd borg ástarinnar.

Í Flórens á Ítalíu voru 5.500 ástarlásar fjarlægðir af hinn þekktu brú Ponte Vecchio. Sömuleiðis eru brýrnar í Fenejum í mikilli hættu og stöðugt er verið að taka lásana burt en nýir koma þó endalaust í staðinn. Talað er um að setja háar sektir þar í borg svo fólk láti af þessum ósóma.

Í Dublin á Írlandi voru hengilásarnir fjarlægðir af tveimur brúm árið 2012. Brýrnar voru farnar að skemmast undan þunganum eins og aðrar frægar, gamlar brýr. Borgaryfirvöld hafa tilkynnt að allir lásar, sem hengdir verða á brúarhandrið, verði fjarlægðir.

HERFERÐ GEGN BRÚARÁSTINNI

Í Þýskalandi er sömuleiðis í gangi herferð til að fjarlægja lásana, enda ryðga þeir og skemma út frá sér. Lásana má sjá í flestum borgum Þýskalands og sömuleiðis á Spáni. Í Moskvu hefur ástarlásaæðið tekið sig upp á Luzhkov-brú. Til að forðast skemmdir á brúarhandriðinu hafa yfirvöld sett upp málmtré sem ætluð eru fyrir lásana. Nú þegar eru hundruð þúsunda lásna á þessum málmtrjáum. Nýleg rússnesk hefð er að brúðhjón kyssi brú á brúðkaupsdaginn til að innsigla ástina.


Ástarlásaæðið hefur farið hratt um Evrópu á undanföllum árum og flestar stærri borgir eru með yfirfullar brýr af hengilásum. Í Asíu er þessa



REYKJANES Brúin milli heimsálfa á Reykjanesi er skreytt ástarlásum. MYND/VILHELM



Á ÍSLANDI Hér sjást lásarnir á Reykjanesi betur. Mögulega má finna ástarlása á brúm víðar um landið. MYND/VILHELM



KÖLN Ástarlásar í Köln. Víða í þýskum borgum má sjá ástarlása á brúarhandriðum og eru margir með áhyggjur vegna þess.

farið að gæta einnig og meira að segja á Íslandi. Á heimsálfubrunni á Reykjanesi má sjá marga ástarlása. Fréttir berast frá öðrum heimsálfum að þar hafi æðið tekið sig upp. Á Brooklyn-brú í New York, í Kanada, í Ástralíu og víðar um heiminn. Það má því með sannri segja að ástin fari sigurför um heiminn.



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakomun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Nýir hollusturéttir við allra hæfi



Eftir að bækurnar okkar Heilsuréttir fjölskyldunnar og Nýir heilsuréttir komu út kom í ljós að fólk hefur því miður ekki alltaf tíma til þess að elda næringarríkan mat frá grunni eins og það vildi gera, m.a. til þess að forðast aukaefni og of mikinn sykur. Þannig að fljótlega varð okkar næsta verkefni að búa til heilsurétti án aukaefna, viðbættis sykurs, eins og maturinn væri í raun matreiddur í eldhúsinu heima, en samt hægt að kaupa tilbúna úti í búð. Við höfum útbúið þrjá nýja heilsurétti, **Grænmetislasagna**, **Gulrótarbuff** og **Indverskar grænmetisbollur**. Bragðgóðir réttir, fullir af þarflegum næringarefnum.

Bestu kveðjur, Berglind og Siggí.



BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Mazda 323 7/1998 ek. 240þús. Beinskiptur. Nýskoðaður. Nýtt í bremsum allan hringinn. Nýsmurður. Nýskoðaður. TILBOÐSVERÐ 250.000.- Rnr.311156



Kia Sportage EX 4WD 4/2012 ek.86þús. Sjálfskiptur. Ný gýðvarinn. Ný sumardekk. Ásett verð 3.890.000.- Rnr.151067



Suzuki Grand Vitara Premium 4/2011 ek.92þús. Beinskiptur. TILBOÐSVERÐ 2.690.000.- Rnr.104654



Honda Jazz Elegance 6/2013 ek.44þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 2.390.000.- Rnr.311116



Suzuki Alto GL 5/2014 ek.15þús. Beinskiptur. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.104806



VORTEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bilarýðvörn sími 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



SKODA Octavia ambiente combi. Árgærd 2007, ekinn 137 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000.



HONDA Accord. Árgærd 2013, ekinn 35 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.290.000.



MMC Pajero. Árgærd 2012, ekinn 36 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.950.000.



MERCEDES-BENZ E 200 cdi. Árgærd 2012, ekinn 181 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Tilboð 4.490.000.-



SKODA Octavia ambiente combi. Árgærd 2012, ekinn 128 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000.

MB BÍLAR
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opið 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is



2015 NÝIR FORD F350

Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hó, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kiktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is




TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2013, ekinn 82 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.991120.



NISSAN Qashqai se. Árgærd 2013, ekinn 41 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.240448.



MERCEDES-BENZ C 200 kompressor. Árgærd 2007, ekinn 80 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.250009.



Kia Sportage EX 4wd. Árgærd 2013, ekinn 39 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.990868. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



NÝR BÍLL - GOTT VERÐ!

NISSAN Leaf acenta. Árgærd 2015, ekinn 0 P.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.111492.



NÝR BÍLL - GOTT VERÐ!

NISSAN Leaf acenta. Árgærd 2015, ekinn 0 P.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.111570.

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is



Rafmagnsfjallareihjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



Toyota Land Cruiser 100 Árgærd 2000. Ekinn 250þ.km. Dísel. Sjálfsk. 35" breyttur. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 2.980.000kr. Raðnr 157122. Sjá á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



100 bílar ehf

Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is



Skoda Octavia station 98, þarfnast léttar lagfæringa þar á meðal hjólalegu. ek. 220þús. Næstum ný heilsársdekk Uppl. í s. 8986869

0-250 þús.



Peugeot árgærd 1999. Þarfnast viðgerðar. Verðhugmynd 100þkr. GSM 820 6680.

250-499 þús.



Ford Focus Wagon árg 99, ek. 140 þús, sko ,16, lítur vel út. Verð 490 þús, tilboð 350 þús. Möguleiki á 100% visaláni. S. 841 8955

GÓÐUR BÍLL Á TILBOÐI 350 ÞÚS!

Ford Focus Wagon árg 99, ek. 140 þús, sko ,16, lítur vel út. Verð 490 þús, tilboð 350 þús. Möguleiki á 100% visaláni. S. 841 8955

til sölu

Til sölu Húsbíll Fiat Benimar Perseo 680



Árg. '06 ek. 21 þús
2,8 vél dísel beinsk.
Sko '15, skráður fyrir 4,
dráttarbeysli, hjóla-
grind, bakkmyndavél
öfl. Einn eigandi.
Verð 7,5 millj.

Upplýsingar í síma. 868 2352 Sævar

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lyst vel á. Uppl. s. 691 9374.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Viðgerðir

BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR

Getum bætt við okkur nokkrum kúnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.

Yfir 25 ára reynsla í sölu á notuðum bílum 1988-2015



TOYOTA Auris terra. Árgærd 2013, ekinn 61 P.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 2.390. Ásett verð 2.650 Rnr.114513.



MERCEDES-BENZ E 200 kompressor komp avantgarde. Árgærd 2007, ekinn 66 P.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.890. Ásett verð 3.290 Rnr.114255.



TOYOTA Land cruiser 150 gx "leður". Árgærd 2012, ekinn 67 P.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 7.390. Ásett verð 8.250 Rnr.320039.



FORD Explorer ltd 4x4 limited. Árgærd 2008, ekinn 162 P.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.350. Ásett verð 2.950 Rnr.114458.



MERCEDES-BENZ Ml 350 bluetec 4matic. Árgærd 2012, ekinn 42 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.900. Lækkað verð Rnr.210212.

Yfir 100 bílar á staðnum

Bíll með myndum selst betur

Innisalur

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diskur og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRÍ ÁRGERÐ. VERÐ NÚ FRÁ 75.000,- TAKMARKAÐ MAGN.

EL - BIKE.IS
Bíndir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



Bílapjónusta



Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Varahlutir



FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

VY-PRÍF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningabjónustan Ró ehf. s. 780 3939

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnabjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR



Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótörum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, slátturaktarar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Garðabjónusta Íslands ehf

www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Bókhald

Bókhald

- Skattframtöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilgreinar
- Stofnun fyrirtækja

Sanngjarnt verð

Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

SKATTFRAMTAL 2015

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraráðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID

Spámbíll Tarot lestur og kristalkúla
Vísu 566 7311
Tímagoðanir í síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjornuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

Húsviðhald

VIÐHÖLD

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- murviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- flislagningar
- jarðvinna
- heilulagnir
- ákkaðningar

Sími 567 6699

vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is



Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733



Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta



PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?

Við bjóðum upp á eftirfarandi:

- Götusópun
- Gangstéttarsópun
- Pvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun
Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is
S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

KEYPT & SELT

Til sölu

FATALAGER PROTABÚS TIL SÖLU.

Protabú hefur til sölu lager, 15-20 vörubretti af fatnaði, aðallega af gerðinni NIKITA en einnig önnur merki.

Áhugasamir hafi samband við Ívar Þór Jóhannsson hdl., skiptastjóra í síma 595-4545.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

GLER AFGREIÐSLUBORÐ/ SÝNINGARKASSAR

Óska eftir afgreiðsluborði þar sem helst hægt að skoða vörur í - því eldra því betra, skoða allt. S.663-5684

S.663-5684

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313
leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!

Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031

Atvinnuhúsnæði

FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI

Til sölu ný 51,7 m2 bil. Mikil lofthæð. Góðir gluggar. 10 m2 millil. mögul. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. Hurð 3,95. Góð fjárfesting. S: 661-6800 og 564-6500

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frí. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smíðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

atvinna



Auglýst eftir Skipstjóra og vélaverði. Róið í viku og frí í viku.

Skipstjóra og vélavanan mann vantar á skipið Blíðu SH 277 sem gerð verður út í dagróðrum frá Stykkishólmi. Skipið er 60 tónna stálskip sem haldið verður til Beitukóngsveiða og munu tvær þriggja manna áhafnir róa í sjö daga til skiptis. Úthaldið byrjar seinnipart maí og nær fram í byrjun febrúar og hugsanlega lengur.

Áhugasamir sendi upplýsingar til lbj@royalicedland.is eða hringi í síma 8922327

fundir / mannfagnaður

Aðalfundur 2015

Aðalfundur Félags bókgærdarmanna verður haldinn fimmtudaginn 16. apríl kl. 17.00, að Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmegin.

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfssár
2. Reikningar sjóða félagsins
3. Lagabreytingar
4. Stjórnarskipti
5. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
6. Kosning ritstjóra
7. Kosning í fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins
8. Nefndakosningar
9. Önnur mál

ATH Lögð verður fram tillaga um breytingu á nafni félagsins á fundinum. Tillaga er um nafnið **Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum**. Einnig verður tillaga um fækkun varamanna í stjórn félagsins úr sex í fjóra. Kynning á lagabreytingum ásamt greinargerð verður einnig á vef félagsins, www.fbm.is, sjö virkum dögum fyrir aðalfund.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.



Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrar framkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu FBM frá og með 7. apríl 2015.

Stórhöfða 31, Sími 552 8755
www.fbm.is fbm@fbm.is

tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Borun hola SVA-25 og SVA-26 í Svartsengi

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á www.skipulagsstofnun.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 15. maí 2015.

atvinna

Snyrtivörueildssala leitar eftir samviskusömum og áreiðanlegu starfsfólki.



Við leitum að sölumanni og bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

Umsóknir sendast á box@frett.is merkt „Snyrtivörur“

útboð

ÚTBOÐ

GARÐABÆR, ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í VERKIÐ:

Viðgerðir og yfirlagnir gatna og stíga í Garðabæ 2015

Um er að ræða viðgerðir á malbiki gatna og yfirlagnir á götum auk malbikunar á stígum í Garðabæ.

Verkinu skal lokið fyrir 31. ágúst 2015.

HELSTU MAGNTÖLUR ERU:

Malbikun - yfirlögn	12900 m ²
Fræsun gatna	2000 m ²
Viðgerðir á malbiki	600 m ²
Malbikun á stígum	3000 m ²

Útboðsgögn er hægt að nálgast hjá Eflu verkfræðistofu, miðvikudaginn 15. apríl 2015, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.

Tilboð verða opnuð hjá Eflu verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, miðvikudaginn 29. apríl 2015, kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið

fasteignir

BORGIR

FROSTAFOLD 12 – íbúð 202



OPÍÐ HÚS

OPÍÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG KL. 18.00 TIL 18.30

Borgir s. 588-2030 kynna: Fallega og rúmgóða og vel skipulagða þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi með sér inngangi af aðkomu svölum. Íbúðin er skráð 79 fm en auk þess er ca 6 fm sér geymsla í kjallara sem ekki er skráð svo rétt stærð séreignar á líklega að vera ca 85 fm. Stórar suður svalir. Þvottahús innaf eldhúsi. Tvö góð svefnherbergi og rúmgóð stofa. Parket og flisar á gólfum. Íbúðin losnar 1. júlí. Íbúð nr. 202

Ásett verð kr. 27.8 milj.

Sölumaður Borga á staðnum s. 896-8030

Allir velkomnir milli kl. 18.00 og 18.30 miðvikudaginn 15. apríl.

Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030 • borgir@borgir.is
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTAIGNIR.IS

Brautarholt 10 - 14



Eignamiðlun og Miklaborg kynna:

Hér er um að ræða heila húseign sem er fjórar hæðir. Lyfta er í stigahúsinu. Samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands er birt flatarmál eignarinnar 2070,5 fm að birtu séreignarflatarmáli. Heildarflatarmál eignarinnar (matshluta 02) er 2.238,2 fm skv. teikningum. Húsið er steinsteypt og byggt árið 2001. Húsið stendur á 3.859 fm leigulóð frá Reykjavíkurborg. Lóðin er iðnaðar- og athafnalóð og er sameiginleg með Skipholt 11-13. Á heildarlóðinni eru 98 malbikuð bílastæði. **V. 470 m.**

FASTAIGNASALAN
MIKLABORG

EIGNAMIÐLUN

588 9090 • www.eignamidlun.is • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

„Pá er ég að tala um stofnanir eins og Hjartavernd sem eru með alveg ótrúlega merkar langtímarannsóknir, sem er hafsjór fyrir doktorsnema, framhaldsnema og aðra.“

lega merkar langtímarannsóknir, sem er hafsjór fyrir doktorsnema, framhaldsnema og líka aðra. Við erum með Íslenska erfðagreiningu sem er að framleiða mjög mikið af niðurstöðum sem nýtist fyrir atvinnulífið og líka fræðasamfélagið,“ segir hann.

Dagur segir að borgin eigi líka lóðir í grennd við Landspítalaskvæðið og að það sé vilji til að nota þær til að laða að starfsemi af þessu tagi inn á svæðið. „Við erum síðan með áform um það að fara í nýja samgönguhugsun fyrir Vatnsmýrina og Kvosina. Ég hef kallað þetta okkar eigin Danmörk. Þetta er svona flatlendi og kjörstaða fyrir umfangsmiklar hjólaleigur og skyndibíla og nýja hugsun í samgöngumálum þar sem við erum með öflugum stofnleið; strætó eða í framtíðinni hraðvagna. Þú myndir stoppa á BSÍ og fara annaðhvort með rafskutlunni sem myndi þjóna miðborginni og háskólasvæðinu eða hoppa upp á hjól sem þú ættir með þúsund öðrum eða nota skyndibíl ef þú ættir þannig erindi. Þannig yrði þetta miklu liprara samspil milli samgöngumáta þar sem þú værir ekki að hringsóla og leita að stæðum, en þú myndir samt komast jafn hratt yfir,“ segir Dagur.

Skoða möguleika á þurkviðum

Dagur segir að borgaryfirvöld sjái líka fyrir sér spennandi hluti á hafnarvæðunum. „Á Grundartanga er auðvitað Silicor-verkefnið langstærst. Þar er Eimskip búið að taka frá tvær lóðir og þar er verið að skoða möguleika á þurkviðum, slippastarfsemi, án þess að við viljum loka fyrir slippastarfsemi í gömlu höfninni,“ segir Dagur. Slippurinn á Grundartanga yrði þá hugsaður fyrir stærri skip. Þá segir hann að borgin hafi keypt land í Varmadal, sem er flatlendi í framhaldi af Esjumelum, þar sem gæti verið kjörlandi fyrir gagnaver, ef þau vilji koma. „Það er svo sem engin tímapressa af okkar hálfu en við erum búin að greina þann markað þannig að hann taki ákvarðanir mjög hratt. Við teljum að það þurfi að liggja fyrir gott skipulag sem gerir ráð fyrir gagnaverum í ekki mjög langri fjarlægð frá borginni og viljum gera þetta svæði klárt fyrir þannig verkefni. Þarna væru töluvert miklir stækkunarmöguleikar. Ef fyrirtæki á þessu sviði vilja stækka sig hratt, þá eigum við kjörsvæði fyrir þannig starfsemi sem er dæmi um græna starfsemi,“ segir Dagur.

Stýrihópur á vegum borgarinnar skoðar nú framtíð Gufnessvæðisins og gamla Áburðarverksmiðjúsæðisins. „Við munum auglýsa eftir hugmyndum um nýtingu þeirra mannvirkja sem við sjáum fyrir okkur að standi þar og fyrirtæki sem vilja koma inn á svæðið og mér finnst spennandi að sjá þetta sem blöndu af fyrirtækjum sem við getum sagt að séu á sviði skapandi greina, þarna eru nú þegar hljóðver og minni fyrirtæki búin að koma sér fyrir,“ segir Dagur.

MIKIL UPPBYGGING FYRIRSJÁANLEG Í ÚLFARSÁRDAL, Á KIRKJUSANDI OG VIÐ VOGANA




KIRKJUSANDSREITUR Á næstunni verður byggt við húsnæði Íslandsbanka.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á fjárfestingafundi Reykjavíkurborgar verða kynntar fjárfestingar Reykjavíkurborgar í innviðum; skólum, sundlaugum og öðru. Stærsta verkefnið þess eðlis er í Úlfarsárdal. Það eru skólamanvirki og íþróttamanvirki fyrir Fram sem þá myndi færa sig úr Safamýrinni og síðar kæmi menningar-miðstöð og sundlaug í loka-áföngum þess verkefnis.

„Það undirstrikar það verkefni okkar að hugsa Grafarholt og Úlfarsárdal sem eitt einstakt hverfi, en við erum líka að

búa undir kjöraðstæður fyrir fólk sem vill flytja í dalinn. Og teljum okkur með þessu vera að gera það eftirsóknarvert, að við viljum að dalurinn verði fullbyggður á ekki of löngum tíma,“ segir hann. Þá muni Reykjavík fara nýjar leiðir í samstarfi við einkaaðila á þremur uppbyggingsvæðum; í Vesturbugt, á Kirkjusandsreitnum og í Vogabyggðinni. Þriðja svæðið er stærsta svæðið þar sem hugmyndir eru uppi um þetta byggð við Elliðaárvoginn.



Yfir
100
fasteignir

400
leigutakar

273
þúsund m²

Virði fasteigna

62
milljarðar

Styrkar stoðir öflugs atvinnulífs

Við sérhæfum okkur í rekstri og leigu atvinnuhúsnæðis af öllum stærðum og gerðum og höfum yfir að ráða eignum á eftirsóttum stöðum. Við þjónum viðskiptavinum í fjölbreyttri starfsemi og hýsum yfir 400 leigutaka í yfir 500 leiguingum bæði stór og smá fyrirtæki, opinberar stofnanir og félagasamtök. Þessi mikla dreifing viðskiptavina rennir styrkum stöðum undir rekstraröryggi um leið og hún eflir þekkingu okkar á margvíslegum þörfum atvinnulífsins og þar með getuna til að veita fyrsta flokks þjónustu.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200 eða utleiga@eik.is.

EIK
FASTEIGNAFÉLAG

Hittir Þróttara tvisvar sinnum í viku í fótbolta

Guðjón Auðunsson hefur staðið í ströngu við að undirbúa skráningu Reita í Kauphöll Íslands. Hann hefur fjölbreytta starfsreynslu og stýrði skrifstofum Eimskips í Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, hefur staðið í ströngu undanfarið við að undirbúa skráningu fyrirtækisins í Kauphöll Íslands. Viðskipti með bréfin hófust svo á fimmtudag í síðustu viku.

Guðjón hefur langa starfsreynslu að baki. Hann hefur verið forstjóri Reita í tæp fimm ár. Áður var hann í níu ár hjá Essó, sem síðar rann inn í N1, og þar áður hjá Eimskipi í níu ár.

„Ég tók mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum og markaðssetningu frá Háskólanum í Álaborg í Danmörku. Þegar ég kom til Íslands var ég lektor í tvö ár á Bifröst eftir að honum hafði verið breytt í háskóla og kenndi þar,“ segir Guðjón. Hann segir að það hafi verið mikil reynsla að taka á móti námsefni í fimm ár og verja síðan tveimur árum á eftir í að miðla því til annarra.

Guðjón sinnti fjölbreytilegum verkefnum hjá Eimskipi, eftir að hann byrjaði þar árið 1991. „Ég var yfir markaðsdeild og var framkvæmdastjóri Eimskips í Bandaríkjunum og svo í Hamborg í Þýskalandi í tvö ár,“ segir hann. Hann segist ekki geta svarað því

til hvaða vinnustaður sé skemmtilegastur, Eimskip, Esso eða Reitir. „Þetta er eins og að gera upp á milli barnanna sinna. Þú færð mig ekki til að svara þessu,“ segir Guðjón og hlær. Hann tekur fram að það sé ótrúlega samheldinn hópur sem hann hafi hitt á báðum þeim fyrri vinnustöðum sem hann var á, Esso og Eimskip, og hann hitti fyrrverandi samstarfsmenn sína þaðan reglulega.

Guðjón segist hafa unnið að skráningu Reita eiginlega allt frá því að hann byrjaði sem forstjóri. „Félagið var að langstærstu leyti í eigu viðskiptabankanna þriggja. Þeir gátu ekki átt þetta félag til framtíðar og um það var gert samkomulag við Samkeppnis-eftirlitið að þeir þyrftu að koma þessu félagi af sínum höndum innan tiltekins tíma,“ segir Guðjón. Verkefni hans á undanförunum árum hafi því verið daglegur rekstur fyrirtækisins, endurfjármögnun þess og undirbúningur fyrir skráningu á markað.

Guðjón ver frítíma sínum að mestu leyti í hreyfingu. „Mér finnst útivera skemmtileg. Á sumrin er það golfið. Ég er dottinn í það að klífa fjöll og er að

byrja að láta plata mig í það að vera á hjóli,“ segir Guðjón. Á veturna er hann aðallega í því að spila fótbolta. „Frambyggðir Þróttarar hittast tvisvar í viku og spila fótbolta saman og svo læt ég plata mig í spinning reglulega,“ segir Guðjón. Hann reyni því að hjóla inni á veturna en úti á sumrin.

jonhakon@frettabladid.is

VERKEFNINU LOKIÐ Guðjón Auðunsson hringdi bjöllunni í Kauphöllinni við upphaf fyrsta viðskiptadags.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



DRÍFANDI OG HRÍFUR AÐRA MEÐ SÉR



Það er ekkert sirka hjá honum. Hann veit alltaf nákvæmlega hvað hann er að gera. Hann horfir fram í tímann og ef hann er að fara að gera eitthvað þá planleggur hann það mjög vel. Ef það er eitthvað sem kemur á óvart þá hefur hann gert ráð fyrir því að það kæmi á óvart. Hann er heilmikill íþróttamaður og er farinn að hjóla núna. Hann leggur sig fram við það sem hann er að gera og er keppnismaður. Hann er góður félagi og heilsteyptur og hefur góð og heilbrigð prinsíp. Hann er ekki nógu lélegur í skák (svo ég eigi betra með að vinna hann) og svo er hann ekki nógu elskur að hundum systur sinnar. Aðra galla skortir hann tilfinnanlega.

Sveinn Valgeirsson, prestur í Dómkirkjunni.



Við Guðjón höfum unnið saman á tveimur vinnustöðum, fyrst hjá Eimskipi og síðar hjá Olíufélaginu. Hann er frábær samstarfsfélagi og mjög kær og traustur vinur. Guðjón er hörkuklár, strategískur, hugmyndaríkur og markaðsþenkjandi. Ég hef alltaf litið á Guðjón sem leiðtoga, hann er framsýnn, hefur góða tilfinningagreind, hrífur fólk auðveldlega með sér og er mjög drífandi. Ofan á þetta allt saman er hann líka mjög skemmtilegur. Óþolinmæði kemur upp í hugann ef ég á að benda á einhverja galla. Ég veit að Guðjón er mikill áhugamaður í golfi og setur mikla pressu á sig við að lækka forgjöfina. Það pirrar hann hvað það gerist hægt.

Auður Björk Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá VÍS

BMW EfficientDynamics

X3 xDrive20d 5,0 l/100 km 141 kW (190 hð)



BMW X3

www.bmw.is



Hrein akstursgleði

BMW X3 ER TILBÚINN Í NÆSTU ÁSKORUN.

REYNSLUAKTU NÝJUM BMW X3 Í DAG.

Á meðan þú leitar að skemmtilegri upplifun, leitar BMW að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið í BMW X3. Nýr X3 xDrive20d með 190 hestafla dísilvél og Steptronic 8 þrepa sjálfskiptingu notar einungis 5,0 l/100 km* í blönduðum akstri.

BMW X3 xDrive20d. Verð frá 7.590.000 kr. Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, Sensatec leðuráklæði, lykillaus gangsetning, 6,5" litaskjári í mælaborði, handfrjáls búnaður (Bluetooth) fyrir síma og tónlist.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Póstdreifing



FJÖLPÓSTUR SEM VIRKAR!

Fjölóstur er óáritað kynningar- og auglýsingaefni sem er dreift til fyrirtækja og heimila. Fjölóstur er einn sterkasti auglýsingamiðillinn sem völ er á, í góðum fjölósti er hægt að koma fyrir betri upplýsingum um vöru eða þjónustu heldur en í hefðbundnum auglýsingum. Samkvæmt könnun Gallup lesa um 61% landsmanna fjölóst og af þeim eru um 22% sem kaupa auglýstan hlut/þjónustu.

Óáritað kynningar- og auglýsingaefni.

Staðbundin skilaboð, hægt að velja pósthúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.

Sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill.



198.250 Íslendinga eða 61% lesa fjölóst.



Af þessum 61% versla 22% auglýsta vöru.

Krónueignir slitabúa eru „mengun“ í efnahagsreikningi þjóðarbúsins:

Stöðugleikaskattur er mikilvægt skref

Stöðugleikaskattur sem forsætisráðherra hefur boðað er síður en svo einsdæmi og er mikilvægt skref í átt að því að afnema fjármagnshöft hér á landi.

„Hinar talandi stéttir“, þ.e. einstakir fjölmiðlar, stjórn-málamenn og aðrir, virðast hafa farið af hjörnum yfir ummælum forsætisráðherra um stöðugleikaskatt á flokksþingi Framsóknarflokksins um liðna helgi. Stöðugleikaskattur er hins vegar ekki óþekkt fyrirbæri og hefði mönnum dugað einföld leit á Google með orðunum „stability levy“ til að glöggva sig betur á fyrirbærinu.



Markaðshornið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

Núna hefur forsætisráðherra lýt því yfir að slík skattlagning sé á dagskrá og slík áform verði kynnt nánar.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri var gestur á fundi efnahags- og viðskipta-nefndar Alþingis á mánudag. Már sagði á fundinum að stöðugleikaskatturinn væri eiginlegur mengunarskattur og líkti krónueignum slitabúa föllnu bankanna við eiginlega mengun í efnahagsreikningi Íslands. Þetta var ágætis samlíking hjá seðlabankastjóra.

Þegar mengunarskattar eru annars vegar er rætt um að þeir borgi sem mengi (e. you pollute you pay). Af þessum meiddi eru lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993. Það er eðlilegt, sanngjarnt og rétt að þeir sem keyra meira en aðrir borgi fyrir þá mengun sem því fylgir. Einnhverjir geta haldið því fram að vörugjöld af þessu tagi séu bara almenn tekjuöflunarleið fyrir ríkið. Gott og vel, en hér er hins vegar um sanngjarna tekjuöflun að ræða. Það er ekki eðlilegt að þeir sem ganga, nota strætó eða hjóla til og frá vinnu greiði sömu opinber gjöld og

þeir sem keyra bíla sem menga. Um þetta ættu flestir að geta verið sammála.

Stöðugleikaskattur (e. stability levy) af því tagi sem forsætisráðherra nefndi í ræðu sinni um síðustu helgi er ekki ný hugmynd en um er að ræða almenna skattlagningu á sérgreindar eignir. Kýpverjar reyndu að innleiða stöðugleikaskatt á bankainnistæður í mars 2013. Þannig átti að leggja 6,75 prósentu stöðugleikaskattur á allar bankainnistæður undir 100 þúsund evrum en 9,9 prósentu stöðugleikaskattur á innistæður yfir þeirri fjárhæð. Ríkin sem nota evruna (Eurogroup) fögnuðu skattinum í sameiginlegri yfirlýsingu í mars 2013 en frumvarp um skattinn var síðan fellt af kypverska þjóðþinginu. Yanis Varoufakis, núverandi fjármálaráðherra Grikkja, gagnrýndi þessa skattlagningu harðlega á sínum tíma og sagði hana ósanngjarna og óréttláta enda olli hún áhlaupi á banka á Kýpur þegar fréttir bárust fyrst af henni. Stöðugleikaskattur er hins vegar bara eitt af stjórn-tækjum ríkja til að gæta að fjármálastöðugleika við sérstakar aðstæður.

Áður hefur komið fram það mat seðlabankastjóra að æskilegt sé að þessar krónueignir verði færðar niður um allt að 75%. Enda er ekki til staðar gjaldeyrir til að skipta þessum krónueignum. Stöðugleikaskatturinn gæti náð til allra krónueigna sem ógna fjármálastöðugleika, hvort sem þær eru í eigu innlendra eða erlendra aðila. Rétt eins og með bókstaflega mengunarskatta þá er eðlilegt að eigendur krónueigna sem ógna fjármálastöðugleika á Íslandi, sem eru aðallega slitabú föllnu bankanna, greiði „mengunarskatt“ af þessum eignum og fái eftir atvikum að greiða út erlendar eignir sínar í staðinn, sem ógna ekki stöðugleika.

Aðalatriðið í þessu sambandi er að núna hefur forsætisráðherra lýst því yfir að slík skattlagning sé á dagskrá og slík áform verði kynnt nánar fyrir þinglok. Það þarf því ekki að velkjast lengur í vafa um að raunveruleg skref í átt að afnámi gjaldeyrishafta verða tekin á þessu ári.

Tugir þúsunda Brasilíumanna lýstu reiði sinni á götum Ríó



SPILLINGUNNI MÓTMÆLT Mótmælendur í Brasilíu komu saman á sunnudaginn til að mótmæla brasilíska forsetanum, Dilma Rousseff. Mótmælin fóru fram á Copacabana-ströndinni í Ríó de Janeiro. Tugir þúsunda Brasilíumanna örkuðu út á götu og lýstu reiði sinni vegna spillingar ríkisstjórnarinnar og erfiðra aðstæðna í efnahagsmálum.

NORDICPHOTOS/AFP

Ofmat Félags atvinnurekenda á virði óleystra gengislána

Skoðun

Yngvi Örn Kristjánsson,
hagfræðingur Samtaka
fjármálafyrirtækja.



Samkvæmt upplýsingum frá aðildarfélögum Samtaka fjármálafyrirtækja nam kröfuvirði gengislána sem enn er ágreiningur um 96 milljörðum króna í árslok 2014. Þetta er umtalsvert lægri fjárhæð en þeir 547 milljarðar króna sem Félag atvinnurekenda (FA) hefur haldið á lofti að undanfögnu.

Nýlega efndi FA til fundar þar sem fjallað var um stöðu gengislána íslenskra fyrirtækja. Á fundinum var kynnt greining sem unnin hafði verið fyrir FA um hversu mikið af gengislánum fyrirtækja væri enn í ágreiningi milli lánastofnana og viðskiptavina. Niðurstaða greinarinnar er að ágreiningur ríki enn um þriðjung gengislána eða um 547 ma.kr. að kröfuvirði eða sem nemur þriðjung af landsframleiðslu. Með kröfuvirði er átt við skuld sem snýr að lánþegum. Bókfært virði lánanna kann að vera lægra, meðal annars vegna niðurfærslu við kaup á þeim frá protabúum banka eða seinni virðisrýrnunar. Þessari tölu var eingöngu ætlað

að ná til lána stóru viðskiptabankanna þriggja til fyrirtækja.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að búið er að leysa að langstærstum hluta úr ágreiningi um gengislán viðskiptabankanna kom niðurstaða greiningar FA verulega á óvart og kallar á að málið sé skoðað ofan í kjöllinn.

Við þá skoðun kom í ljós að greining FA byggir á eftirfarandi flokkun Fjármálaeftirlitsins á gengislánnum frá vormánudum 2012 (sem var byggð á tölum frá árslokum 2011). Þar voru lán flokkuð eftir líkindum á því hvort gengisbinding þeirra væri lögleg með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem Hæstiréttur virtist leggja til grundvallar. Flokkarnir voru sex. Í A-flokk voru flokkuð erlend lán sem nánast var ótvírætt að væru lögleg, alls um 178 milljarðar króna að bókfærðu virði, en í aðra flokka (B til F) eftir vaxandi líkindum um ólögmeiti önnur gengislán um 551 milljarður króna að bókfærðu virði.

Í áætlun þeirri sem unnin var fyrir FA er gengið út frá að eingöngu lán í flokki A hafi reynst lögleg. Þessi fjárhæð er dregin frá stöðu gengislána fyrirtækja í árslok 2014 og slegið föstu að mismunur þessara talna sé bókfært

virði lána sem eru í ágreiningi nú, alls 257 milljarðar króna. Til að áætla kröfuvirðið er þessi tala blásin út og miðað við 57% meðal-niðurfærslu lána við kaup þeirra til nýju bankanna, sem gefur 547 milljarða króna.

Þessi aðferð til að áætla ágreiningslán felur í raun í sér að gefa sér sem forsendu það sem í upphafi á að áætla. Fjárhæð fyrirtækjalána í A-flokki í árslok 2011 segir ekkert um lögleg eða óumdeild gengislán í árslok 2014. Með því er slegið föstu að lögleg gengislán hafi ekki aukist undanfögnu þrjú ár. Hvort tveggja er að lán kunna að hafa verið leiðrétt sem áður voru ólögmeit og að dómstólar hafa nú dæmt lán í flokkum B og C lögleg lán, auk þess sem lán í flokki D hafa reynst að stórum hluta lögleg.

Samtök fjármálafyrirtækja kölluðu eftir gögnum frá aðildarfyrirtækjum sínum um umdeild gengislán til fyrirtækja í framhaldi af málflytningu FA. Samkvæmt þeim gögnum eru umdeild gengislán fyrirtækja í árslok 2014 að kröfuvirði um 96 milljarðar króna en ekki 547 milljarðar króna eins og FA heldur fram. Það þýðir að umdeild gengislán eru ekki þriðjungur gengislána heldur um 5%.

Þjónustuupplifunin er kjarni markaðsstarfs

Hin hliðin

María Lovísa
Árnadóttir
stjórnendabjálfi
og hönnuður.



Velgengi fyrirtækja byggist í síauknum mæli á því að viðskiptavinir finni að þeir eru í fyrirrími og með tilkomu upplýsingatekninnar flýgur fiskisaga tengd slæmri upplifun á hraða ljóssins. Áætlað er að á þessu ári muni yfir 2 milljarðar manna eiga snjallsíma og að allt að 80 prósent af því efni sem ritað er um fyrirtæki komi frá viðskiptavinum. Þó svo að innan við 1,5 prósent viðskiptavina skrifi umsagnir þá segja um 90 prósent aðspurðra að umsagnir annarra á netinu hafi áhrif á þeirra kaupávarðanir.

Að auki hefur það sýnt sig að þjónusta hefur mun meiri áhrif en verð og vöruframboð þegar kemur að því að hrifa viðskiptavinum og vinna traust þeirra, enda er slæm þjónusta algengasta umkvörtunarefni fólks. Neikvæðar fréttir af fyrirtækjum ná tvöfalt fleiri augum og eyrum en jákvæðar umfjallanir og þegar viðskiptavinur upplifir neikvæða þjónustu eru um 90 prósentu líkur á að hann finni einhvern annan til þess að eiga viðskipti við.

Mörg af algengustu umkvörtunarefnum má þó auðveldlega forðast og snúa til betri vegar. Algengast er að viðskiptavinur kvarti ef hann nær t.d. ekki sambandi við manneskju, er látinn bíða að óþörfu eða er ítrek-

að sendur á milli manna og deilda. Eins innihalda margar neikvæðar umsagnir það að viðskiptavinir upplifi að hafa ekki fengið það sem þeim var lofað eða að starfsmaður hafi haft slæmt viðmót í formi ókurteisi, óþolinmæði, skorti á hlustun, hafi gripid fram í eða að viðskiptavinur hafi liðið eins og hann væri hreinlega að trufla starfsmanninn.

Það merkilega er að þrátt fyrir örur tækninýjungar og aukin netsamskipti þá virðist fátt ef nokkuð geta komið í stað jákvæðra mannglegra samskipta og það sem viðskiptavinurinn vill fyrst og fremst upplifa er að finna að hann skiptir máli.

Mikilvægt er að hægt sé að fá skjót svör og geta náð sambandi við mann-

eskuju sem hefur hæfni, kunnáttu og vilja til þess að aðstoða, komi fram við viðskiptavininn sem einstakling og sé jákvæð og almennileg í viðmóti. Þau fyrirtæki sem fá bestu einkunnir í þjónustu fá oftast hæsta stigagjöf þegar kemur að trausti og er gjarnan fyrirgefið þegar mistök eiga sér stað. Viðskiptavinir eru nú þegar komnir í bílstjórásætið þegar kemur að umtali og ímynd fyrirtækja og er því augljóst að þjónustuupplifun viðskiptavina verður að vera í algerum forgangi. Fyrirtæki verða að sjá til þess að upplifun viðskiptavina sé slík að hún ýti undir jákvætt umtal og auki traust og velvild. Takist þetta þá mun markaðsstarf framtíðarinnar að miklu leyti sjá um sig sjálf.

PAXTON AÐGANGSKERFI

SNJALLA AÐGANGSSTÝRINGIN SEM VEX MEÐ FYRIRTÆKINU

Paxton er leiðandi framleiðandi aðgangskerfa fyrir allar stærðir fasteigna með áherslu á einfaldleika í uppsetningu og notkun. Fyrirtækið var stofnað árið 1985 og hefur náð miklum árangri í sölu víða um heim. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Bretlandi.

Með Net2 tölvutengda aðgangskerfinu frá Paxton er hægt að stjórna hundruðum eða þúsundum hurða fyrir allt að 50.000 notendur. Hægt er að stjórna hurðum með fyrirliggjandi nettengingum TCP/IP og þar af leiðandi fjölda bygginga á mismunandi stöðum. Net2 er byggt fyrir framtíðina þar sem auðvelt er að bæta við hurðum á hagkvæman hátt (sérstaklega með þráðlausum lesurum (on-line) sbr. Paxton PaxLock og Assa Abloy aperio). **Uppfærslur á hugbúnaði eru fríar.**

Hægt er að nota nándarlesara (hands free eða Mifare), kortalesara (segul), takkalása og flestar gerðir af lesurum frá öðrum framleiðendum sbr. HID iClass, Assa Abloy aperio iClass o.s.frv. Alhliða lausn á sanngjörnu verði.

Allar upplýsingar um aðgangskerfin eru fúslega veittar af ráðgjöfum Véla og verkfæra.



Vandaðir og handhægir kortaprentarar, hagkvæmir í rekstri.
Verð frá: 122.140 kr.



 **VÉLAR & VERKFÆRI**

SKÚTUVOGUR 1 C • 104 REYKJAVÍK • Sími: 550 8500 • FAX 5508510 • WWW.VV.IS

680 MILLJÓNIR

Mest er innheimt í Reykjavík

Álagður gistináttaskattur nam 680 milljónum króna á tímabilinu janúar 2012 og fram í febrúar 2015, en 646 milljónir hafa innheimst. Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn frá Kristjáni L. Möller um málið. Mestur hluti gistináttaskattsins, eða 358 milljónir, er innheimtur í Reykjavík. Svör fjármálaráðherra eru byggð á upplýsingum frá Fjársýslunni.

10. apríl 2015 „Það er því ekki um annað að ræða en að hrinda í framkvæmd áætlun um losun hafta nú áður en þingið lýkur störfum. Sérstakur stöðugleikaskattur mun þá skila hundruðum milljarða króna og mun ásamt öðrum aðgerðum gera stjórnvöldum kleift að losa um höft án þess að efnahagslegum stöðugleika verði ógnað. Það er ekki hægt að una því lengur að íslenska hagkerfið sé í gislingu óbreytts ástands og eignarhald á fjármálakerfi landsins í því horfi sem það er.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra



33.000 ÁHORFENDUR

Færri á leiksýningar áhugamanna

Aðsókn á sýningar áhugaleikfélaga á síðasta leikári nam ríflega 33 þúsund gestum, eða næsta víðlíka og á þar seinasta leikári, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Gestafjöldi síðasta leikárs jafngildir því að einn af hverjum tíu landsmönnum hafi séð upp færslu á vegum áhugaleikfélaga. Lítilleg fækkun hefur orðið á sýningargestum áhugaleikfélaga á undanföllum leikárum, eftir nokkra fjölgun gesta næstu leikár á undan.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Glögg er gests augað

Tillögur þingmannsins Frosta Sigurjónssonar um umbætur í peningamálum eru athyglisverðar. Líkt og allt of oft vill gerast á Íslandi hefur hins vegar lítið farið fyrir efnislegri umræðu. Aðallega hefur verið einblínt á þá staðreynd að skýrslan er rituð á ensku og fjallað um þá ákvörðun tveggja kollega Frosta að segja sig frá skýrslugerðinni.

SÁ ÞÁTTUR skýrslunnar sem mesta athygli hefur vakið er tillaga Frosta um að skoða möguleika á upptöku svokallaðs þjóðpeningakerfis. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, en byggist með nokkurri einföldun á því að ríkisvaldið hafi einkarétt á peningamyndun. Bankarnir fá því ekki að skapa peninga líkt og þeir gera í núverandi kerfi, til að mynda þegar þeir veita ný lán.

FROSTI kemst að þeirri niðurstöðu að Seðlabankanum hafi ekki tekist að hafa hemil á peningamyndun íslensku bankanna með sínum hefðbundnu stjórnstækjum, s.s. eiginfjárskilyrðum og stýrivöxtum. Bankarnir hafi því skapað mun meiri peninga en hagkerfið þurfi á að halda. Þjóðpeningakerfið sé möguleg lausn á þessu.

FROSTI hefur þurft að þola talsverða gagnrýni fyrir tillögur sínar, og meðal annars verið sakaður um að kynna til leiks úreltar hugmyndir. Nú hefur honum hins vegar borist stuðningur úr óvæntri átt; frá breska stórblaðinu Financial Times. Þungavigtarstuðningur það.

STUNDUM þarf að setja sig í spor aðkomumanns til að skynja fánaleikann í hversdeginum. Ísland er eitt allra minnsta hagkerfi heims, og sennilega það allra minnsta sem heldur úti eigin gjaldmiðli. Það er því erfitt að sannfæra alþjóðamarkaði um ágæti þess að eiga krónur.

SAGA krónunnar er heldur ekki glæsileg. Verðbólga hefur lengst af verið stjórnlaus, og gjaldeyrishöft þóttu nauðsynleg lengst af – að undanskildu sjö ára tímabili í upphafi þessarar aldar. Við erum nú aftur í þeirri stöðu að vera land í höftum, þótt stjórnvaldamenn tilkynni á tyllidögum að sú verði ekki raunin mikið lengur. Biðum og sjáum til með það.

ÞAÐ ER ljóst að núverandi peningakerfi er satt lífdaga. Flestir sem eru þeirrar skoðunar hafa viljað taka upp annan gjaldmiðil, hvort sem það er evra, norsk króna eða kanadískur dalur. Upptaka annars gjaldmiðils væri líkleg til að auka stöðugleika í íslenska hagkerfinu.

TILLAGA Frosta er önnur möguleg leið að sama markmiði. Honum ber að hrósa fyrir frumlega hugsun og þetta á að skoða af fullri alvöru. Nú þarf tillagan efnislega umfjöllun – þingmenn hljóta að geta klórað sig gegnum skýrsluna. Þótt hún sé á ensku.

SJÓÐHEITT Á SVALIRNAR

Kolagrill í garðinn, á pallinn eða í ferðalagið.



- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Afkastamikið og öflugt
- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum

- Hægt að færa grillið til eftir þörfum meðan það er í notkun
- Fitnaður ekki á kolin
- Auðvelt að þrifa - hægt að taka alveg í sundur
- Má fara í uppþvottavél
- Taska fylgir með

Verð frá kr. 34.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA



Grillpönnur



Tangir



Penslar



Koli

Fastus býður uppá hágæða fagvörur í eldhús sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Verið velkomin í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðið úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.



Veit á vandaða lausn

Fastus ehf., - Opíð mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Háhraðanet í gegnum rafmagn!

48 TÍMA TILBOÐ



TILBOÐSVERÐ
9.990 KR.
VENJULEGT VERÐ 14.990 KR.

ZyXEL

33% AFSLÁTTUR Í 48 TÍMA!

INNANHÚSSNET Í GEGNUM RAFMAGN SEM STÆKKAR LÍKA ÞRÁÐLAUSA NETIÐ.



Tveir saman
í pakka



Einföld
upsetning



Bæði beintengt
og þráðlaust



Allt að 16 tæki
saman.

Tilboðið gildir til kl. 8:00 föstudagsmorgun 17. apríl í verslunum og www.tl.is



tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK

SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR

KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK

HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS

AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745


AKRANES

ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

Veðurspá

Miðvikudagur

Hæg suðvestlæg átt, víða bjart og sólríkt. Hiti 2 til 8 stig.



Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8° ↑4	4° ↗10	11° ↑3	7° ↖6	3° ↑5	9° ↑5
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
7° ↑3	7° ↗3	1° ↑12	8° ↑9	7° ↖9	1° ↑11

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. drykkur, 6. hæð, 8. háttur, 9. yfirbreiðsla, 11. ónefndur, 12. frétt, 14. rusl, 16. ætíð, 17. atvikast, 18. annríki, 20. tveir, 21. mannsnafn.

LÓÐRÉTT

1. helminguð, 3. fæddi, 4. máski, 5. hætta, 7. fiskur, 10. kirna, 13. eldsneyti, 15. afgangur, 16. afbrot, 19. númer.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. kóka, 6. ás, 8. lag, 9. lak, 11. nn, 12. fregn, 14. drasl, 16. sl, 17. ské, 18. ónn, 20. 'll, 21. 'kari. LÓÐRÉTT: 1. hálf, 3. ól, 4. kannski, 5. ógn, 7. sardína, 10. ker, 13. gas, 15. leif, 16. sök, 19. nr.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

SKÁK

Gunnar Björnsson

Matthieu Cornette (2.548), Taflifélagi Vestmannaeyja, hafði hvítt gegn Hlíðari Þór Hreinssyni (2.231), Skákkfélaginu Hugin, á Íslandsmóti skákkfélaga.

Hvítur á leik

23. Dd2! Hf6 (23.... gxf3 24. Dxh6+ Kg8 25. Hxf3 með óstöðvandi sókn) 24. Rg5+! Kh8 (24.... hxg5 25. hxg5 og svartur vann um síðir eins og við sjáum á morgun. www.skak.is Mjög óvæntir keppendur á Íslandsmóti!



GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Laus störf fyrir skólaárið 2015 - 2016

Við Grunnskólann í Hveragerði er laus staða umsýjara kennara á yngsta stigi, 90-100% staða og einnig vantar tónmenntakennara í 60-70% stöðu. Gerð er krafa um kennsluréttindi og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Grunnskólinn í Hveragerði er vel staðsettur í grónu og glæsilegu bæjarfélagi. Einkunnarorð skólans eru: víska, virðing og vinátta og við leggjum metnað í að áhrif þeirra séu augljós í daglegu starfi. Skólinn flaggar Grænfánanum, starfar eftir hugmyndafræði Olweusaráætlunarinnar gegn einelti og er að stíga sín fyrstu skref sem þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskólar.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk.
 Upplýsingar um störfin veitir Fanney Ásgeirsdóttir, skólastjóri, fanney@hveragerdi.is og í síma 483-4350.

SUDOKU

6	8	7	4		5			
	5		2	8	4	6	9	
	1				7			
4	7		6		2	3		
8							5	
	3	5		7	6	4		
				2				
			6	8				
7	1	5			3			

	1	4			2	5	9	7
3		4	5	1				
8	6			3	9			
			2	1	3			
7		8	4				6	
	2	9	8	4				
			7	3	2			
			6					9

		8				5	1	
					7	4	8	
3	5			2				
							3	
		1				6		
7	8		1			9	5	
	9		5	4				
		6	9					5
2				3	6			

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

1	4	2	9	7	3	6	8	5
9	8	3	6	1	5	7	2	4
6	7	5	8	4	2	9	1	3
5	6	1	3	9	4	8	7	2
8	9	4	5	2	7	1	3	6
2	3	7	1	6	8	5	4	9
7	5	6	4	3	1	2	9	8
3	1	8	2	5	9	4	6	7
4	2	9	7	8	6	3	5	1
1	2	5	8	3	6	7	4	9
3	4	8	9	7	2	1	5	6
6	7	9	1	4	5	2	8	3
5	6	4	2	1	9	3	7	8
7	9	1	3	6	8	5	2	4
8	3	2	7	5	4	6	9	1
9	5	6	4	2	3	8	1	7
2	8	7	6	9	1	4	3	5
4	1	3	5	8	7	9	6	2
2	5	1	9	7	4	8	6	3
3	8	4	5	6	1	7	9	2
6	7	9	3	8	2	1	5	4
8	2	3	4	9	6	5	7	1
4	6	5	1	2	7	9	3	8
9	1	7	8	5	3	4	2	6
5	3	8	2	1	9	6	4	7
7	9	2	6	4	8	3	1	5
1	4	6	7	3	5	2	8	9

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Meðal viðskipta-
vina Yuasa eru:



MAZDA



Yuasa original rafgeymar

Það er engin tilviljun að flestir
bílaframleiðendur í heiminum
kaupa Yuasa rafgeyma.



YUASA
GÆÐI, ÖRYGGI OG ENDING

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

MENNING

Nýtt úr norrænum kvikmyndaheimi

Á kvikmyndahátíð sem hefst í dag í Norræna húsinu verða ellefu myndir sýndar. Einnig verður vinnustofa og spjall. Aðgangur er ókeypis að öllum viðburðum.

„Myndirnar á hátíðinni eru vandaðar og allar nýlegar nema Hrafninn flýgur sem verður sýnd í dag í framhaldi af vinnustofu um samstarf Íslendinga og Svía í kvikmyndaiðnaðinum,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir, kynningar- og verkefnastjóri í Norræna húsinu, um norrænu kvikmyndahátíðina sem þar er að hefjast.

Ilmur segir helstu stjórnur norrænnar kvikmyndagerðar sækja okkur heim, þar á meðal einn aðalleikara dönsku þátta-

Græn-lenska myndin Eskimo Diva hefur sérstöðu, bæði er hún sú eina frá Grænlandi og eina heimildarmynd hátíðarinnar

radarinnar 1864, Jakob Oftebro. Aðrir gestir eru Morten Kirkskov, höfundur bókarinnar Kapgang sem samnefnd mynd byggist á, og Tuomas Kyrö, höfundur bókar sem myndin The Grump byggist á. Þeir verða báðir með spjall eftir sýningu myndanna.

„Grænenska myndin Eskimo Diva hefur sérstöðu, bæði er hún sú eina frá Grænlandi og eina heimildarmynd hátíðarinnar,“ segir Ilmur.

„Diva var frumsýnd í Nuuk núna 11. apríl og kemur beint hingað. Leikstjórinn Lene Stæhr og Nuka Bisgaard, söguhetja myndarinnar, koma líka. Bisgaard er brautryðjandi á Grænlandi því hann á frumkvæðið að fyrstu Gay Pride-göngunni þar og myndin fjallar um reisu hans um Grænland. Hann situr fyrir svörum eftir sýninguna á morgun.“



ESKIMO DIVA Nuka Bisgaard fór á flakk um Grænland að kynna Gay Pride-göngu í Nuuk.



PERSÓNUR Kapgang er önnur tveggja danskra mynda á hátíðinni.

Hver mynd verður sýnd tvisvar á hátíðinni sem stendur í viku og ókeypis er inn, bæði á þær og málþingið.

gun@frettabladid.is

VERKEFNASTJÓRINN „Myndirnar eru allar nýlegar nema Hrafninn flýgur,“ segir Ilmur Dögg.

FRETTABLAÐIÐ/GVA



CITIZENFOUR Edward Snowden og unnusta hans, Lindsay Mills, í Rússlandi.

Stóri bróðir fylgist með

★★★★★

Citizenfour

LEIKSTJÓRN OG HANDRIT: Laura Poitras

KLIPPING: Matthilde Bonnefoy
AÐALHLUTVERK: Edward Snowden, Glenn Greenwald, William Binney, Jacob Appelbaum, Ewin MacAskill

Dú skalt gera þér grein fyrir að héðan í frá eru hver landamæri sem þú ferð yfir, hver einustu kaup sem þú gerir, öll símtöl sem þú átt, allir fjarskiptaturnar sem þú kannst að eiga leið hjá, allir vinir þínir, hver einasta grein sem þú skrifar, vefsíða sem þú ferð á og tölvupóstur og pakkar sem þú sendir í höndum kerfis sem er ótakmarkað í gagnaöflun sinni þrátt fyrir að varnir þess séu það ekki.

Þessi orð eru fengin úr kvikmynd Poitras þar sem hún vitnar í bréf sem bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden sendir henni áður en tókur á Citizenfour hefjast og eru lýsandi fyrir innihald myndarinnar. Þetta er heimildarmynd, en til þess að komast sem næst kviku væri líklega réttast að kalla myndina heimildarmynd. Hún er nefnilega fræðandi og ógnvekjandi í senn. Citizenfour er lokahlutinn í þríleik Poitras sem fjallar um Bandaríkin í kjölfar árásanna á tvíburaturnana 2001 og hvernig barátta Bandaríkjamanna gegn hryðjuverkum hefur orðið til þess að þeir hafa lagt ofuráherslu á eftirlit og eftirlitsaðgerðir. Alsjáin er rafrænn raunveruleiki.

Flestir kannast við sögu Snowden upp að vissu marki en það er eitt að kannast við hluti og annað að sjá virkilega hvernig þeir gerðust. Myndin er tekin upp í heimildarmyndastíl sem kallast á við franska sannleiksbióíð þar sem tókumaður lætur lítið fyrir sér fara. Þetta er eins konar fluga-á-vegg-nálgun sem hefur þau áhrif að áhorfanda finnst eins og hann sé að guða á glugga lífsins. Á stundum er upptakan lítið eitt groddaraleg líkt og um heima-vídjúppptöku sé að ræða. Þysj- að er snögglega inn eða út, og í stað þess að klippa á milli persóna í tvenndarskotum er hreinlega skimað snögglega á milli. Poitras vinnur á vitsmunalegan hátt úr klippingum þar sem hún sýnir fram á lygar og þversagnir ýmissa ráðamanna með skeytingunni einni saman. Það er ekki verið að eyða miklu púðri í uppstillingar, sem er ákveðin fagurfræði í sjálfu sér. Fyrir vikið er eins og heimildargildið aukist, því það sem er ekki (of) uppstíllt hlýtur hreinlega að vera meira satt. Að því sögðu er einnig hægt að halda því fram að fagurfræðileg naumhyggja myndarinnar þjóni þeim tilgangi að undirstrika aðalatriðin. Það eru umfram allt upplýsingarnar sem skipta máli en ekki útlitið.

Grunnur myndarinnar liggur í Snowden sjálfum og því sem hann hefur að segja. Hann birtist sem æðrulaus persóna sem blöskrar eftirlitsaðgerðir stjórnvalda

og hvernig þau brjóta á tjáningar- og persónufrelsi einstaklingsins. Samviska hans býður honum ekki að sitja aðgerðalaus og hann ákveður að gera eitthvað í málunum. Upptökurnar af Snowden eiga sér flestallar stað inni á hótellherbergi hans þar sem hann hefur komið sér fyrir ásamt blaðamönnum í því skyni að opinbera upplýsingar sem hann hefur komist yfir í störfum sínum fyrir Bandarísku þjódaröryggisstofnunina. Það sem Snowden ljóstrar upp er ótrúlegra en nokkur lygasaga og sendir áhorfendur beinustu leið inn í skáldsögu George Orwell, 1984. Stóribróðir er að fylgjast með okkur öllum, alltaf, alls staðar og Snowden hefur gögnin til þess að sanna það.

Að því sögðu er rétt að taka fram að myndin er engan veginn laus við dramatísingru. Það er undirspil á köflum, þótt lítið sé. Við höfum aðalleikara, Edward Snowden, Glen Greenwald og Lauru Poitras, og þétt byggða frásagnarframvindu. Sögusviðið er alþjóðlegt, komið er við í Hong Kong, Berlín, London, Brussel, Ríó og víðar. Í raun er myndin eins og harðasti kaldastríðsdekkari, nema í stað þess að togstreitan sé milli austurs og vesturs eru átökin milli Stórabróður og mannsins á götunni, og í stað þess að barist sé um bombuna snýst allt um upplýsingaöflum. Upplýsingar eru hættulegri en sprengjuefni.

Öðrum þræði fjallar myndin líka um rannsóknarblaðamennsku, um frelsi, rétt og mikilvægi þess að fjölmiðlar geti sinnt aðhaldshlutverki sínu sem fjórða vald; um mikilvægi sjálfstæðrar blaðamennsku og hversu viðkvæmir stóru fjölmiðlarnir geta verið gagnvart valdhöfum. Eins og kemur fram er hlutverk blaðamanna sem reyna að upplýsa misferli stjórnvalda í „lýðræðisríkjum“ Vesturlanda ekki áhættulaust. Poitras og Greenwald hafa til dæmis orðið fyrir ítrekuðu áreiti stjórnvalda, geta ekki ferðast til heimalands síns Bandaríkjanna og neyðast til þess að vinna eftir leynilegum leiðum með dulkóðuð gögn. Áhorfendur eru upplýstir á sama tíma og þeir eru skólaðir í þeim vinnubrögðum sem þarf að temja sér og í ljósi þess má einnig líta á myndina sem ákveðna útgáfu af byltingarbiói í anda þriðju kvikmyndarinnar.

Citizenfour er áreiðanlega einhver merkasta heimildarmynd sem framleidd hefur verið. Hún er vel unnin í alla stæði, margradda, þrususpennandi og breytir því hvaða augum maður lítur heiminn. Það ættu allir að sjá þessa mynd, helst tvisvar, því maður hefur alltaf gott af því að láta segja sér þegar keisarinn er ekki í fótum. Sérstaklega ef það er satt.

Kjartan Már Ómarsson

NIÐURSTAÐA: Citizenfour er heimildarmynd sem sýnir hvernig allir borgarar hins vestræna heims eru undir sífelldu rafrænu eftirliti stjórnvalda. Hún er vel gerð og allt í senn óhugnanlegt, fræðandi og nauðsynlegt áhorf.

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:

NORRÆN KVIKMYNDA HÁTÍÐ

15.–22. APRÍL 2015

AÐGANGUR ÓKEYPIS

Sýndar verða kvikmyndirnar: Kapgang (DK), Stille hjerte (DK), Kraftidioten (NO), Børning (NO), Natt til 17 (NO), Hrafninn flýgur (SV/IS), Stockholm Stories (SV), Återtreffen (SV), Hallonbatsflyktningen (F/SV), The Grump (F) og Eskimo Diva (GR).

Nánast allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er fritt inn á alla viðburði hátíðarinnar. Ópið er til 20:00 á AALTO Bistro öll sýningarkvöld.

Nánari upplýsingar á norraenahusid.is

REYKJAVÍK
16. — 17. APRÍL 2015

TECTONICS

*Allt sem
tónlist getur
verið!*

*Tónlistarhátíð
Sinfóníuhljómsveitar Íslands
í Hörpu*

Sinfóníuhljómsveitin frumflytur fjölda nýrra verka á tvennum tónleikum í Eldborg. Auk þess koma tónlistarmenn úr ólíkum áttum fram á tónleikum í Norðurljósum og opnum rýmum Hörpu.

Listamenn á Tectonics í ár eru bandarísku tónlistarmennirnir *Robyn Schulkowsky, Alvin Curran, Stephen O'Malley*, áströlsku tónlistarmennirnir *Jon Rose, Joel Stern* og bresku tilraunadúóin *Part Wild Horses Mane On Both Sides* og *Usurper*. Sinfóníuhljómsveitin frumflytur fimm ný verk; eftir *Magnús Pálsson, Áka Ásgeirsson, Kristínu Þóru Haraldsdóttur, Hlyn Adils Vilmarsson* og *Úlf Hansson*. Einnig verða flutt hljómsveitarverk eftir *Catherine Lamb, Klaus Lang, Jon Rose/Elena Kats Chernin* og *Iancu Dumitrescu*. *Anna Þorvaldsdóttir* og *Bergrún Snæbjörnsdóttir* flytja eigin tónlist í Norðurljósum. Þetta og meira til á Tectonics.

Fjölbreyttar tónlistarstefnur renna saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

Hátíðarpassi Dagpassi
5.000 KR. — 3.000 KR. —

TECTONICS

Listrænn stjórnandi **ILAN VOLKOV**
WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM

Miðasala í anddyri **Hörpu** og á sinfonia.is og harpa.is



HARPA



Reykjavíkurborg



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Sólarmegin í lífinu

BAKPANKAR
Viktoríu
Hermannsdóttur



Það hefur ekki farið fram hjá neinum undanfarið hvað það er ömurlegt veður á þessu landi sem við búum á og kennum okkur við.

UM fátt annað er talað þar sem fólk kemur saman, hvort sem það er í net- eða raunheimum. Enda er full ástæða til þess að ræða þetta.

HÉR er búið að vera ömurlegt veður síðan ég veit ekki hvenær og það sér engan endi á því. Svo ömurlegt að ég sé mig knúna til þess að skrifa heilan pistil um þennan ömurleika sem hvorki ég né nokkur annar getur gert nokkuð í. Það er, annað en að röfla yfir því.

ÉG myndi kannski ekki gerast svo djörf að segja að ég sé yfirmáta bjartsýn að eðlisfari en ég reyni þó yfirleitt að vera sólarmegin í lífinu. Þess vegna hef ég hingað til lítið nennt að kippa mér upp við þetta ástand. Satt að segja fannst mér fyrstu stormarnir í vetur bara frekar huggulegir en þegar sá milljónasti (eða eitthvað) gekk yfir og á sama tíma voru sagðar fréttir af því að líklega yrði nú sumarið ekki sólríkt þá hætti sólin að skína í hjarta mér.

ÞAÐ er nú samt þannig að maður getur nákvæmlega ekkert gert í þessu ástandi nema bara farið eitthvað annað eða látið sig dreyma um betri tíð með blóm í haga. Sólríka sumardaga þar sem sólin hættir ekki að skína nema í örfáar klukkustundir yfir hánóttina. Dásamlega sólríka sumarmorgna þar sem sólin vekur mann með kossi og

maður hoppar út í sólskinið með bros á vör og brosir út daginn.

ÞAÐ er hreint ótrúlegt að það sé enginn annar en ferðaskrifstofurnar búinn að sjá sóknarfæri í þessu vonða veðri. Af hverju er enginn búinn að opna sýndarveruleikasal með tilbúnu sólskini þar sem sólarþyrstir þunglyndir Íslendingar geta svalað sólarþorstanum í sýndarveruleika?

PARNA eruð þið með ókeypis viðskiptahugmynd frá mér – eina skilyrðið er að mér sé boðið í prufutíma en ég tek engar prósentur af hugmyndinni sem á vafalaust eftir að bjarga sálarlífi þúsunda Íslendinga á vonarvöl. Þangað til þetta verður að veruleika þá held ég áfram að röfla um veðrið. Maður hefur þó allavega eitthvað að tala um á meðan.

Safnaði fyrir bókasafni handa munaðarlausum börnum

Kraftur Facebook er magnaður en því fékk Jana Ármannsdóttir sjálfboðaliði að kynnast á dögnum, er hún safnaði nægu fé á nokkrum dögum til að koma upp bókasafni í Úganda. Hún vill kenna börnum ensku.



JANA ÁRMANNSDÓTTIR

„Mér fannst eitthvað bogið við hvernig fordómar fá að grassera. Hér er gert grín að heyrnarlausum til dæmis og margt fleira í þeim dúr,“ segir Jana Ármannsdóttir, sjálfboðaliði í Úganda.

Hún hóf nýverið söfnun á fésbókarsíðunni sinni þar sem hún greindi frá að hana langaði að koma á fót bókasafni fyrir börnin. Það hún þá fimm hundruð og átján vini sína að leggja til fimmtíu krónur og þá væri hægt að gera stórgott safn handa börnunum. Með sanni má segja að söfnunin hafi undið upp á sig, en áður en hún vissi höfðu safnast um eitt hundruð þúsund íslenskra króna á reikninginn hennar. „Ég átti engan veginn von á að þetta myndi ganga svona vel. Fólk sem ég þekki ekki neitt var duglegt að leggja söfnuninni lið.“ Raunar gekk söfnunin svo vel að til er fyrir bókunum og því sem þarf til að gera rýmið upp.

Ég átti engan veginn von á að þetta myndi ganga svona vel. Fólk sem ég þekki ekki neitt var duglegt að leggja söfnuninni lið.

„Ég vildi koma upp safni bóka sem hafa boðskap og geta kennt börnunum umburðarlyndi, virðingu og svoleiðis, á sama tíma og þau læra ensku,“ segir Jana og bætir við að hún standi í ströngu við að koma þessu á koppinn, þökk sé gjafmildum Íslendingum.

Hún segir börnin afar spennt fyrir bókasafninu og reyna að hjálpa eftir bestu getu. Það verði hins vegar ekki sagt um fullorðna fólk sem þyki hún fullfrökk. „Sumum finnst ég ekki eiga að vera að þessu og eiga að fara heim. Ég finn vissulega fyrir fordómum vegna þess að ég er hvít,“ segir hún, þó hvergi bangin og spennt fyrir að hafa áhrif til lengri tíma. -ga

HJÁLPSÖM Börnin eru afar áhugasöm um bókasafnið, annað en fullorðna fólk er á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINKASAFN

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

L Sínd Mahigold Hotel ***** - Empire

12 FAST & FURIOUS 7

7 FÚSI ***** - K.M.O., F.B.L. ***** - H.S., M.B.L.

Sýnd með íslensku tali í 2D og 3D

SAMBA

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARAS BÍÓ Coca-Cola

12 FAST & FURIOUS 7

12 GET HARD

L Sínd Mahigold Hotel ***** - Empire

SÝNINGARTÍMAR Á MIDÍ.IS OG LAUGARASBÍO.IS

SAMBIÓIN

ÁLFABAKKA - KRINGLUNNI - EGILSHÖLL
KEFLAVÍK - AKUREYRI

SÍMI 575-8900

LIAM NEESON

RUN ALL NIGHT

„RUN ALL NIGHT ER HRADUR OG FLOTTUR PRILLER, MEÐ NEESON Í TOPPFORMI.“

CHICAGO SUN-TIMES

16

FAST & FURIOUS 7

12

blóðberg

NÝ ÍSLENSK KVÍKMYND EFTIR BJÖRN HLYN HARALDSSON

L

ÍSLENSKT TAL

TÖFRARÍKIÐ

UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA MÁ FINNA Á

SAMBIO.IS

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á NETINU

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Black coal, thin ice ...	18.00, 22.20	Stations of the cross	20.00
Antboy: rauða refsinnormin ..	18.00	What we do in the shadows	20.00
The grump	18.00	Citizenfour	22.10
Wild tales	20.00	Whiplash	22.00

FUDGE Þú kemst fljótt að!

...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010



TILBÚINN Stjáni stuð er reynslubolti í útvarpinu og er verulega spenntur fyrir að taka upp þráðinn að nýju.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stjáni stuð snýr aftur í stúdíó

Einn vinsælasti útvarpsmaður landsins snýr aftur í útvarpið eftir dágóða pásu. „Það er svo langt síðan síðast og nú er kominn tími á mig aftur,“ segir Kristján Þórðarson sem undirbýr sig af krafti fyrir fyrsta þátt.

„Ég get staðfest þetta, ég er að fara aftur í útvarpið,“ segir Kristján Þórðarson, betur þekktur sem Stjáni stuð. Ræðst Stjáni ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og mun sjá um fastan dagskrárlið á laugardagsmorgnum frá níu til ellefu á nýrri útvarpsrás, Talrásinni.

„Ég ætla að fá til mín gesti og þetta verður hefðbundinn morgunþáttur. Góð tónlist og svoleiðis, beint í æð,“ segir Stjáni varðandi inntak þáttarins og bætir við að svo muni hann bæta inn getraunum og slíku þegar hann

hefur vanist nýja umhverfinu. Hann er þó langt frá því að vera nýgræðingur þegar kemur að dagskrárgerð, en hann stjórnaði sínum eigin þætti á Radíó-X á sínum tíma auk þess að taka viðtöl við tónlistarmenn fyrir PoppTívi þegar það var og hét.

„Ég er rosalega spenntur og er núna á fullu að undirbúa mig. Taka saman hver á afmæli og hvenær,“ útskýrir Stjáni og bætir við: „Ég verð að vera vel undirbúinn, það er alveg bannað að gleyma sér í miðjum setningum í útvarpinu. Það gengur ekki.“

Alvara og gaman í bland

Talrásin hefur verið í loftinu í þrjár vikur og tekur sér stöðu forvarnarútvarps.

„Við erum hópur fólks sem langar að gefa eitthvað til baka,“ segir Sverrir Júlíusson, einn þeirra sem standa að þessari nýju viðbót við útvarpsflórana.

„Við ætlum að taka fyrir efni sem snýr að vímuefnavanda, matarfékn og öðru slíku, í bland við skemmtiefni,“ segir Sverrir og má benda á þátt Stjana í því samhengi.

„Boðskapur stöðvarinnar er einfaldur, við viljum hjálpa fólki að leita aðstoðar og gera eitthvað í sínum málum,“ útskýrir Sverrir.



KYNLEG Gera má ráð fyrir að hlustendur Rásar 2 sperru eyrun þegar Hugleikur og Anna láta gamminn geisa.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Stinga á öllum stóru kylunum

Anna Tara Andrésdóttir, útvarpskona og meðlimur Reykjavíkurdætra og Hljóm-sveitt, fer af stað með útvarpsþáttinn Kynlegir kvistir á Rás 2 í næstu viku og fær sjálfan Hugleik Dagsson sér til halds og trausts.

Munu þau stinga á stærðarinnar kylum í þáttunum. „Við ætlum að fjalla um alls konar málefni, misviðkvæm. Annar þátturinn fer til dæmis í að granskoda kynlífsfíkn sem mörgum þykir aðhláturféni eða afsökun fyrir framhjáhöldum,“ segir Anna.

Hún segist spennt fyrir að vinna með Hugleiki að verk-

efninu. „Ég þekkti hann ekki neitt þegar ég bað hann um að vera með mér í þessu, en núna er ég farin að þekkja hann skuggalega vel,“ bætir hún við og skellir upp úr.



-ga



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

KYNNINGARFUNDUR UM MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTADEILD

16. apríl kl. 12:00 í stofu M327
Skráning á hrund@ru.is

- Alþjóðaviðskipti og markaðsfræði
- Fjármál fyrirtækja
- Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði
- Markaðsfræði
- Reikningshald og endurskoðun
- Upplýsingastjórnun
- Viðskiptafræði með vali
- Stjórnunarreikningsskil og viðskiptagreind
- Klínísk sálfræði

„Eftir að hafa kannað möguleika á meistaranámi ítarlega valdi ég nám í mannauðsstjórnun og vinnusálfræði við Háskólann í Reykjavík og sé svo sannarlega ekki eftir því. Námið er mjög metnaðarfullt, til kennslu hafa verið fengnir framúrskarandi kennarar og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þetta er því ein besta fjárfesting sem ég get hugsað mér.“

Hannes Ingi Geirsson


Meistaranevi í mannauðsstjórnun og vinnusálfræði



TRÓPÍ
fæst
núna
líka í
1. lítra
fernum



Náttúru-
lega
góði
safinn



Tapið í Njarðvík ekki endapunktur

Hrafn Kristjánsson, þjálfari Stjörnunnar, fékk liðsstyrk í gær þegar félagið samdi við Tómas Heiðar Tómasson. Íslenskir leikmenn eru gulls ígildi þar sem aðeins einn erlendur leikmaður er leyfður. Gæðin í deildinni eru meiri núna en í fyrra á fyrsta ári með einn Kana.

KÖRFUBOLTI „Okkur vantaði bakvörð og Tómas er leikmaður sem við erum lengi búnir að fylgjast með,“ segir Hrafn Kristjánsson, þjálfari bikarmeistara Stjörnunnar í Domino's-deild karla í körfubolta. Stjarnan fékk góðan liðsstyrk í gær þegar liðið samdi við Tómas Heiðar Tómasson. Skotbakvörðurinn magnaði, sem var með 50-50-90-nýtingu á tímabilinu, kemur frá Þór í Þorlákshöfn.

„Þegar við urðum varir við að hann væri að hugsa sér til hreyfings tókum við spjallið og okkar hugmyndir lágu vel saman. Þær voru nánast samhljóða þannig að þetta var þægilegt og skemmtilegt ferli,“ segir Hrafn.

Justin verður áfram

Auk þess að semja við Tómas Heiðar framlengdi Stjarnan samninga við eldri og yngri leikmenn liðsins. Þar á meðal er Justin Shouse sem

spilar sitt tíunda tímabil á Íslandi næsta vetur.

„Justin er eins og þið þekkið bara æstur í að hefja næsta tímabil. Hann er keppnismaður og vill gera betur en í ár. Honum sárnaði rosalega hvernig við lukum leik á tímabilinu,“ segir Hrafn og bætir við að það eigi við um fleiri.

Uppaldir leikmenn semja

„Það var ótrúlega létt ferli að semja við þessa menn því það voru allir jafn einbeittir í að hér yrði ekki stoppað. Tapið gegn Njarðvík verður enginn endapunktur heldur ætlum við að gera betur næst.“

Stjarnan hóf fyrir mörgum árum mikla uppbyggingu á yngri flokka starfi sínu og hefur starfið verið að skila inn leikmönnum í meistaraflokkinn.

„Við erum að sjá þrjá eldri og reyndari leikmenn semja, svo er Tómas Hilmar Þórðarson ungur.

Að öðru leyti eru þetta ungir og uppaldir leikmenn unglingsflokka Stjörnunnar. Það hefur verið langtímamarkmið að gera þá gildandi í meistaraflokknum og að þeir skili góðum mínútum fyrir félagið,“ segir Hrafn.

Útlendingur eða útlendingar?

Stjarnan ætlar vitaskuld að bæta við sig erlendum leikmanni, en enn er óvíst hvort svokallaðir Bosmanleikmenn verði aftur teknir inn. Það er þó líklegt.

„Við vitum ekki hvort það verður útlendingur eða útlendingar. Við ætlum að fá okkur stóran bandarískan leikmann sem fyllir í það skarð sem Jeremy og Jón Orri skilja eftir sig. Ef hann verður jafn góður og við ætlumst til að hann verði þá mun hann styrkja okkur mikið,“ segir Hrafn Kristjánsson, þjálfari Stjörnunnar.

tomas@365.is



LIÐSSTYRKUR Hrafn Kristjánsson og Tómas Heiðar Tómasson eftir undirskriftina í Stjörnuheimilinu í Garðabænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vildi komast í bæinn

Gunnar Magnússon stýrir Haukum á næsta tímabili.

HANDBOLTI Haukar gengu frá ráðningu þjálfara fyrir karla- og kvennalið sín næsta vetur í handboltanum í gær. Gunnar Magnússon, fyrrverandi þjálfari ÍBV, tekur við karlaliðinu, og Óskar Ármannsson, núverandi aðstoðarþjálfari karlaliðs Hauka, skiptir um vettvang og tekur við kvennaliðinu.

„Samningaviðræður voru ekkert langar. Fyrst og fremst vildum við fara að flytja í bæinn eftir að vera fimm ár á flakki; þrjú ár í Noregi og tvö ár í Vestmannaeyjum. Það var kominn tími á að færast nær fjölskyldunni,“ sagði Gunnar við Fréttablaðið í gær.

Pressan er mikil hjá Haukunum en Gunnar hlakkar til að takast á við verkefnið og segist ekki óvanur því að vinna undir pressu.

„Þessu sækistu eftir. Maður vill vinna undir pressu og vinna á toppnum. Það er líka pressa að þjálfari í Vestmannaeyjum. Þar ertu ekki bara með félagið á herðunum heldur allt bæjarfélagið. Ég er vanur því og hef líka þjálfað



NÝIR Óskar og Gunnar þjálfari Haukaliðin næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

erlendis og landsliðið þannig að ég er öllu vanur,“ sagði Gunnar.

Óskar Ármannsson hefur verið aðstoðarþjálfari nánast allra þjálfara Hauka síðan 1998, en nú tekur hann við kvennaliðinu.

„Við viljum fyrst og fremst festa þær stúlkur sem hafa verið hér og tekið þátt í uppbyggingunni áður en við skoðum frekari liðsstyrk. Mér finnst þetta spennandi verkefni enda uppgangurinn mikill. Ég hef líka komið að þjálfun þessara stelpna þannig að ég hlakka bara til,“ sagði Óskar Ármannsson. - tom

ÚRSLIT

MEISTARAEIÐL EYRÓPU

8-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKUR

JUVENTUS - MONACO 1-0

1-0 Arturo Vidal, víti (57.).

ATLETICO MADRID - REAL MADRID 0-0

LEIKIR KVÖLDINS

PORTO - BAYERN KL. 18.45

PSG - BARCELONA KL. 18.45

DOMINO'S-DEILD KVENNA

UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

SNÆFELL - GRINDAVÍK 69-48 (33-18)

Snæfell: Kristen McCarthy 28/8 frák./8 stólnir, Hildur Sigurðardóttir 10/5 frák./5 stoðs.

Grindavík: Guðlaug Björt Júlíusdóttir 18/8 frák. Staðan í ríminni er 2-1 fyrir Snæfell.

KEFLAVÍK - HAUKAR 75-66 (38-36)

Keflavík: Carmen Tyson-Thomas 29/12 frák, Bryndís Guðmundsdóttir 12/7 frák.

Haukar: Lele Hardy 37/20 frák./6 stólnir.

Keflavík vann rímunna, 3-0.



SÖGULEGUR ÁRANGUR STJÖRNUKVENNA Bára Fanney Hálfanardóttir, Heiðrún Hauksdóttir og Bryndís Hanna Hreinsdóttir fagna hér sigri Stjörnunnar í Njarðvík í gær en þar tryggði kvennalið Stjörnunnar sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

FESTOOL



Batterís Höggborvél

Hægt að slökkva á höggi, Þyngd 2,6 kg m. batteríi.

Verð: 60.547 kr. með VSK



Batterís Borvél

4 gírar, 1,5-13mm patróna. Þyngd 1,8 kg m. batteríi.

Verð: 55.255 kr. með VSK



Batterís Stingsög

1500-3800 str/min, Þyngd 2,4kg m. batteríi.

Verð: 65.416 kr. með VSK



Batterí

18V 5,2Ah-Li Ion batterí.

Verð: 20.562 kr. með VSK



Batterís Borvél 10,8V

Þyngd 0,9kg með 2,6Ah batterí. Kemur í tösku með hleðslutæki og 2 batteríum.

Verð: 45.094 kr. með VSK



Batterís Skrófvél

Þyngd 2,1 kg m. magasíni og batteríi.

Verð: 70.921 kr. með VSK



Batterís Borvél

2 gírar, 1,5-13mm patróna. Þyngd 1,7 kg m. batteríi.

Verð: 47.421 kr. með VSK



Batterís Sleðasög

Gengur á 1 eða 2 batteríum og afköstin eru á við snúrúsög.

Verð: 96.325 kr. með VSK



Hleðslutæki

Mjög fyrirferðarlítið, veggfesting og einfalt að koma snúrinni fyrir

Verð: 11.427 kr. með VSK



Batterí - Borvél 10,8V

2 gírar og 12 torkstillingar, 10,8V. Kemur í tösku með hleðslutæki og 2 batteríum.

Verð: 45.094 kr. með VSK

ÁRMÚLI 17
533 12 34
WWW.ISOL.IS

ÍSÓL

The advertisement features a dynamic scene of Weetabix Minis Choco cereal boxes and chocolate-coated cereal pieces falling from a bright blue sky into a splash of white milk. The cereal pieces are golden-brown with dark chocolate chunks. The background is a gradient from light blue to a warm yellow at the bottom, suggesting a sunrise or a field of wheat. The overall composition is energetic and appetizing.

Weetabix
MINIS

**MINNI
KÖKUR**

**GEGGJAF
BRAGÐ**

Stökk og bragðgóð leið fyrir fjölskylduna til að byrja daginn.

Weetabix Minis Choco er heilkorna, trefjaríkt og innheldur lítið af salti.

Stöð 2 kl. 18.55 ÍSLAND Í DAG

Vandaðir þættir þar sem fjallað verður um allt frá pólitíkinni og viðskiptum yfir í mat og heilsu, menningu og mannlíf.



Í KVÖLD



MODERN FAMILY

GULL KL. 19.30 Frábær þáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.



ONE DIRECTION: THIS IS US

BÍÓSTÖÐIN KL. 18.35 Stórskemmtileg mynd um breska strákabandið One Direction sem hefur notið mikilla vinsælda allt frá því að meðlimirnir voru leiddir saman í X-Factor árið 2010. Nú fá aðdáendur einstaka innsýn í sögu sveitarinnar og líf strákanna.



THE BIG BANG THEORY

GULLSTÖÐIN KL. 19.55 Stórskemmtilegur gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru afburðsnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

Bylgjan kl. 19.15 Erna Hrönn

Erna Hrönn með góða tónlist á Bylgjunni í allt kvöld.



20:00

MARGRA BARNA MÆÐUR

Rakel Halldórsdóttir á fimm ung börn ásamt eiginmanni sínum, Arnari Bjarnasyni, en samhlíða barnauppeldi reka þau verslunina Frú Laugu sem selur ferskar vörur frá íslenskum bændum. Hjónin hófu auk þess nýlega tilraunaræktun í 300 fermetra gróðurhúsi í Laugardal. Börnin fá gjarnan að koma með í vinnuna og elsta dóttirin stendur vaktina bak við búðarborðið í Frú Laugu.

FJÖLBREYTTUR MIÐVIKUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:25

GREY'S ANATOMY

Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf lækna á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.



21:55

BONES

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00

BRAVEHEART

Myndin gerist á 13. öld. Konungur Skotlands deyr en enginn arftaki er að krúnunni og Englandskonungur hrifsrar því völdin.



07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.45 Big Time Rush
- 08.05 The Middle
- 08.30 Mindy Project
- 08.50 Don't Trust the B*** in Apt 23
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Take the Money and Run
- 11.00 Spurningabomban
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dallas
- 13.45 The Kennedys
- 14.30 The Great Escape
- 15.15 The Lying Game
- 16.05 Big Time Rush
- 16.30 The Goldbergs
- 16.55 A to Z
- 17.20 Bold and the Beautiful
- 17.40 Nágrannar
- 18.05 Simpson-fjölskyldan
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.55 Ísland í dag.
- 19.30 Víkingalottó
- 19.35 The Middle
- 20.00 Margra barna mæður
- 20.25 Grey's Anatomy
- 21.10 Forever
- 21.55 Bones
- 22.40 Girls
- 23.10 Real Time with Bill Maher
- 00.10 The Mentalist
- 00.55 The Blacklist
- 01.40 The Following
- 02.25 Person of Interest
- 03.15 Project X
- 04.40 The Bodyguard

SPORT

- 07.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 07.30 Meistarad. - Meistaramörk
- 08.00 Atletico Madrid - Real Madrid
- 09.40 Juventus - Mónakó
- 12.30 Real Madrid - Eibar
- 14.10 Pýsku mörkin
- 14.40 Juventus - Mónakó
- 16.20 Atletico Madrid - Real Madrid
- 18.00 Meistarad. - Meistaramörk
- 18.30 PSG - Barcelona BEINT
- 20.45 Meistarad. - Meistaramörk
- 21.15 Porto - Bayern München
- 23.05 Njarðvík - KR
- 00.35 PSG - Barcelona
- 02.25 Meistarad. - Meistaramörk

SPORT 2

- 11.30 West Ham - Stoke
- 13.20 Premier League Review
- 14.15 QPR - Chelsea
- 16.00 Football League Show
- 16.30 Swansea - Everton
- 18.15 Liverpool - Newcastle
- 19.55 Man. Utd. - Man. City
- 21.40 Messan
- 22.55 Burnley - Arsenal
- 00.40 Premier League World

INN

- 20.00 Björn Bjarnason
- 20.30 Tölvur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi
- 21.30 Frá Haga í maga

STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Baby Daddy
- 20.10 The Gates
- 20.55 The 100
- 21.40 Supernatural
- 22.20 Hart of Dixie
- 23.05 Baby Daddy
- 23.25 The Gates
- 00.10 The 100
- 00.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram!
- 07.24 Svampur Sveins
- 07.45 Elías
- 07.55 UKI
- 08.00 Kalli á þakinu
- 08.22 Brunabíllarnir
- 08.47 Skoppa og Skríttla
- 09.00 Strumparnir
- 09.25 Ævintýri Tinna
- 09.47 Töfrahetjurnar
- 10.00 Könnuðurinn Dóra
- 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 10.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveins
- 11.45 Elías
- 11.55 UKI
- 12.00 Kalli á þakinu
- 12.23 Brunabíllarnir
- 12.48 Skoppa og Skríttla
- 13.00 Strumparnir
- 13.25 Ævintýri Tinna
- 13.50 Töfrahetjurnar
- 14.00 Könnuðurinn Dóra
- 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 14.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 14.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveins
- 15.45 Elías
- 15.55 UKI
- 16.00 Kalli á þakinu
- 16.22 Brunabíllarnir
- 16.47 Skoppa og Skríttla
- 17.00 Strumparnir
- 17.25 Ævintýri Tinna
- 17.50 Töfrahetjurnar
- 18.00 Könnuðurinn Dóra
- 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 18.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 18.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 19.00 Puss N'Boots

GULLSTÖÐIN

- 18.40 Friends
- 19.05 New Girl
- 19.30 Modern Family
- 19.55 The Big Bang Theory
- 20.20 Heimsókn
- 20.40 Geggjaðar græjur
- 21.00 Broadchurch
- 21.50 Cold Case
- 22.35 1600 Penn
- 22.55 Ally McBeal
- 23.40 Heimsókn
- 00.00 Geggjaðar græjur
- 00.20 Broadchurch
- 01.05 Cold Case
- 01.50 1600 Penn
- 02.10 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.30 Do-Deca-Pentathlon
- 13.50 One Direction. This is Us
- 15.25 Battle of the Year
- 17.15 Do-Deca-Pentathlon
- 18.35 One Direction. This is Us
- 20.10 Battle of the Year
- 22.00 Braveheart
- 00.55 For a Good Time, Call ...
- 02.20 Conan the Barbarian
- 04.10 Braveheart

RÚV

- 16.35 Blómabarnið
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Gló magnaða
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Finni kostur
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Heilabrot
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Skólahreysti 2015
- 20.30 Neyðarvaktin
- 21.15 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Helförin með augum Hitchcocks
- 23.35 Horfinn
- 00.35 Kastljós
- 00.55 Fréttir
- 01.10 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 13.50 Cheers
- 14.15 Parenthood
- 14.55 Minute to Win It
- 15.40 Biggest Loser Ísland - upphitun
- 16.15 The Biggest Loser - Ísland
- 17.50 Dr. Phil

The Tonight Show

- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers
- 20.10 The Odd Couple
- 20.35 Benched
- 21.00 Madam Secretary
- 21.45 Blue Bloods
- 22.30 Fleming
- 23.15 Scandal
- 00.00 American Crime
- 00.45 Madam Secretary
- 01.30 Blue Bloods
- 02.15 Fleming
- 03.00 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 Golfing World 2015
- 08.50 2015 Augusta Masters
- 12.50 Golfing World 2015
- 13.40 2015 Augusta Masters
- 17.40 Golfing World 2015
- 18.30 2015 Augusta Masters
- 23.30 Golfing World 2015

HRINGBRAUT

- 10.00 Fólk með Sirrý (e)
- 11.00 Atvinnulífið (e)
- 11.30 Neytendavaktin (e)
- 12.00 Fólk með Sirrý (e)
- 13.00 Atvinnulífið (e)
- 13.30 Neytendavaktin (e)
- 16.00 Fólk með Sirrý (e)
- 17.00 Atvinnulífið (e)
- 17.30 Neytendavaktin (e)
- 18.00 Fólk með Sirrý (e)
- 19.00 Atvinnulífið (e)
- 19.30 Neytendavaktin (e)
- 20.00 Mannamál
- 21.00 Heimsljós
- 21.30 433.is
- 22.00 Mannamál (e)
- 23.00 Heimsljós (e)
- 23.30 433.is (e)

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

FM 90,1

- Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

FM 95,7

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7

- X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5

- K100
- FM 102,9 Lindin

RIGG
VIÐBURÐIR



70 ára 1945-2015
VILHJÁLMMUR
VILHJÁLMSOON

Friðrik Ómar flytur öll bestu lög Vilhjálms ásamt stórhljómsveit
Rigg Viðburða, gestasöngvurum og dönsurum

3. sýning

ELDBORG

5. september 2015

Miðaverð frá 5900.-

„Sýning sem nærir hjartað
ekki síður en andann.“
GUÐLAUG FJÓLA ARNARDÓTTIR
Gagnrýnandi Fréttanetsins

Útsetningar
Karl Olgeirsson

Miðasala hefst 17. apríl kl. 10:00 á www.harpa.is og í síma 528-5050



Miðasala einnig í afgreiðslunni í Hörpu alla virka daga frá 09:00-18:00

www.rigg.is

rigg@rigg.is

www.facebook.com/riggvidburdir

BESTI DRYKKURINN



Kaffi, vatn og ítalskt rauðvín.

Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona.

Safna fyrir Frú Ragnheiði og Konukot

Í kvöld verða haldnir tónleikar til styrktar skaðaminnkunarverkefnum Rauða kross Íslands á Kexi Hosteli.

Það eru skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins, Frú Ragnheiður, heilsugæsla á hjólum fyrir jaðarhópa, og Konukot, sem er næturathvarf fyrir heimilislausar konur, sem njóta góðs af styrktartónleikunum sem haldnir verða í kvöld. Fram koma Vicious And Delicious, Blaz Roca, Alvia Islandia, Emmsjé Gauti, Úlfur Úlfur og Reykjavíkurdætur.

„Rauði krossinn kom til okkar með þetta verkefni og okkur Reykjavíkurdætrum fannst þetta skemmtilegt og markvert málefni sem er þarft í samfélaginu í dag. Það vita flestir sem eiga aðstandendur sem eru í neyslu,“ segir Sólveig Pálsdóttir, ein Reykjavíkurdætra. „Það er í okkar

manifesto að styrkja góð málefni, sérstaklega ef um konur eða börn er að ræða. Og þegar ríkisstjórnin er ekki að sinna fólkinu, þarf fólkið að sinna fólkinu sínu.“

„Mér finnst algjört móst að ýta undir svona starfsemi. Þegar fólk þarf á hjálp að halda þá er bara svo sjálfsagt að taka þátt,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti, sem einnig kemur fram á tónleikunum og gefa allir listamenn vinnuna sína. Verkefni eru bæði rekin af Rauða krossinum með aðstoð velferðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar sem fjármagna um helming rekstrarkostnaðar. Húsið verður opnað klukkan 19.00 og kostar 1.500 krónur inn.



LEGGJA SITT AF MÖRKUM Reykjavíkurdætrum finnst mikilvægt að leggja málefni sem þessu lið.

Áttu von á gestum



MEIRA Á dorma.is

ROMA svefnsofi

Ljósgrátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
B: 200 cm. D: 100 cm. H: 50 cm.
Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 89.900 kr.



Tilboðsverð 79.900 kr.



RUBEN svefnsofi með tungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 240 x 160 cm.

Fullt verð: 139.900 kr.

AFSLÁTTUR
40.000
KRÓNUR

Tilboðsverð 99.900 kr.



MIAMI hornsvefnsofi með tungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 240 x 225 cm. H: 80 cm.

Fullt verð: 169.900 kr.

AFSLÁTTUR
20.000
KRÓNUR

Tilboðsverð 149.900 kr.

Skalf og hágrét eftir óvæntu fréttirnar

Katrín Björgvinsdóttir fékk áfall við inngöngu í Den Danske Filmskole.

„Ég sat á fimmtán manna fundi þegar ég fékk póstinn frá skólanum að tilkynna mér að ég hefði komist inn og ég bara gjörsamlega brotnaði niður,“ segir Katrín Björgvinsdóttir, en hún er ein af sex einstaklingum sem fengu inngöngu í danska kvikmyndaskólann, Den Danske Filmskole, í Kaupmannahöfn. „Ég byrjaði að skjálfa og hágrenja og óskraði svo á Baldvin leikstjóra sem ég er að vinna með. Hann fékk áfall og hélt hreinlega að allir sem ég þekki væru dánir. Ég tilkynnti honum svo á milli ekkasoga að ég hefði komist inn í skólann,“ segir Katrín og hlær. Hún segist ekki hafa verið búin undir fréttirnar og segir þetta hafa komið sér gríðarlega á óvart. „Eftir fréttirnar reyndi ég að einbeita mér í vinnunni og sat á fjögurra tíma fundi, enn í sjokki,“ segir Katrín.

Skólinn er einn fremsti kvikmyndaskóli á Norðurlöndunum og mun Katrín stunda nám í leikstjórn. „Það verður frábært að fara að einbeita sér að þessu. Þetta hefur verið mjög erfitt og dýrt ferli, enda hef ég farið fjórum sinnum út á þessu ári í viðtöl, námskeið og skrifleg próf,“ segir Katrín og hefur meðal annars tekið þátt í vikulöngu námskeiði á vegum skólans. Hún hefur unnið við framleiðslu á ýmsum verkefnum frá árinu 2006 og skrifaði meðal annars handrit og framleiddi þættina Hæ Gosi. Hún segist þó spennt að færa sig yfir á listrænni braut. Katrín er að vinna hjá Saga Film að þriðju seríu af sakamálaþáttunum Rétti. Hún heldur síðan út í skólann í september, en námið er fjögur ár. Den Danske Filmskole var stofnaður árið 1966 og býður upp á fjölbreyttar námsleiðir í tengslum við kvikmyndir, sjónvarp og gerð handrita. Aðeins 96 stunda nám við skólann og því ljóst að erfitt er að komast inn og umsóknarferlið er langt. Meðal nemenda sem útskrifast hafa úr skólanum er þekkti danski leikstjórinn Lars Von Trier.

- ag



FRÉTTIRNAR KOMU Á ÓVART Katrín Björgvinsdóttir er fjórði Íslendingurinn til að komast inn í hinn virta kvikmyndaskóla Den Danske Filmskole.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dagur Kári Pétursson stundaði nám við skólann frá 1995-1999. Hann er einn þekktasti leikstjóri

Íslendinga og leikstjórn myndum líkt og Nói Albinói og Voksne mennesker. Nýjasta mynd hans, Fúsi, er nú sýnd í kvikmyndahúsum. Dagur starfar sem deildarstjóri leikstjórnardeildar skólans.



Rúnar Rúnarsson var í skólanum frá 2005-2009. Hann hefur leikstýrt myndunum Eldfjall og Síðasti bærin, sem

tilnefnd var til Óskarsverðlauna í flokknum leiknar stuttmyndir árið 2006. Hann vinnur nú að kvikmyndinni Prestir.



Elsa María Jakobsdóttir var fyrsta íslenska konan til að komast inn í leikstjórnarnám

í skólanum. Hún hóf nám árið 2013 og hafði á undan því sinnt ýmsum verkefnum innan kvikmyndagerðar hjá Zik Zak kvikmyndum.



Einbeita sér að akureyrskum vörum

Verslunin Búðin okkar sérhæfir sig í vörum sem gerðar eru á Akureyri

Rétt fyrir páska var opnað á Akureyri lítil verslun sem heitir því einfalda nafni Búðin okkar. Hún er sérstök fyrir þær sakir að í henni fást einungis vörur sem eru búnar til á Akureyri.

„Okkur sem vinnum hérna er búið að langa lengi til þess að opna verslun með þeim vörum sem við erum að gera, svo við létum bara verða af því,“ segir Helga Jósepsdóttir, verkfnastjóri hjá Grasrótinni, skapandi samfélagi á Akureyri.

Búðin okkar er til húsa í húsnæði Grasrótinnar við Hjalteyrargötu,

en þar getur fólk leigt aðstöðu til þess að þróa og vinna að skapandi verkefnum sínum. Helga segir ótrúlega mikið magn af vörum koma frá Akureyri.

„Það eru um 60 manns sem leigja aðstöðu hér og um helmingur er með vörur í versluninni. Við myndum vilja hafa fleiri en höfum ekki pláss,“ segir hún. Verslunin er einungis opin einu sinni í viku, á fimmtudögum frá 17-21.

„Það er svo þægilegt, fólki vantar oft gjafavöru fyrir helgina. Þá er þetta tilvalið.“

-asi



GLÆSILEG Helga hress í versluninni Búðinni okkar.

Holtgöðrum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn ræstast

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördis Zoëga Hjördis@365.is, Sigfríður Órn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólaf Þorsteinsdóttir svansi@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is, FÓLK/LÍFIÐ/SERBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SERBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is, RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrafnar Helgason hrafnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is, ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



„Hárbeitt og bráðfyndin...
Framúrskarandi nýtt íslenskt leik-
verk í frumlegri uppsetningu.“

S.J. - Fréttablaðið

“Hörkusýning þar sem allt gengur
upp og smellur saman.”

D.K. - Djöflaeyjan

„Hér mætast væmnin og
pönkið, virkilega áhrifamikil og
bráðskemmtileg sýning.“

p.E.S. Víðsjá

„Klisjulaus kvenleiki“

H.S. & K.V. - Knuz



„Hrá ögrandi og
ógnvekjandi“

B.L. - DV

„Grátlega fyndin og
leikurinn svakalega góður...
Geðveik sýning.“

S.A. - TMM



„Kröftug, fyndin og átakanleg...
mögnuð uppfærsla.“

S.B.H. - Morgunblaðið

HYSTORY



NÝTT ÍSLENSKT VERK EFTIR KRISTÍNU EIRÍKSDÓTTUR

Fös 17/4 kl. 20 aukas.
Sun 19/4 kl. 20 aukas.

Fös 24/4 kl. 20 UPPSELT
Mið 29/4 kl. 20 UPPSELT

Fös 8/5 kl. 20 aukas.
Fim 14/5 kl. 20 örfá sæti

Fös 15/5 kl. 20
Mið 20/5 kl. 20 aukas.

SOKKABANDIÐ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS



Borgarleikhúsið

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eiga von á barni

Pingmaðurinn **Haraldur Einarsson** á von á barni með unnustu sinni, Birnu Harðardóttur. Haraldur sagði stoltur frá þessu á Facebook-síðu sinni. „Ég er rífandi stoltur. Elsku Birna mín gengur með dreng undir belti,“ skrifaði hann og birti nokkrar myndir með af unnustu sinni, sónarmynd og miða þar sem á stóð að drengur væri á leiðinni.

Þau Haraldur og Birna trúlofuðu sig í september síðastliðnum og birtu mynd af sér á Facebook af því tilefni þar sem þau stóðu fyrir utan Alþingishúsið. Birna á eina dóttur fyrir.



-vh

Gardínujakkafötin óvinsæl

„Hvað er í alvörunni að fokking gerast á þessu landi?“ skrifar **Guðmundur Jörundsson** fatakönnuður á fésbókarsíðu sinni við mynd af **Ásmundi Einari Daðasyni**, þingmanni Framsóknarflokksins. Pingmaðurinn mætti í sérsniðnum jakkafötum sem hann lét sauma úr gardínuefni á flokkspingshólf Framsóknarflokksins um síðustu helgi. Það er því ljóst að Guðmundi þótti ekki mikið til hönnunarframtaks framsóknarmannsins koma.

-je



Mest lesið **VÍSIR**


- 1 Sigmundur Davíð fjarverandi á Alþingi en reyndist lukkudýr íshokklandsliðsins
- 2 Sautján ára stúlka í gæsluvarðhaldi
- 3 „Það væri glæpur gegn mannkyninu ef hvítir myndu hverfa“
- 4 Segir að við séum að glata hluta af sjálfstæði okkar aftur til Dana
- 5 Ólétt af fjórburum: „Maður lætur ekki 65 ára gamla konu ganga með fjögur börn“
- 6 Páll Pétursson hefur ekkert samvisku-bit vegna Forsvarsmálsins

**GRÖN
BALANCE**

Hafðu það grænt
og njóttu lífsins

Grøn Balance
fæst í Krónunni

KRÓNAN



Boltinn er í þínum

HÖNDUM

Nýttu þér frábært tilboð á Domino's í apríl, þú gætir unnið ferð fyrir tvo á Evrópumótið í körfubolta.

★ ★ FERÐ FYRIR TVO Á ★ ★

EVROPUMÓTIÐ Í BERLÍN

Heppinn viðskiptavinur vinnur ferð fyrir tvo á Evrópumótið í körfubolta í september þar sem Ísland verður í eldflunnunni. Innifalið er flug, gisting og miðar á mótið fyrir tvo.



KÖRFU TILBOÐ

STÓR PIZZA AF MATSEÐLI, 2 LÍTRA GOS
OG GOTT AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS

2.999 KR.

Ef þú sækir.

